


skoðun 20

SÉRBLAÐ
í Fréttablaðinu
Allt








# FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

FIMMTUDAGUR

20. maí 2010 — 117. tölublað — 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000




## Dæmdi bjór í Chicago

*Guðmundur Mar Magnússon dæmdi fyrstur Íslendinga á World Beer Cup.*

**tímamót** 28

## Íslenskt hárvit

*Þýskt tímarit lagði sextán síður undir brúðargreiðslur Írisar Sveinsdóttur.*

**allt** 6



## Í lélegu formi

*Landsliðsþjálfarinn segir Eið Smára ekki í nógu góðu formi fyrir landsliðið.*

**íþróttir** 46

## veðrið í dag




**ÚRKOMA VÍÐA** á landinu í dag en þó að mestu þurrt á Norðvestur- og Vesturlandi og léttir heldur til þar. Vindur verður fremur hægur og hiti víða á bilinu 5 til 15 stig, hlýjast á norðausturhorninu.

**veður** 4



**SÓTSVARTUR SKÓGAFOSS** Eðjuflóð niður af Eyjafjallajökli stóð fram eftir degi í gær og litaði Skógafoss í Skógá svartan. Flóðið gekk í Svaðbælisá og flæddi yfir varnargarðana við bæinn Þorvaldseyri. Það er talið stafa af rigningarvatni sem skoli ösku og drullu af Eyjafjallajökli. Illa sást til jökulsins í gær, en með tækjabúnaði í flugvél Landhelgisgæslunnar sáust greinilegar brotalínur á upptakasvæðum flóðanna. **Sjá síðu 2**

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# 229 milljarðar fyrir lækkun höfuðstóls

**Viðskiptaráðherra segir of dýrt að lækka höfuðstól húsnæðislána um tuttugu prósent. Formaður Framsóknarflokksins segir rök ráðherrans vera vitleysu.**

**ALÞINGI** „Það hefur alltaf verið afstaða mín að þetta væri alls ekki eðlileg leið til að takast á við vandann. Beita þurfi markvissari úrræðum sem taka sérstaklega á þeim sem standa illa," segir Gylfi Magnússon, efnahags- og viðskiptaráðherra, um tuttugu prósenta flata lækkun á höfuðstól verðtryggðra lána í krónum.

Í skriflegu svari Gylfa við fyrirspurn Sigríðar Ingibjargar Ingadóttur, þingmanns Samfylkingarinnar, kemur fram að flöt afskrift lána Íbúðalánasjóðs, Lánasjóðs íslenskra námsmanna, lífeyrissjóða og banka og sparisjóða muni kosta 229 milljarða króna.

Í svarinu kemur fram að niðurfelling skulda muni hafa áhrif á fjárhag ríkisins. Í ofanálag þyrfti ríkissjóður meðal annars að gangast í ábyrgðir eða hækka mótframlög vegna niðurfærslu á höfuðstól Lífeyrissjóðs ríkisstarfsmanna og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga auk þess sem greiðslur myndu skerast til lífeyrisþega almennra lífeyrissjóða.

„Það er merkilegt að menn skuli halda fram svona vitleysu," segir Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins. Hann bendir á að gera verði ráð fyrir afskriftum vegna vanskila. Við það yrðu lánasöfn heilbrigðari auk þess sem velta myndi aukast í hagkerfinu. „Þetta snýst um að lækka kröfur sem ekki er innistæða fyrir," segir Sigmundur og vísar til þess að í fjármála- og fasteignakreppunni í Japan við upphaf tíunda áratugar síðustu aldar hafi lán ekki verið afskrifuð heldur lengt í þeim, allt til hundrað ára.

> „Þegar við höfum úr þröngri stöðu að spila þurfum við að beina kröftunum mjög afmarkað að þeim sem þurfa á aðstoð að halda."
>
> **GYLFI MAGNÚSSON** EFNAHAGS- OG VIÐSKIPTARÁÐHERRA

„Þetta hefur orðið til þess að nánast enginn hagvöxtur hefur mælst í Japan í tuttugu ár. Það er einungis vegna þess að skuldir liggja eins og farg ofan á hagkerfinu. Þetta hefur kostað landið miklu meira en ef þeir hefðu leiðrétt skuldirnar," segir hann.

Gylfi bendir þvert á móti á að aðgerðir hins opinbera eigi að nýtast fremur þeim sem þurfi á hjálp að halda en hinum. „Þegar við höfum úr þröngri stöðu að spila þurfum við að beina kröftunum um mjög afmarkað að þeim sem þurfa á aðstoð að halda," segir hann. Flöt afskrift á höfuðstól verðtryggðra lána sé dýr aðgerð á kostnað hins opinbera. „Þær lenda óhjákvæmilega á herðum almennings. Nóg er á hann lagt."

**- jab /** **sjá síðu 6**




Sviptingar í fylgi flokka á Ísafirði samkvæmt könnun:

# Í-listi fær meirihluta

**KÖNNUN** Meirihluti Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks á Ísafirði er fallinn, samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 sem gerð var í gærkvöldi. Í-listinn fær hreinan meirihluta bæjarfulltrúa samkvæmt könnuninni.

Í-listinn, sameiginlegt framboð Samfylkingar, Vinstri grænna, Frjálslyndra og óháðra á Ísafirði, fær fimm bæjarfulltrúa af níu samkvæmt könnuninni, en er með fjóra fulltrúa í dag. Sjálfstæðisflokkur tapar einum bæjarfulltrúa og fær þrjá kjörna. Framsóknarflokkurinn heldur sínum eina manni samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar.

Kammónistalistinn, nýtt framboð menntskælinga á Ísafirði, fær ekki nægan stuðning bæjarbúa til að ná manni inn í bæjarstjórn.

**- bj /** **sjá síðu 8**

SVEITARSTJÓRNARKOSNINGAR
ÍSAFJÖRÐUR









**SPURNING DAGSINS**



*Gunnlaugur, er Perlan þá bara eignabóla?*

„Nei, ég held að Perlan standi bara föstum fótum á tönkunum.“

Gunnlaugur Júlíusson, sviðsstjóri hjá Sambandi sveitarfélaga, gagnrýnir hvernig sveitarfélög blása út efnahagsreikninga með því að reikna inn lóðir og fasteignir sem aldrei sé ætlunin að selja.

Hópur franskra kvenna mótmælir fyrirhuguðu slæðubanni:

# Segja bannið loka konur inni

**FRAKKLAND, AP** Slæðubannið, sem franska þingið fær brátt til meðferðar, mun breyta lífi nærri tvö þúsund kvenna þar í landi sem dags daglega ganga með slæðu fyrir andlitinu að íslömskum sið.

Franskir ráðamenn telja víst að bannið muni breyta lífi þessara kvenna til hins betra, en sumar kvennanna eru á öðru máli.

Þær spá því að áhrif laganna á líf kynsystra þeirra muni birtast í því að konur haldi sig að mestu innandyra. Sumar segjast ætla að fara með málið fyrir mannréttindadómstól Evrópu ef þær verða handteknar vegna slæðuburðar. Nokkrar þessara kvenna ræddu við fréttamenn á þriðjudag, daginn áður en Michelle Alliot-Marie dómsmálaráðherra kynnti frumvarpið á ríkisstjórnarfundi.

„Verði lögin samþykkt, tek ég ekki niður slæðuna,“ sagði Najat, fráskilin kona. Najat, sem á franska móður og marokkóskan föður, segist hafa hulið andlit sitt slæðu undanfarin tíu ár, og þar sem hún sé einstæð móðir geti enginn haldið því fram að eiginmaður hennar eða aðrir karlar stjórni klæðaburði hennar. **- gb**



**VEIFAR VEGABRÉFI** Franskar konur klæddar Niqab, alklæðnaði með andlitsblæju sem hylur allt nema augun. NORDICPHOTOS/AFP

Konur fleiri á leikskólum:

# Karlar eru 4% starfsmanna

**MENNTUN** Karlmenn eru í miklum minnihluta meðal starfsmanna á leikskólum, að því er fram kemur í samantekt Hagstofu Íslands. Konur eru 96 prósent starfsmanna leikskóla en karlmenn aðeins um fjögur prósent.

Hlutfall karla hefur þó aukist á undanförnum árum. Árið 1998 voru karlmenn tvö prósent starfsmanna leikskóla. Til samanburðar eru 18,3 prósent starfsmanna í grunnskólum karlar og 41,6 prósent í framhaldsskólum. Eins og áður starfa hlutfallslega flestir karlar á leikskólum við þrif. **- bj**

# Tunga og hjarta þykir lostæti ytra

**Nýuppgert hrefnuveiðiskip kom í gær í land með fyrsta feng nýhafinnar vertíðar hrefnuveiðimanna. Til stendur að veiða 80 dýr. Kjötið fer á innanlandsmarkað. Tungur og hjörtu eru nú hirt í fyrsta sinn og ætluð til útflutnings.**

**HVALVEIÐAR** Hrafnreyður KÓ-100, nýuppgert skip Hrefnuveiðimanna ehf. kom að landi í gærmorgun með fyrstu hrefnu sumarsins. Skipið hélt til veiða deginum áður frá Kópavogshöfn og hafði samdægurs fengið útgefið haffærisskírteini.

Dýrið, tæplega átta metra langur tarfur, er það fyrsta sem veitt er á Hrafnreyði. H var kominn í kjötborð verslana í um hádegisbil.

Gunnar Bergmann Jónsson, framkvæmdastjóri Félags hrefnuveiðimanna, var með í fyrstu för skipsins á hvalveiðar. „Aðallega er það til að fylgjast með og hjálpa til. Við ætlum nú í fyrsta sinn að skera úr hrefnunni bæði tungu og hjarta,“ sagði hann áður en lagt var úr höfn. Kjötið fer á innanlandsmarkað, en tungu og hjörtu eru seld til fyrirtækis sem svo aftur selur þau úr landi. Gunnar segir hjartað og tunguna þykja sérstakt lostæti í Japan og sjálfsagt að nýta sóknarfæri í að selja þá hluta skepnunnar úr landi. „Þetta hefur ekkert verið nýtt hér heima.“

Gunnar segir að því stefnt að undir haust verði Hrafnreyður búin að veiða 80 dýr. Kvóti vertíðarinnar er hins vegar 200 dýr.

Hrafnreyður er annar báturinn til að halda af stað á þessari vertíð, en Dröfn RE hélt til fyrstu veiða í apríllok. Hrafnreyður var samt fyrri til með feng að landi, því Dröfn var kölluð í önnur verkefni.

Gunnar segir stefnt að því að nýta innyfli skepnunnar eins og hægt er, lifur þar á meðal, en einnig þekkist að bein séu seld í handverk. Til dæmis hafi listamaðurinn Matthew Barney, eiginmaður Bjarkar Guðmundsdóttur, í fyrra fest kaup á rifbeinum hvals. „Hann notaði þau í handrið,“ segir Gunnar.

Undanfarnar vikur hefur verið unnið að því að gera Hrafnreyði haffæra, en báturinn er hinn vistlegasti eftir endurbæturnar. Þegar hvalur hefur verið skotinn er hann dreginn á dekk við skut skipsins og skorinn þar í bita.

Kjöt og annað nýtilegt er svo fært niður á millidekk í frekari aðgerð og kælingu.

Fimm til átta eru í áhöfn í hverri ferð og vistarverur áhafnar vistlegar, í þremur litlum káetum með kojum.

Á vefnum hrefna.is kemur fram að Hrafnreyður verði við veiðar á Faxaflóa út maí, en síðan sé áætlað að fara á önnur svæði. Kjötið fer í kjötvinnslu Hrefnuveiðimanna í Kópavogi. Þar er því pakkað og selt í verslanir og veitingahús.

**olikr@frettabladid.is**



**GUNNAR BERGMANN JÓNSSON** Gunnar, sem er framkvæmdastjóri Félags hrefnuveiðimanna, fór á veiðar í gær til að hafa umsjón með aukinni nýtingu á hrefnum sem veiðast. Hér mundar hann nýuppsetta byssuna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**HRAFNREYÐUR KÓ-100** Nýuppgert skip Hrefnuveiðimanna ehf. er ekki ósvipað á litinn og hrefnan sjálf sem því er ætlað að veiða. Gert er út frá Kópavogshöfn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fórnarlömb fá bætur frá ríkinu:

# Pólitísk sátt um sanngirnisbætur

**STJÓRNMÁL Alþingi samþykkti samhljóða á þriðjudagskvöld frumvarp forsætisráðherra um sanngirnisbætur til þeirra sem urðu fyrir varanlegum skaða vegna illrar meðferðar eða ofbeldis á tilteknum stofnunum eða heimilum á vegum ríkisins.**

**Getur einstaklingur fengið allt að sex milljónum króna.**

**Mælt var fyrir frumvarpi til laga um bæturnar í lok mars og voru gerðar á því lítilsháttar breytingar í allsherjarnefnd. Breiður pólitískur stuðningur var við málið.** **- bþs**

Breytt skipulag stofnana:

# Stjórnir verði endurvaktar

**STJÓRNMÁL** Stjórnir heilbrigðisstofnana verða endurvaktar nái tillaga nokkurra þingmanna, með Ásmund Einar Daðason, VG, í fararbroddi, fram að ganga.



**ÁSMUNDUR EINAR DAÐASON**

Heilbrigðisstofnanir höfðu sérstakar stjórnir allt til ársins 2003 þegar þær voru aflagðar. Telja flutningsmenn mikilvægt að þær verði settar á fót á ný svo samhæfa megi betur starfsemi heilbrigðisstofnana og áherslur í störfum sveitarfélaga og styrkja megi stöðu heilsugæslunnar og auka nærþjónustu innan heilbrigðiskerfisins. **- bþs**

**ALÞINGI**

**Vill fund um kvótasölubann**

Sigurður Ingi Jóhannsson, Framsóknarflokki, vill að sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd komi saman og fjalli um nýsetta reglugerð um bann við viðskiptum með mjólkurkvóta til 1. desember.



**BJÖRGUNARSTÖRF** Skjaldbökurnar eru sjaldgæfar grænar sæskjaldbökur. Fimm af sex tegundum sæskjaldbaka í heiminum eiga heimkynni við Indónesíu. NORDICPHOTOS/AFP

Fundu skjaldbökur í geymslu:

# Björguðu sæskjaldbökum frá slátrun

**INDÓNESÍA** 71 sæskjaldböku var bjargað frá því að enda á borðum matgæðinga á eynni Balí í Indónesíu. Lögreglan þar í landi handtók kaupmann þegar grænar risaskjaldbökur fundust í vöruhúsi hans í Denpasar-borg. Maðurinn sagðist hafa keypt skjaldbökurnar af sjómönnum sem hefðu veitt þær undan Sulawesieyju. Skjaldbökurnar voru að meðaltali metri að stærð. Skjaldbökukjöt þykir mesta góðgæti í Balí en verslun með skjaldbökur hefur verið bönnuð vegna þess að þær eru í útrýmingarhættu. **- sbt**

**ÞJÓÐKIRKJAN**

**Arna Ýrr í Glerárkirkju**

Valnefnd Glerárprestakalls ákvað á fundi sínum á þriðjudag að leggja til að séra Arna Ýrr Sigurðardóttir verði skipuð prestur í Glerárprestakalli. Hún hefur verið prestur við Langholtskirkju.

Rigningarvatn skolaði ösku og drullu ofan af Eyjafjallajökli:

# Eðjuflóð skemmdi varnargarða

**HAMFARIR** Eðjuflóðið í Svaðbælisá stóð yfir fram eftir degi í gær. Það hófst í gærmorgun, en hafði sjatnað talsvert síðdegis að sögn Ólafs Eggertssonar, bónda á Þorvaldseyri.

„Það flæddi yfir varnargarðana hjá Þorvaldseyri á um 150 metra kafla í skamman tíma,“ segir Ólafur. „Þeir voru lélegir fyrir eftir að hafa skemmst í fyrra flóðinu, en skemmdust enn frekar við þessa gusu. Þeir halda þó að mestu leyti en það má engu muna.“

Ólafur segir að flóðið virðist stafa af rigningarvatni sem sé að skola niður af Eyjafjallajökli drullu og ösku, sem bæti svo einnig í á leiðinni niður af honum.

Skyggni til jökulsins var ekkert í gær en á ratsjármyndum sem flugvél Landhelgisgæslunnar TF- Sif tók á flugi yfir jökulinn í gærmorgun sjást greinilega brotlínur á upptakastöðum flóðanna í allt að 1200 metra hæð. Svæðið sem flóðið kom frá er um 4 til 5 ferkílómetrar, að því er segir í tilkynningu frá almannavarnadeild ríkislögreglustjóra. Aska þarf að innihalda um 20 til 30 prósent vatn til að aurflóð geti myndast en mikil rigning hefur verið á þessu svæði að undanförnu. Hliðstæðir atburðir geta átt sér stað á öðrum vatnsvæðum jökulsins. Vinna er hafin við að styrkja varnargarðana við Þorvaldseyri. **- jss**



**EÐJAN SETT Á FLÖSKUR** Hilmar Hróðmarsson, starfsmaður Veðurstofu Íslands, vann að sýnatöku í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




LGG+ STYRKIR VARNIR LÍKAMANS

Fjöldi klínískra rannsókna hefur sýnt fram á virkni LGG+ gerla. Þeir hafa margvísleg jákvæð áhrif á varnir líkamans og hafa m.a. jákvæð áhrif á meltingarveginn og styrkja ónæmiskerfið.

www.ms.is/lgg

HVITA HUSID/SIA – 09-0984



Kringlan
Opið til 21 í kvöld
NÝJAR VÖRUR
20-50% afsláttur
«þriðjudag til laugardags»
nýtt kortatímabil
Kringlukast
**Mán til mið** 10–18.30, **fim** 10–21, **fös** 10–19, **lau** 10–18, **sun** 13–18 | Sími 517 9000
Komdu í heimsókn
JÓNSSON & LE'MACKS • JL.IS • SÍA

**GENGIÐ 19.05.2010**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 131,48 | 132,1 |
| Sterlingspund | 187,42 | 188,34 |
| Evra | 160,1 | 161 |
| Dönsk króna | 21,515 | 21,641 |
| Norsk króna | 20,504 | 20,624 |
| Sænsk króna | 16,625 | 16,723 |
| Japanskt jen | 1,4404 | 1,4488 |
| SDR | 192,09 | 193,23 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

206,1585

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Hæstiréttur telur úrskurði um handtökuskipanir ekki kæranlega:

# Kæru Sigurðar vísað frá dómi

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur vísaði í gær frá dómi kröfu Sigurðar Einarssonar, fyrrverandi stjórnarformanns Kaupþings, um að alþjóðleg handtökuskipun á hendur honum yrði afturkölluð. Dómurinn komst að þeirri niðurstöðu að ekki væri heimild fyrir því í lögum að kæra úrskurði af þessu tagi.

Sigurður, sem býr í Lundúnum, hefur neitað að verða við beiðni sérstaks saksóknara um að koma til Íslands í skýrslutöku. Saksóknari fékk því dómsúrskurð í héraði fyrir því að gefa út alþjóðlega handtökuskipun á hendur honum og hefur hann síðan verið eftirlýstur á vef Interpol.

Þessu vildi Sigurður ekki una og kærði úrskurðinn til Hæstaréttar.



SIGURÐUR EINARSSON

Í ljósi frávísunar Hæstaréttar stendur því handtökuskipunin og Sigurður er enn eftirlýstur. Hins vegar liggur fyrir að bresk lögregluyfirvöld hyggjast ekki handtaka Sigurð fyrr en þegar og ef hann verður ákærður. Hann verður þó handtekinn ef hann yfirgefur Bretland.

Hæstiréttur staðfesti í gær farbannsúrskurð yfir Hreiðari Má Sigurðssyni til 28. maí. Í fyrradag staðfesti Hæstiréttur farbannsúrskurð yfir Magnúsi Guðmundssyni, fyrrverandi bankastjóra Kaupþings í Lúxemborg, til 28. maí. Þá var farbann yfir Steingrími Kárasyni, fyrrverandi yfirmanni áhættustýringar bankans, framlengt í héraði í gær til sama dags. **- sh**

Vísar bónuskröfu til dóms:

# Krefst 490 milljóna í bónus

**DÓMSMÁL** Steinþór Gunnarsson, sem var forstöðumaður á verðbréfasviði Landsbankans, hefur vísað til dóms kröfu um að fá 490 milljónir króna sem hann telur sig eiga í ógreiddan bónus frá árinu 2007.

Slitastjórn Landsbankans hafnaði kröfunni. Í fréttum Stöðvar 2 kom fram að árið 2007 fékk Steinþór greiddar rúmlega 200 milljónir í bónus. Jafnframt kom fram að bónusar hefðu á tilteknum tímabilum verið hærri en tekjur verðbréfasviðsins. **- bþs**

Kanslari brýnir þýska þingið:

# Evrópa bregst ef evran fellur

**BERLÍN, AP** „Það er okkar sögulega verkefni. Ef evran bregst þá bregst Evrópa," sagði Angela Merkel, kanslari Þýskalands, þegar hún í gær hvatti neðri deild þingsins til að samþykkja hlut Þýskalands í eitt þúsund milljarða evra björgunarpakka í Evrópu.



ANGELA MERKEL

„Evran er í hættu. Ef við náum ekki að bægja henni frá þá verða afleiðingarnar óútreiknanlegar fyrir Evrópu og afleiðingarnar utan Evrópu eru óútreiknanlegar," sagði Merkel sem lét viðvörunarorð sín falla í kjölfar þess að Þjóðverjar settu nýjar reglur sem banna skortsölu á skuldabréfum stórra fjármálafyrirtækja og á hlutabréfum í þeim. **- gar**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Fimm á slysadeild

Flytja þurfti fimm manns á slysadeild eftir fjögurra bíla árekstur á gatnamótum Stekkjarbakka um kvöldmatarleytið í gær. Áreksturinn var heldur harkalegur en tildrög slyssins voru óljós í gær. Fólkið mun ekki hafa slasast alvarlega.

## LEIÐRÉTTING

Ranghermt var að séreignarsjóður Kaupþings hafi verið í umsjón Frjálsa lífeyrissjóðsins í Fréttablaðinu í gær. Séreignarsjóðurinn var í umsjón gamla Kaupþings og hafði Frjálsi lífeyrissjóðurinn enga aðkomu að fjárfestingarstefnu, rekstri og fjárfestingum hans. Þá var sjóðsfélögum heimilt að flytja inneign sína í annan séreignarsjóð. Beðist er velvirðingar á mistökunum.

# Seðlabankinn stígur ný skref eftir efnahagshrunið

**Seðlabanki Íslands hefur samið um kaup á fjórðungi af krónueignum erlendra aðila. Samningarnir hafa staðið yfir í tæpt eitt og hálft ár. Már Guðmundsson seðlabankastjóri telur líklegt að gengi krónunnar styrkist fyrr en áður var talið. Forsendur skapist til að lækka vexti frekar og draga úr gjaldeyrishöftum.**

**EFNAHAGSMÁL** Forsendur skapast til að draga úr gjaldeyrishöftum og lækka stýrivexti frekar í kjölfar samkomulags Seðlabanka Íslands og Lúxemborgar um kaup á íslenskum skuldabréfapakka sem setið hefur fastur ytra frá falli gamla Landsbankans í október 2008. Már Guðmundsson seðlabankastjóri undirritaði samninginn ásamt Yves Mersch, kollega sínum í Lúxemborg, í gær.

Pakkinn gengur undir nafninu Avens og samanstendur af íslenskum íbúðabréfum og innstæðum og jafngildir fjórðungi af krónueignum erlendra aðila og hefur Seðlabankinn í Lúxemborg verið fram til þessa stærsti einstaki erlendi eigandi íslenskra króna. Til að gefa einhverja mynd af umfangi viðskiptanna jafngilda kaupin tíu prósentum af öllum innstæðum í íslenska bankakerfinu.

Kaupverð nemur rúmum 120 milljörðum íslenskra króna. Greitt er með 402 milljóna evra skuldabréfi til fimmtán ára. Skuldabréfið ber breytilega millibankavexti (Euribor), sem eru um 0,6 prósent um þessar mundir, að viðbættu 2,75 prósenta álagi. Það er sama álag og á lánum Norðurlandanna til Íslands. Að viðbættu skuldabréfinu greiðir Seðlabankinn 35 milljónir evra í reiðufé og sex milljarða í íslenskum krónum.

Már Guðmundsson seðlabankastjóri reiknar með því að gengi krónunnar styrkist hraðar en ella vegna samningsins. Gengið styrkist um 1,7 prósent í gær, endaði í 217 stigum, og hefur það ekki verið sterkara síðan í byrjun apríl í fyrra.

Már segir samninginn marka mikilvægan áfanga hjá Seðlabankanum eftir efnahagshrunið: „Við erum að byrja að þróa aftur alvöru sambönd við erlenda seðlabanka og komast inn í klúbbinn aftur. Það eykur traustið almennt," segir hann og leggur áherslu á að Seðlabanki Lúxemborgar hafi sýnt ákveðinn velvilja, enda sé samningurinn hagstæður fyrir báða aðila.

Þegar viðskiptin ganga í gegn færist skuldabréfapakkinn að öllum líkindum inn í umsýslufélagið Eignasafn Seðlabankans. Engin ákvörðun hefur verið tekin um ráðstöfun hans. Það verður gert í gagnsæju og opnu ferli, samkvæmt upplýsingum frá bankanum. **jonab@frettabladid.is**



**SEÐLABANKASTJÓRAR SKIPTAST Á GJÖFUM** Már Guðmundsson seðlabankastjóri færði kollega sínum í gær tvær bækur um Ísland auk tveggja krukkna með ösku úr Eyjafjallajökli sem Magnús Tumi, bróðir hans, útvegaði. Á móti gaf Yves Mersch Má öskju með sérsleginni evrumynt með mynd af hauki. MYND/SEÐLABANKINN

## Keyptu undir aflandsgengi

„Það má reikna eitthvert gengi á skuldabréfið. Það er um 250 til rúmlega 280 krónur á evruna, allt eftir því hvernig núvirðið er reiknað. Þetta er birtingarmynd á því hversu samningurinn er hagstæður fyrir okkur," segir Már Guðmundsson seðlabankastjóri. Ein evra kostaði 275 krónur á aflandsmörkuðum í gær, samkvæmt upplýsingum netmiðilsins Keldan.

## Avens-pakkinn

Skuldabréfapakkinn sem Seðlabanki Íslands hefur nú keypt var settur saman af gamla Landsbankanum í Lúxemborg síðla árs 2008 þegar verulega hafði harðnað á dalnum á alþjóðlegum fjármagnsmörkuðum. Landsbankinn keypti mikið magn ríkisskuldabréfa hér á landi og lagði pakkann inn í Seðlabanka Lúxemborgar í skiptum fyrir lausafé. Þegar Landsbankinn féll í október 2008 sat Seðlabanki Lúxemborgar uppi með trygginguna. Skuldabréfastabbinn er fjórðungur af krónum í eigu erlendra aðila. Hefði hann verið settur á markað var lengi vel óttast að hann gæti komið niður á íslenskum skuldabréfa- og krónumarkaði. Viðræður um lausn mála hafa staðið yfir frá því um áramótin 2009.

Þetta er annar skuldabréfapakkinn af tveimur sem gamli Landsbankinn lagði inn í Seðlabanka Lúxemborgar í endurhverfum viðskiptum sínum við hann. Hinn nefnist Betula og samanstendur af veði í erlendum eignum.






## VEÐURSPÁ



**Ingibjörg Karlsdóttir** veðurfréttamaður

**HÆGUR VINDUR**

Það verður hægur vindur víðast hvar á landinu næstu daga. Lítið sést til sólar í dag en þó léttir heldur til norðvestanlands. Á morgun verður nokkuð bjart norðan- og austanlands og á laugardag lítur út fyrir bjart eða nokkuð bjart veður víða um land.



**Á MORGUN** Hæg breytileg átt eða hafgola.

**LAUGARDAGUR** Hæg breytileg átt eða hafgola.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 21° |
| Basel | 24° |
| Berlín | 19° |
| Billund | 17° |
| Frankfurt | 16° |
| Friedrichshafen | 13° |
| Gautaborg | 18° |
| Kaupmannahöfn | 18° |
| Las Palmas | 22° |
| London | 21° |
| Mallorca | 22° |
| New York | 25° |
| Orlando | 34° |
| Ósló | 21° |
| París | 22° |
| San Francisco | 16° |
| Stokkhólmur | 17° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*

Sýpris 999kr

Sólboði 699kr ~~990~~

Margarita 999kr ~~1.499~~

# SUMARHÁTÍÐ

BRJÁLUÐ TILBOÐ Í BLÓMAVALI OG HÚSASMIÐJUNNI

3.990 Blómakassi Platio 40x40 sm 604024

5.390 Blómakassi Platio 74x40 sm 604023

5.590 Blómakassi Rose 60x60 sm 604000

4.690 Blómakassi Rose 51x51 sm 604005

**Frábær** á skjólgirðingar og viðarklæðningar

5 ltr. 7.999 ~~9.495~~

Gori 44+ 5 ltr.
Hálfgagnsæ viðarvörn, frábær á allar viðarklæðningar og skjólgirðingar.
7042520-30

3 ltr. 2.490

Vinsælasta pallaolía á Íslandi

Jotun pallaolía 3 ltr.
Vinsælasta pallaolían á Íslandi.
7049123-33-37

40% AF ÖLLUM HiPoint GREINA- OG HEKKKLIPPUM

1.559 ~~2.599~~

Hekkklippur HiPoint
5084664

1.439 ~~2.399~~

Greinaklippur HiPoint 55 sm
5084669

20% AF ÖLLUM STUNGUGÖFFLUM

VERÐ FRÁ 1.839

Látum verkin tala!

**MEIRI ÞJÓNUSTA Í HÚSASMIÐJUNNI**

Timburmiðstöð Grafarholti opið til 18:00 alla daga
Verslun Skútuvogi, opið til 21:00 alla daga

blómaval HÚSASMIÐJAN

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.

## KJÖRKASSINN



*Kæmi til greina að þú hættir við að ferðast um Suðurland í sumar vegna eldgossins í Eyjafjallajökli?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 37,1% |
| NEI | 62,9% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hefur þú fylgst með fyrstu umferðunum í íslensku knattspyrnunni í sumar?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Forstjóri BYKO sendir frá sér yfirlýsingu vegna banaslyssins í Grafarvogi:

# Leiktækið tekið úr sölu eftir slysið

**SLYS** Sigurður E. Ragnarsson, forstjóri BYKO ehf., sendi frá sér yfirlýsingu í gær vegna slyss sem varð á laugardag í leiktæki sem verslunin seldi. Þriggja ára drengur slasaðist alvarlega og lést á mánudagskvöld á Barnaspítala Hringsins vegna áverka sem hann hlaut í slysinu.

Í yfirlýsingunni segir: „Um helgina varð sá hörmulegi atburður að ungt barn lést af slysförum. Við viljum votta aðstandendum okkar innilegustu samúð. [...] Þegar svona hörmulegir atburðir eiga sér stað er rétt að taka viðkomandi vöru úr sölu á meðan á rannsókn stendur, óháð því að varan uppfylli skilyrði og kröfur. Það gerðum við strax – okkur þykir það einfaldlega rétt að gera.“

Í yfirlýsingu Sigurðar kemur fram að leiktækið uppfylli staðla og kröfur sem gerðar eru um leiktæki til einkanota á einbýlislóðum eða lokuðum raðhúsalóðum. Þegar sala hófst á tækinu fyrir nokkrum árum var Löggildingarstofa fengin til að skoða tækið. Ítarlegar leiðbeiningar á íslensku fylgja um uppsetningu og notkun tækjanna, segir jafnframt í yfirlýsingu fyrirtækisins.

Hákon Hákonarson, afi drengsins, gagnrýndi í viðtali við Fréttablaðið í gær að kaðlarólur séu enn til sölu á Íslandi. Eins telur hann það rökleysu að leiktækið uppfylli öryggiskröfur. „Þegar keypt eru leiktæki fyrir lítil börn hlýtur maður að ganga að því vísu að tækið sé barnvænt en ekki stórhættulegt.“ - shá



**VERIÐ SELT UM ÁRABIL** BYKO hefur tekið leiktækið úr sölu á meðan að á rannsókn málsins stendur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Litháí skal til Færeyja:

## Vitni í smyglmáli sent utan

**DÓMSTÓLAR Litháískur karlmaður skal sendur héðan til Færeyja þar sem hann á að bera vitni í smyglmáli, samkvæmt dómi Hæstaréttar. Einn þriggja dómara skilaði sératkvæði og taldi skilyrðum fyrir brottvísun mannsins ekki fullnægt.**

**Maðurinn er í haldi hér á landi ásamt tveimur löndum sínum eftir að þrjú kíló af metamfetamíni og 4.200 e-töflur fundust í bíl sem var á leið til landsins með Norrænu. Tveir Litháar eru í haldi í Færeyjum og vilja Færeysk yfirvöld fá manninn héðan til þess að gefa skýrslu í málinu.** - jss

Borgarstjórn Reykjavíkur:

## Auglýst eftir sérfræðingum

**REYKJAVÍK** Borgarstjórn Reykjavíkur ætlar að auglýsa eftir sérfræðingum til að skipa þriggja manna nefnd til að gera rannsókn á stjórnkerfi og stjórnsýslu Reykjavíkurborgar.

Er það gert á grundvelli tillögu Þorleifs Gunnlaugssonar, VG. Er nefndinni ætlað að rannsaka hvort gætt hafi verið eðlilegrar hlutlægni og heiðarleika við fjárhagslegar ákvarðanir og hvort einstakir aðilar eins og verktakar, bankar og fyrirtækjasamsteypur hafi fengið óeðlilega fyrirgreiðslu og hafi, beint eða óbeint, haft áhrif á pólitískar ákvarðanir og hagnast á þeim. - bþs

## STJÓRNSÝSLA

### Gosbændur fá eyðijörð

Landbúnaðarráðuneytið hefur ráðstafað eyðijörðinni Lágu-Kotey tímabundið í þágu þeirra bænda sem búa við mesta erfiðleika vegna öskufalls af völdum eldgossins í Eyjafjallajökli.

# 20 prósenta lækkun kostar 229 milljarða

**Efnahags- og viðskiptaráðherra hefur lagt fram útreikninga á kostnaði Íbúðalánasjóðs, LÍN, lífeyrissjóða og banka við lækkun höfuðstóls verðtryggðra lána.**

**ALÞINGI** Það mundi kosta 229 milljarða króna að lækka höfuðstól verðtryggðra lána heimila í íslenskum krónum um 20 prósent.

Þetta kemur fram í skriflegu svari Gylfa Magnússonar, efnahags- og viðskiptaráðherra, við fyrirspurn Sigríðar Ingibjargar Ingadóttur, þingmanns Samfylkingarinnar.

Hún spurði um kostnað Íbúðalánasjóðs, Lánasjóðs íslenskra námsmanna, lífeyrissjóða og annarra aðila, sem veita verðtryggð lán í íslenskum krónum til heimila, ef ákveðið yrði að lækka höfuðstól lánanna um 10 prósent annars vegar en 20 prósent hins vegar.

Greiðslubyrði 40 ára meðalláns hjá Íbúðalánasjóði mundi lækka úr 55.000 krónum á mánuði í 49.600 krónur við tíu prósenta lækkun höfuðstóls en í 44.000 krónur við 20 prósenta lækkun, segir í svari ráðherrans. Er þá miðað við lánstíma og lánskjör að meðaltali.

Greiðslubyrði 20 milljóna króna láns á sömu kjörum færi úr 91.000 krónum á mánuði í 82.000 krónur við tíu prósenta lækkun höfuðstóls en í 73.000 krónur við tuttugu prósenta lækkun. Í öllum dæmum er miðað við 40 ára lánstíma og 4,61 prósent vexti.

Fram kemur í svarinu að lækkun höfuðstóls námslána hefði ekki áhrif á greiðslubyrði til skemmri tíma, þar sem afborganir eru tekjutengdar. Áhrifin kæmu fram í því hve langan tíma tekur að greiða lán niður og mundi sá tími styttast því meir sem launin eru hærri.

Niðurfelling hefði áhrif á fjárhag ríkisins, segir í svari Gylfa Magnússonar. Réttindi sjóðsfélaga í Lífeyrissjóði ríkisstarfsmanna og Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga haldast óbreytt þótt höfuðstóll eigna sjóðsfélaga yrði færður niður. Vegna þess þyrfti ríkissjóður að gangast í ábyrgðir eða hækka mótframlög til sjóðanna svo hægt yrði að mæta lækkun höfuðstóls. Hjá almennum lífeyrissjóðum standa aðeins eignir sjóða undir réttindum. Því yrði að skerða greiðslur til lífeyrisþega vegna lækkunar á höfuðstól lífeyrissjóðslána, að sögn ráðherrans. Loks þyrfti ríkið að leggja fram fé til Íbúðalánasjóðs til að mæta höfuðstólslækkun. Skýringin á því er sú að eiginfjárhlutfall sjóðsins er þegar undir viðmiðunarmörkum.

peturg@frettabladid.is



**HÖFUÐSTÓLSLÆKKUN** Gylfi Magnússon, viðskipta- og efnahagsráðherra hefur látið reikna út kostnað við lækkun höfuðstóls verðtryggðra lána heimilanna.

**Kostnaður við 20% lækkun verðtryggðs höfuðstóls**

| Lánastofnun | 10% lækkun | 20% lækkun |
|---|---|---|
| Íbúðalánasjóður | 57,6 | 112,5 |
| LÍN | 5,8 | 12,1 |
| Lífeyrissjóðir* | 10,1 | 20,2 |
| Bankar og sparisjóðir | 44 | 85 |

Tölur í milljörðum króna

* Aðeins stærstu lífeyrissjóðir; þ.e. VR, LSR og Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga.



**KHODORKOVSKÍ** Bæði málin gegn honum eru talin eiga sér pólitískar rætur. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Mikhail Khodorkovskí:

## Hungurverkfall stóð í einn dag

**MOSKVA, AP** Fyrrum auðkýfingurinn Mikhail Khodorkovskí er hættur í hungurverkfalli sem stóð í sólarhring.

Khodorkovskí ákvað að fara í hungurverkfall til að vekja athygli á því að dómstólar í Rússlandi hafi sniðgengið reglur um að þeir sem ákærðir eru fyrir hvítflibbaglæpi geti losnað úr fangelsi gegn tryggingu.

Khodorkovsky afplánar átta ára fangelsisdóm fyrir skattsvik auk þess sem hann er ákærður fyrir að hafa svikið 25 milljarða Bandaríkjadala frá olíufyrirtækinu Yukon, sem var áður í hans eigu. - shá

Með fíkniefni og byssu:

## Franklin Stiner í fangelsi

**DÓMSMÁL Franklín Stiner hefur verið dæmdur í átta mánaða fangelsi fyrir vörslu fíkniefna á heimili sínu.**

**Lögregla fann við húsleit í október 2008 rúm 150 grömm af amfetamíni, 32 grömm af kókaíni, lítilræði af hassi og 23 e-töflur. Í apríl 2009 fundu lögreglumenn aftur fíkniefni hjá Franklín. Þá var Franklín með skammbyssu og skotfæri. Hann sagðist hafa verið að gera byssuna upp og að hann hafi stungið henni ósjálfrátt á sig.** - jss




# 20-50% AFSLÁTTUR

Gildir til 24. maí

**50% AFSLÁTTUR**

Triumph



Triumph fæst eingöngu í Kringlunni

**30% AFSLÁTTUR**

AF VÖLDUM UNDIRFATA SETTUM

VERÐ FRÁ **2.799.-** v.á. 3.999.-



pepper·corn®

**30% AFSLÁTTUR**



ALLIR HERRA BOLIR

**30% AFSLÁTTUR**



POLO BOLUR **1.399.-** v.á. 1.999.-

BOLUR **1.749.-** v.á. 2.499.-

oxmo®

**30% AFSLÁTTUR**



**30% AFSLÁTTUR**



weather report

VERÐ FRÁ **2.099.-** v.á. 2.999.-

ALLAR BARNA FLÍSPEYSUR

**39.999.-** v.á. 49.999.-

GRILL TILBOÐ

Grand

GRAND ER7802A

- 5,5Kw, tveggja brennara
- Hliðarborð
- Elektrónísk kveikja
- Innbyggður hitamælir
- Áhaldabakki
- Hjól
- Þrýstijafnari



SPARIÐ 10.000.-

VAXTALAUST LÁN Í 4 MÁNUÐI

**40% AFSLÁTTUR**



| | | |
|---|---|---|
| Tölvutaska | 2.999.- | ~~4.999.-~~ |
| Taska 32" | 5.999.- | ~~9.999.-~~ |
| Taska 28" | 5.399.- | ~~8.999.-~~ |
| Taska 24" | 4.799.- | ~~7.999.-~~ |

24 Hagkaup OPIÐ ALLAN sólarhringinn Skeifan & Garðabær

50 ára HAGKAUP fyrir Íslendinga í 50 ár

**VEISTU SVARIÐ?**



1. *Hvaða þingkona sækist eftir embætti varaformanns Sjálfstæðisflokksins?*
2. *Hvað vilja framsóknarmenn að verði ókeypis í grunnskólum Reykjavíkur?*
3. *Hver er leikmaður 2. umferðar Pepsideildar karla að mati Fréttablaðsins?*

SJÁ SVÖR Á SÍÐU 50

Hefur áður sætt ásökunum um að leita á áfengisdauða pilta:

# Meintur nauðgari yfirheyrður

**LÖGREGLUMÁL** Rúmlega þrítugur karlmaður, sem piltur um tvítugt hefur kært til lögreglu fyrir að hafa nauðgað sér, var yfirheyrður hjá lögreglu í gær samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins.

Eins og blaðið greindi frá í gær bauð eldri karlmaðurinn hinum yngri heim í gleðskap í húsnæði í Hafnarfirði. Sá síðarnefndi reyndist vera eini gesturinn þegar til kom. Áfengis var neytt og líkur taldar á að fíkniefni hafi einnig verið höfð um hönd. Pilturinn sofnaði og kærir nú manninn fyrir að hafa fært sér það í nyt. Sá síðarnefndi ber að atvikið hafi verið með vilja þeirra beggja.




**LÖGREGLAN** Yfirheyrði meintan nauðgara í gær.

Umræddur maður hefur áður sætt ásökunum um að leita á unga menn. Í desember síðastliðnum voru þrír karlmenn dæmdir í skilorðsbundið fangelsi í Héraðsdómi Reykjaness fyrir líkamsárás á hinn meinta kynferðisbrotamann í Hafnarfirði árið 2007. Mennirnir báru fyrir dómi að reiði þeirra út í manninn hafi byggst á því að hann hefði leitað á einn þremenninganna, þá nítján ára gamlan, sem hefði þá verið áfengisdauður. Annar þremenninganna hefði lent í svipuðu atviki af hendi hins meinta nauðgara. Þessu neitaði maðurinn. **- jss**

Félag múslima á Íslandi:

# Vilja mosku hjá Veðurstofunni

**SKIPULAGSMÁL Félag múslima á Íslandi á í viðræðum við Reykjavíkurborg um byggingarlóð fyrir mosku. Í erindi til skipulagsfulltrúa leggur félagið til þrjár mögulegar lóðir. Helst vilja múslimar reisa moskuna á borgarlandi við Bústaðaveg vestan við hús Landsvirkjunar og Veðurstofunnar. Einnig nefna þeir lóð sem ríkið á við Sjómannaskólann og lóðina sem SVR hafði á Kirkjusandi en er nú í eigu Íslandsbanka. Félagið hefur á liðnum árum oft sótt um byggingarlóð án þess að málið hafi verið leitt til lykta.** **- gar**




# Í-listinn mælist með hreinan meirihluta

**Meirihluti Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks á Ísafirði fellur í komandi kosningum ef marka má könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Sjálfstæðisflokkurinn tapar fylgi, en Í-listinn bætir við sig. Kammónistar ná ekki inn manni.**

**KÖNNUN** Í-listinn, sameiginlegt framboð Samfylkingar, Vinstri grænna, Frjálslyndra og óháðra, fær hreinan meirihluta bæjarfulltrúa á Ísafirði samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 sem gerð var í gærkvöldi.

Framboðið nýtur stuðnings 48,4 prósenta þeirra sem afstöðu tóku í könnuninni. Verði það niðurstaða kosninga fengi framboðið fimm bæjarfulltrúa af níu. Framboðið fékk 40 prósent atkvæða í sveitarstjórnarkosningunum 2006 og fjóra menn kjörna í bæjarstjórn sveitarfélagsins.

Meirihluti Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks er samkvæmt könnuninni fallinn. Sjálfstæðisflokkurinn tapar verulegu fylgi samkvæmt könnuninni. Flokkurinn fengi 29,1 prósent atkvæða, en naut stuðnings 42,4 prósenta Ísfirðinga í síðustu kosningum. Flokkurinn fengi miðað við þetta fylgi þrjá bæjarfulltrúa, en er með fjóra í dag.

Framsóknarflokkurinn fengi 16,2 prósent atkvæða ef kosið yrði nú samkvæmt könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Það er lítils háttar aukning frá kosningunum 2006, þegar flokkurinn fékk 15,6 prósent. Niðurstaðan hefur ekki áhrif á fjölda bæjarfulltrúa Framsóknarflokksins. Flokkurinn myndi halda sínum eina fulltrúa yrðu þetta niðurstöður kosninga.

Alls sagðist 8,1 prósent þeirra sem afstöðu tóku í könnuninni ætla að kjósa Kammónistalistann yrði gengið til sveitarstjórnarkosninga nú. Verði það niðurstaðan í komandi kosningum nær listinn ekki inn bæjarfulltrúa.

Kammónistalistinn er nýtt framboð skipað nemendum úr Menntaskólanum á Ísafirði. Menntskælingar hafa áður boðið fram, og náðu tveimur mönnum í bæjarstjórn árið 1996 undir merkjum Fönklistans. Þeir virðast langt frá þeim árangri samkvæmt könnun gærkvöldsins.

Hringt var í 600 manns miðvikudaginn 19. maí. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni og hlutfallslega eftir aldri.

Spurt var: Hvaða lista myndir þú kjósa ef gengið yrði til sveitarstjórnarkosninga í dag? Ef ekki fékkst svar var spurt: Hvaða flokk er líklegast að þú myndir kjósa? Ef ekki fékkst svar var að lokum spurt: Er líklegra að þú myndir kjósa Sjálfstæðisflokkinn eða einhvern annan flokk? Alls tóku 65,8 prósent afstöðu til spurningarinnar.

**brjann@frettabladid.is**







2.846 manns sitja á samtals 185 listum vegna sveitarstjórnarkosninganna:

# Sjálfkjörið í fjórum sveitarfélögum

**KOSNINGAR** Kosið verður á milli tveggja eða fleiri lista í 54 af 76 sveitarfélögum í kosningunum 29. maí. Alls eru 185 listar í framboði og sitja á þeim 2.846 manns.

Flestir listar eru í Reykjavík, átta, sjö í Kópavogi og sex á Akureyri.

Sjálfkjörið er í fjórum sveitarfélögum þar sem aðeins einn listi kom fram. Á það við um Tálknafjarðarhrepp, Skagaströnd, Breiðdalshrepp og Djúpavogshrepp.

Í átján sveitarfélögum fara fram svokallaðar óbundnar kosningar. Á það við þar sem enginn listi kom fram. Eru allir kjósendur í kjöri, nema þeir sem löglega eru undanþegnir skyldu til að taka kjöri og hafa fyrirfram skorast undan því.

225.930 eru á kjörskrárstofni vegna kosninganna í vor. 113.663 konur og 112.267 karlar. Eru það næstum tíu þúsund fleiri en voru á kjörskrá í sveitarstjórnarkosningunum fyrir fjórum árum. Tæplega nítján þúsund manns fá að kjósa nú í fyrsta sinn. Það eru rúm átta prósent af heildarfjölda kjósenda. **- bþs**




**RÁÐHÚSIÐ** Flest framboð eru í Reykjavík.

**Óbundnar kosningar**

| | |
|---|---|
| Dalabyggð | Skagabyggð |
| Eyja- og Miklaholtshreppur | Grýtubakkahreppur |
| Helgafellssveit | Langanesbyggð |
| Skorradalshreppur | Svalbarðshreppur |
| Árneshreppur | Svalbarðsstrandarhreppur |
| Bæjarhreppur | Tjörneshreppur |
| Kaldrananeshreppur | Borgarfjarðarhreppur |
| Reykhólahreppur | Fljótsdalshreppur |
| Akrahreppur | Ásahreppur |



# SÍÐUSTU DAGAR!

# VORTILTEKT!



**KING KOIL CORSICA**
Queen size (153x203 cm)
Fullt verð 249.636 kr.
**NÚ MEÐ 40% AFSLÆTTI**
**149.782 kr.**
**= 99.854 kr. AFSLÁTTUR**

**CORSICA PLUSH/FIRM**
- 5 svæðaskipt Svefnsvæði
- 5 svæðaskipt Sleep design gormakerfi eitt það fullkomnasta á markaðnum í dag
- Tvíhert sérvalið stál í gormunum
- 10 ára ábyrgð
- Lagar sig að líkamanum
- Veitir fullkomna slökun
- Stuðningur við bak og önnur viðkvæm svæði líkamans
- Steyptir kantar
- 20% stærri svefnflötur
- Þarf ekki að snúa

# NÚ HREINSUM VIÐ ÚT

# 30-50% AFSLÁTTUR

Við eigum von á nýrri vörulínu frá **King Koil Comfort solution** og ætlum því, á næstu dögum, að selja eldri gerðir **með allt að 50% afslætti.**



COMFORT solutions®
By King Koil®

# ÁTTU VON Á GESTUM?



Í Rekkjunni er að finna eitt mesta úrval landsins af svefnsófum í einum stærsta og glæsilegasta svefnsófasýningarsal landsins.

ARGH! 110510

Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16

rekkjan
HEILSURÚM



**LEIKVÖLLUR ALDRAÐRA** Fyrsti leikvöllur eftirlaunaþega var formlega opnaður í Hyde Park í London í gær við töluverða kátínu viðstaddra. NORDICPHOTOS/AFP

Hóparnir sem börðust með bareflum í Kórahverfinu í fyrradag höfðu verið saman í teiti fram eftir morgni:

# Lenti saman vegna fíkniefnauppgjörs

**LÖGREGLUMÁL** Ástæða átakanna, sem urðu fyrir utan fjölbýlishús við Tröllakór í Kópavogi í fyrrakvöld, er talin vera uppgjör skulda vegna fíkniefna.

Annar mannanna sem slösuðust gekkst undir læknisaðgerð í gær vegna beinbrots í andliti. Hinn var með áverka á baki og hálsi. Hann var vistaður í fangaklefa eftir aðhlynningu á slysadeild. Lögregla lagði hald á hníf, gaddakylfu, öxi og fleiri barefli.

Eftir því sem næst verður komist sátu þeir sem síðar lenti saman í teiti aðfaranótt þriðjudagsins og fram á daginn. Ágreiningur reis um peningamál sem leiddi svo til þess að síðar þann dag kom til átaka milli fólksins í Tröllakór. Sjö manns voru handteknir, sex karlar og ein kona. Svo virðist sem fjórir hafi verið í árásarhópnum en þrír í þeim sem ráðist var á. Lögreglu var snemma gert viðvart um atburðinn og var fljót á staðinn.

Í tengslum við átökin fór lögregla að leita manns sem býr í fjölbýlishúsi í hverfinu. Þar innan dyra reyndust vera rúmlega 250 kannabisplöntur. Húsráðandinn var ekki vera heima, en hann verður færður til yfirheyrslu þegar til hans næst.

Fólkið var yfirheyrt í gær og síðdegis voru allir lausir úr haldi.

Málið telst að mestu upplýst.



**TRÖLLAKÓR** Tveir menn voru fluttir á slysadeild eftir átökin, annar brotinn í andliti.




**Til sölu eða leigu bækistöð á Suðurlandi:**

**Staðsetning: Eyrarbakki í Árborg.**

**Stærð: 1.705 m2 og skiptist í tvo stóra sali, skrifstofur, starfsmannaaðstöðu og fl.**

Tilvalið sem verkstæði, geymsla, aðstaða fyrir vinnuflokka, lager, og fl. Stór athafnalóð (3.500 m2) fylgir sem veitir stækkunarmöguleika síðar. Einnig tilvalið sem gagnaver eða fyrir framleiðslufyrirtæki.

**Hagstætt verð.**

Upplýsingar í símum: **661 6800 og 660 1060**


Formaður Framsóknarflokks:

## Miðborgin sett á verndarsvæði

**SKIPULAGSMÁL** Miðborg Reykjavíkur, innan Hringbrautar, verður skilgreind sem sérstakt verndarsvæði ef borgarstjórn staðfestir samþykkt skipulagsráðs frá í gær. Í tillögu Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar, formanns Framsóknarflokksins og fulltrúa flokksins í skipulagsráði, segir að gera eigi miðborgina að verndarsvæði til samræmis við það sem tíðkist í sögulegum miðbæjum í Evrópu og Norður-Ameríku. Markmiðið sé að vernda sögulega byggð og stuðla að því að nýjar framkvæmdir styrki heildarmynd svæðisins.



**SIGMUNDUR DAVÍÐ GUNNLAUGSSON**

- gar



**BANGKOK BRENNUR** Forsætisráðherra Taílands sagðist sannfærður um að íkveikjurnar verði hægt að stöðva. NORDICPHOTOS/AFP

# Eldar loguðu um alla borg

**Óeirðir í Bangkok kostuðu að minnsta kosti sex manns lífið í gær. Tugir bygginga brunnu og útgöngubann var lagt á í fyrsta sinn í fimmtán ár.**

**TAÍLAND, AP** Miklar óeirðir brutust út í Bangkok í gær eftir að herinn hafði knúið leiðtoga mótmælenda til uppgjafar. Eldar loguðu víða í borginni og átökin kostuðu að minnsta kosti sex manns lífið, þar á meðal ítalska ljósmyndarann Fabio Polenghi.

Abhisit Vejjajiva forsætisráðherra lýsti yfir útgöngubanni í allri borginni, sem átti að gilda frá átta í gærkvöld til klukkan sex í morgun að staðartíma. Fimmtán ár eru síðan útgöngubanni var síðast lýst yfir í Bangkok.

Kveikt var í nærri sautján byggingum, þar á meðal kauphöll borgarinnar, nokkrum bönkum, höfuðstöðvum rafveitunnar og verslunarmiðstöðinni Central World, sem var ein sú stærsta í Suðaustur-Asíu. Einnig brann kvikmyndahús til grunna og eitthvað var um gripdeildir í verslunum.

Uppþotin hófust eftir að herinn hafði lagt til atlögu gegn þúsundum rauðklæddra mótmælenda, sem höfðu lagt undir sig nokkrar götur í miðborginni og hafst þar við í nærri tvo mánuði.

Herinn réðst til atlögu snemma í gærmorgun og beitti mótmælendur fullri hörku, sem varð til þess að tveir helstu leiðtogar þeirra lýstu yfir uppgjöf síðdegis og gáfu sig á vald lögreglunni. Þeir sögðust með þessu vilja koma í veg fyrir meira mannfall, en átökin undanfarnar vikur hafa kostað um fjörutíu manns lífið.

Abhisit forsætisráðherra reyndi að bera sig vel í sjónvarpsávarpi og fullyrti að stjórnin myndi ná tökum á ástandinu.

Mótmælendurnir krefjast þess að stjórnin segi af sér og boðað verði til þingkosninga sem allra fyrst. Mótmælendur segja stjórnina sitja í skjóli valdaráns hersins haustið 2006 og sé því ekki lögmæt.

Rauðklæddu mótmælendurnir eru margir hverjir stuðningsmenn Thaksins Shinawatra, fyrrverandi forsætisráðherra, sem hrakinn var frá völdum í valdaráninu. Aðrir eru fyrst og fremst að krefjast þess að lýðræði verði haft í heiðri.

Óeirðir breiddust einnig út til norður- og norðausturhluta landsins, þar sem andstaðan við stjórn Abhisits er sterk. Stjórnin er sökuð um að hygla auðugu valdaklíkunni sem hefur stjórnað landinu meira og minna áratugum saman.

gudsteinn@frettabladid.is





**Fullt af lágum fargjöldum liggja í loftinu!**

Bókaðu fyrir 27. maí á flysas.is

| Reykjavík ↔ | frá (fram og tilbaka) | Reykjavík ↔ | frá (fram og tilbaka) |
|---|---|---|---|
| Oslo | kr. 27,100 | Haugesund | kr. 41,600 |
| Stavanger | kr. 37,800 | Bangkok* | kr. 100,500 |

…einnig lág fargjöld til allra áfangastaða í Noregi

**Þegar flogið er með SAS**
Engin falin þjónustugjöld
20kg farangur innifalinn
Netinnritun án aukakostnaðar
Eurobonus punktasöfnun
25% barnaafsláttur

**flysas.is**

SAS Scandinavian Airlines
A STAR ALLIANCE MEMBER

*Flugið frá Reykjavík til Kaupmannahafnar er flogið af Icelandair, þegar um flug til Bangkok er um að ræða.
Öll fargjöld eru fram og tilbaka, með fyrirvara um gengisbreytingar. Fyrstur kemur fyrstur fær. Athugið reglur og skilmála.
Sölutímabil: 19maí – 27maí 2010. Ferðatímabil: 15ágúst – 15október. Staðfest verð þann 7.mai 2010.

Spánverjar brúa fjárlagahalla:

# Hækka skatta hátekjufólks

**MADRID, AP Ríkisstjórn Spánar vill hækka hátekjuskatt í viðleitni til að ná tökum á fjárlagahallanum.**

**Jose Luis Zapatero forsætisráðherra segir flesta Spánverja ætlast til þess að hinir efnameiri leggi nú meira af mörkum en aðrir landsmenn. Hann vill ekki segja hve mikil skattahækkunin verður en segir að millistéttinni verði hlíft.**

**Seglin verða dregin saman í ríkisfjármálum, laun ríkisstarfsmanna verða lækkuð og eftirlaun fryst.** - pg

Ráðherra úthlutar 30 milljónum til verkefna í tilefni Evrópuárs gegn fátækt:

# Þurfandi mætt með aðstoð og leik

**STJÓRNMÁL** Árni Páll Árnason, félags- og tryggingamálaráðherra, hefur úthlutað 30 milljónum króna úr sjóði sem stofnaður var í tilefni Evrópuársins gegn fátækt og félagslegri einangrun. 21 verkefni hlaut styrk en sótt var um framlög vegna 84 verkefna upp á samtals rúmlega 200 milljónir.

Verkefnunum er ætlað að auka fjölbreytni við úrræði og námskeið til að bæta aðstæður atvinnulausra, tekjulágra og fólks með skerta starfsgetu.

Þeim er líka ætlað að vinna gegn fordómum og ýta undir félagslega virkni.

Verkefnin felast meðal annars í námskeiðum, rannsóknum, samveru og skemmtunum.

Meðal styrkþega eru Heyrnarhjálp, Kærleikssamtökin, Samtök kvenna af erlendum uppruna, Hlutverkasetur og AE-starfsendurhæfing, Efling-stéttarfélag og Hjálparstarf kirkjunnar.

Sem dæmi um verkefni má nefna að HHhópurinn hyggst auka lífsgæði íbúa á Hátúnssvæðinu með því að rjúfa félagslega einangrun, auka samveru og stuðning til virkrar þátttöku í samfélaginu, Hildur Jóhannesdóttir og Gunnar Kvaran ætla að bjóða upp á lifandi tónlistarflutning fyrir fólk sem berst við veikindi af geðrænum toga, eldri borgara og fanga og Velferðarsjóður Suðurnesja ætlar að aðstoða efnaminni foreldra við að kosta dvöl barna þeirra á leikjanámskeiðum og sumarbúðum. - bþs




**BERJUMST GEGN FÁTÆKT** Veggspjöldum til að vekja athygli á Evrópuárinu verður dreift um alla álfuna.



**HVALSKURÐUR** Bæjarstjórn vill lagafrumvarp út úr Alþingi.

Vilja hvalafrumvarp burt:

# Segja 150 störf vera í hættu

**AKRANES** „Það ástand sem þetta frumvarp skapar og hefur haft á rekstur fyrirtækisins Hvals hf. er algjörlega óviðunandi,“ segir í ályktun bæjarstjórnar Akraness vegna frumvarps um leyfisveitingar vegna hvalveiða sem lagt hefur verið fram á Alþingi.

„Atvinnuástand á Vesturlandi er grafalvarlegt og nái frumvarpið fram að ganga eru að minnsta kosti 150 störf í hættu. Það ástand sem þetta frumvarp skapar og hefur haft á rekstur fyrirtækisins Hvals hf. er algjörlega óviðunandi,“ segir bæjarstjórnin sem skorar á Alþingi að afturkalla frumvarpið strax svo skipuleggja megi veiðar og vinnslu í sumar. - gar

Hommapar í Malaví dæmt:

# Bíða refsingar fyrir kynhneigð

**MALAVÍ, AP Dómari í Afríkuríkinu Malaví hefur fundið tvo karlmenn á þrítugsaldri seka um samkynhneigð. Í dag mun dómarinn síðan tilkynna um hvaða refsingu hann gerir parinu. Hámarksrefsing fyrir samkynhneigð í Malaví er fjórtán ára fangelsi.**

**Steven Monjeza og Tiwonge Chimbalanga voru handteknir 27. desember í fyrra en þann dag héldu þeir samkvæmi til að fagna trúlofun sinni. Samkynhneigð er bönnuð með lögum í 37 löndum í Afríku. Réttindi þessa hóps eru aðeins viðurkennd í Suður-Afríku en jafnvel þar eru sjálfskipaðir hópar sem stunda svokallaðar „leiðréttingarnauðganir“ á lesbíum.** - gar

## DÓMSTÓLAR

### Síbrotamaður fékk eitt ár

Hálfþrítugur karlmaður hefur verið dæmdur í tólf mánaða fangelsi fyrir þjófnað, nytjastuld og umferðarlagabrot. Maðurinn var á reynslulausn þegar hann framdi brotin. Hann á að baki langan sakaferil.

## KÓPAVOGUR

### Skuldir íþróttafélaga vaxa

Íþrótta- og tómstundaráð Kópavogs segist hafa áhyggjur vegna aukinnar skuldasöfnunar einstakra deilda íþróttafélaga bæjarins. Þá ítrekar ráðið við Breiðablik að skila ráðinu ársreikningi 2009 fyrir barna- og unglingastarfið og einnig fyrir þær deildir sem eru með meistaraflokksstarfsemi.


# 25% höfuðstólslækkun lána í erlendri mynt

## – fyrir fyrirtæki

Nú eiga fyrirtæki í viðskiptum við Landsbankann með lán í erlendri mynt tekin fyrir 8. október 2008 kost á að sækja um 25% höfuðstólslækkun gegn því að lánunum sé breytt í óverðtryggð eða verðtryggð lán í íslenskum krónum. Lausnin verður í boði til 30. júlí 2010.*

**AÐRAR LAUSNIR FYRIR FYRIRTÆKI**

**Lán færð í 100% af eignavirði gegn eiginfjárframlagi**
Miðað er við að skuldir fyrirtækja séu færðar í 100% af heildar- virði eða endurmetnu eignavirði ef eigandi greiðir 10% inn á lán fyrirtækis þannig að skuldir verða 90% af heildarvirði.

**Lán færð í 115% af eignavirði án eiginfjárframlags**
Miðað er við að skuldir fyrirtækja séu færðar í 115% af heildarvirði eða endurmetnu eignavirði ef eigandi leggur ekki til lágmarks eigið fé.

**Frysting**
Hægt er að fá frestun á hluta eða öllum afborgunum lána í 12-24 mánuði.



LAUSNIR FYRIR FYRIRTÆKI | landsbankinn.is | 410 4000

Landsbankinn

NBI hf. (Landsbankinn), kt. 471008-0280.

*Nánari upplýsingar um skilyrði sem þarf að uppfylla er að finna á vefsíðu Landsbankans.

ENNEMM / SÍA / NM42148




**SJÁLFSMYND ÚR PÓLÓSKYRTUM** Í Tókíó, höfuðborg Japans, hafa menn verið að dunda sér við að raða saman pólóskyrtum þannig að þær myndi fræga sjálfsmynd Vincents van Gogh. NORDICPHOTOS/AFP

Framkvæmdastjóri Portfarma segir stjórnvöld hafa búið til mismunun í heilbrigðiskerfinu eftir efnahag:

# Efnaðir geta valið sér lyf en fátækir ekki

**HEILBRIGÐISMÁL** Það kerfi sem heilbrigðisyfirvöld hafa sett á laggirnar til að ákveða hvaða lyf eru niðurgreidd í hverjum flokki hefur þegar leitt til mismununar í heilbrigðiskerfinu, segir Olgeir Olgeirsson, framkvæmdastjóri Portfarma.

Stefna ríkisins er að niðurgreiða aðeins ódýrasta lyfið í hverjum flokki. Því hafa meðal annars læknar mótmælt, þar sem aukaverkanir og virkni lyfja er mismunandi eftir einstaklingum.

Þetta kerfi heldur opnum þeim möguleika fyrir efnað fólk að kaupa lyf sem þeim þykir henta best, án niðurgreiðslu. Á sama tíma þurfa þeir sem ekki hafa fé til þess að láta sér nægja þau lyf sem ríkið kýs að niðurgreiða, segir Olgeir.

Sjúklingar sem ekki geta notað lyfin sem heilbrigðisyfirvöld niðurgreiða geta sótt sérstaklega um að fá önnur lyf niðurgreidd.

Olgeir segir ríkið beinlínis vinna gegn því að lyfjaverð lækki á Íslandi. Dæmi um það sé hækkun á kostnaði við skráningu nýrra lyfja, úr 115 þúsundum króna í ríflega 1,8 milljónir fyrir um ári. Þjónustan hafi ekki aukist að sama skapi, enda taki nú mun lengri tíma að fá lyf skráð.

„Það er búið að reka líkkistunaglana í þennan iðnað, íslenski markaðurinn er hreinlega ekki áhugaverður lengur," segir Olgeir.

Hann segir þetta þegar hafa leitt til þess að mun færri ódýr samheitalyf séu sett á markað. Þá sé samkeppnin drepin niður með því að niðurgreiða aðeins ákveðin lyf, enda sé þá lítil ástæða fyrir lyfjafyrirtæki að koma með ódýrari samheitalyf á markað. - bj



**SAMHEITALYF** Með því að niðurgreiða aðeins ódýrustu lyfin í hverjum flokki tekur ríkið fyrir að fyrirtæki sjái sér hag í að setja ódýr samheitalyf á markað, segir framkvæmdastjóri Portfarma. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




# Laus allra mála eftir 11 mánaða rannsókn

**Lögregla hefur fellt niður mál á hendur Sigurði Ólasyni, sem upphaflega var handtekinn grunaður um tengsl við eitt stærsta fíkniefnamál sem upp hefur komið í heiminum. Sigurður segist ætla að leita réttar síns gagnvart lögreglu.**

**LÖGREGLUMÁL** Lögregla hefur fellt niður að fullu mál á hendur Sigurði Hilmari Ólasyni, sem handtekinn var í fyrrasumar grunaður um að tengjast einu stærsta fíkniefnamáli sem komið hefur upp í heiminum.



**SIGURÐUR ÓLASON**

Sigurður fékk sent bréf um niðurfellinguna frá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu á mánudag. Þar segir að málið þyki ekki líklegt til sakfellingar og sé því fellt niður. Málið sem enn var til meðferðar hjá ríkissaksóknara varðaði meint peningaþvætti Sigurðar í gegnum félagið Hollís ásamt Hollendingi og Ísraela. Ríkissaksóknari hafði þegar í ágúst í fyrra fellt niður þann anga máls Sigurðar sem sneri að fíkninefnasmygli.

Sigurður sat í gæsluvarðhaldi í tuttugu daga vegna málsins, sem snerist um meint smygl á tugum tonna af kókaíni frá Ekvador. Kókaínið fannst um borð í skipi blandað í melassa, eins konar dökkt sýróp, í tugum dunka. Sigurður sat í varðhaldi vegna málsins hérlendis ásamt Ársæli Snorrasyni og Gunnari Viðari Árnasyni. Tenging þeirra við málið var sú að þeir höfðu átt samskipti við áðurnefndan Hollending og Ísraela, sem voru grunaðir í málinu risavaxna. Þeir hafa hins vegar ekki verið ákærðir fyrir þátt sinn í því máli, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Þriðji þáttur málsins sneri að smygli á 6,2 kílóum af amfetamíni til landsins. Gunnar Viðar Árnason hlaut nýlega fimm ára fangelsisdóm fyrir innflutninginn. Sigurður og Ársæll voru í fyrstu grunaðir um að tengjast því máli en voru ekki ákærðir.

Sigurður, sem árið 2001 hlaut þriggja ára fangelsisdóm fyrir innflutning á 30 kílóum af hassi til landsins, segist í samtali við Fréttablaðið ætla að leita réttar síns gagnvart yfirvöldum, enda sé komið í ljós að rannsóknin hafi verið byggð á sandi. Hann hafi að ósekju sætt einangrunarvist í þrjár vikur og legið undir grun um refsivert athæfi í tæpt ár. „Ég vil bara að réttlætið nái fram að ganga og ætla að fara eins langt og ég get með þetta mál," segir Sigurður.

Ársæll Snorrason, sem einnig sat í varðhaldi vegna málsins en var aldrei ákærður, mun einnig íhuga málsókn gegn ríkinu.

Karl Steinar Valsson, yfirmaður fíkniefnadeildar höfuðborgarlögreglunnar, sem hafði málið upphaflega til rannsóknar, vill ekkert tjá sig um málið á þessu stigi. Telji Sigurður á sér brotið sé eðlilegast að hann leiti réttar síns fyrir dómstólum. stigur@frettabladid.is




**MIKIÐ MAGN** Tugir tonna af kókaíni sem fundust í melassadunkum í Ekvador urðu til þess að Sigurður var handtekinn og úrskurðaður í gæsluvarðhald. Ekki er ljóst hvar rannsókn þess máls stendur ytra, en ýmsir menn sem voru handteknir í Evrópu vegna þess hafa verið fríaðir sök. FRÉTTABLAÐIÐ / AP



Gjöf til stríðsglæpadómstóls:

# Afhentu dagbækur Mladic

**HAAG, AP** Serbnesk stjórnvöld hafa sent stríðsglæpadómstól Sameinuðu þjóðanna í Haag dagbækur Ratko Mladic, sem fundust við húsleit á heimili eiginkonu hans í Belgrad. Mladic var yfirmaður hers Bosníu-Serba í Bosníustríðinu árin 1992-95 og hefur verið sakaður um margvíslega stríðsglæpi. Hann hefur verið á flótta frá lokum stríðsins.

Dómstóllinn hyggst finna leið til að nota dagbækurnar í máli gegn Radovan Karadzic leiðtoga Bosníu-Serba. - gb

Níu milljónir manna smituðust af berklum á síðasta ári og aldrei í sögunni hefur sjúkdómurinn hrjáð fleiri:

# Baráttan gegn berklum hefur mistekist

**GENF, AP** Alþjóðleg herferð gegn berklum hefur mistekist. Sérfræðingar segja nauðsynlegt að grípa til róttækra aðgerða.

Á síðasta ári smituðust meira en níu milljónir manna af berklum. Tvær milljónir þeirra létu lífið af völdum þessa sjúkdóms, sem aldrei í sögu mannkyns hefur hrjáð fleira fólk en einmitt nú.

Þetta kom fram í sérhefti breska læknatímaritsins Lancet nú í vikunni. Árum saman hafa Alþjóðlega heilbrigðisstofnunin WHO og samstarfsaðilar hennar reynt að draga úr útbreiðslu berkla með því að fylgjast vel með því að sjúklingar taki lyfin sín. Þetta hefur ekki breyst þótt stofnunin hafi fyrir tveimur árum áttað sig á því að þessi aðferð dragi ekki úr útbreiðslunni svo neinu nemi.

Þeir sem til þekkja segja berkla ekki eingöngu vera heilbrigðisvandamál, heldur tengist útbreiðsla þeirra mjög fátækt. Berklar breiðast einkum út á stöðum þar sem of margt fólk býr við erfið skilyrði og hreinlæti er ábótavant. Baráttan gegn berklum þurfi því að taka fleiri þætti með í reikninginn, svo sem húsakynni, menntun og samgöngur.

„Forgangsmál til að hafa stjórn á útbreiðslu berkla er að bæta lífsskilyrði og hagvöxt,“ segir Philip Stevens, sérfræðingur hjá hugmyndaveitunni International Policy Network í London. - gb



**TEKUR LYFIN SÍN** Alþjóðleg heilbrigðisyfirvöld hafa lagt mikla áherslu á að grannt sé fylgst með því þegar berklasjúklingar taka lyf. NORDICPHOTOS/AFP

Forsetinn á alþjóðlegri ráðstefnu:

# Örlög allra þjóða samofin

**STJÓRNMÁL Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, flutti á þriðjudag setningarræðu á alþjóðlegri ráðstefnu Norður-Suðurstofnunarinnar sem starfar á vegum Evrópuráðsins.**



ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON

**Í ræðunni fjallaði Ólafur um breytingar í samskiptum Evrópuríkja og þróunarlanda, sameiginlegan vanda allra ríkja vegna hættu af óafturkræfum loftlagsbreytingum og hvernig breytingar á orkukerfum gegndu lykilhlutverki í baráttunni gegn þeim.**

**Þá benti hann á margvíslegar aðsteðjandi hættur og sagði þær sýna fram á að örlög allra þjóða væru nú samofin.** - bþs

Prestur Obama ekki í náðinni:

# Ég er geislavirkur, herra minn

**NEW YORK, AP** „Enginn í ríkisstjórn Obama svarar mér, hlustar á mig, talar við mig eða les neitt af því sem ég skrifa þeim,“ segir séra Jeremiah Wright, sóknarprestur Baracks Obama, núverandi Bandaríkjaforseta.

Hann varð þekktur sem andlegur ráðgjafi Obama í síðustu forsetakosningum og olli hneyksli þegar hann hélt fram að ríkisstjórn landsins breiddi út HIV-veiruna meðal blökkumanna. „Ég er geislavirkur, herra minn,“ segir Wright í svarbréfi til góðgerðasamtaka sem vinna að hjálparstarfi í Afríku. Þau leituðu aðstoðar Wrights um að greiða fyrir samskiptum við bandarísk stjórnvöld.

Norsk-íslensk síld:

# Veiðar hefjast

**SJÁVARÚTVEGUR HB Grandi undirbýr nú komandi síldarvertíð. Stefnt er að því að Lundey NS fari til veiða um miðja næstu viku og í framhaldinu munu Faxi RE og Ingunn AK verða send til veiða, að sögn Vilhjálms Vilhjálmssonar, deildarstjóra uppsjávarsviðs HB Granda. Vertíðarbyrjunin nú verður á svipuðu róli og í fyrra.**

**Hjá fiskiðjuveri HB Granda á Vopnafirði hefur verið unnið að undirbúningi síldarvertíðarinnar undanfarnar vikur og settur upp nýr og fullkominn búnaður til vinnslu á síld og makríl.** - shá

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Kannabisræktun stöðvuð

Alls fundust 125 kannabisplöntur við húsleit lögreglunnar í gær. Lagt var hald á gróðurhúsalampa og annan búnað. Húsráðandi játaði aðild sína að málinu.


# 25% höfuðstólslækkun lána í erlendri mynt

## – fyrir heimili

Nú eiga viðskiptavinir Landsbankans með lán í erlendri mynt tekin fyrir 8. október 2008 kost á að sækja um 25% höfuðstólslækkun gegn því að lánunum sé breytt í óverðtryggð eða verðtryggð lán í íslenskum krónum. Lausnin er afturvirk og því einnig í boði fyrir einstaklinga sem þegar hafa nýtt sér höfuðstólslækkun lána. Lausnin verður í boði til 30. júlí 2010.*

**AÐRAR LAUSNIR FYRIR EINSTAKLINGA**

- 110% aðlögun íbúðalána
- Greiðslujöfnun lána
- Fjárhagsleg hagræðing
- Endurfjármögnun skammtímalána
- Eingöngu vaxtagreiðslur í eitt ár
- Tímabundin föst greiðsla
- Frysting afborgana í allt að þrjú ár
- Frestun vegna sölutregðu
- Sértæk skuldaaðlögun




NBI hf. (Landsbankinn), kt. 471008-0280.

*Nánari upplýsingar um skilyrði sem þarf að uppfylla er að finna á vefsíðu Landsbankans.

ENNEMM / SÍA / NM42148

LAUSNIR FYRIR HEIMILI | landsbankinn.is | 410 4000

Landsbankinn

# Europris

**ÓDÝRT FYRIR ALLA!**

# Allt fyrir



FRÁ 3790

**ÚTIPOTTAR**

- Svartir og brúnir



25.990

**GARÐSETT**

- Fjórir stólar og borð, stál



TILBOÐSPAKKI

47.990

**TRAMPÓLÍN, 3,6 MM + ÖRYGGISNET**

- Trampólín í stöku, kr 34.990
- Öryggisnet í stöku, kr 21.990



19.999

**GARÐBEKKUR**



3990

**BLÓMAKASSI**

- 100 cm úr smíðajárni
- Innikassi, 90 cm, kr 990



7590

**VEISLUTJALD, 3 X 3 M**

- Blátt/hvítt eða hvítt
- Veislutjald, 3x6 m, verð kr 26.990
- Veislutjald, 3x9 m, verð kr 39.990



10.990

**ÚTIARINN**

- H: 19 cm, Ø:35 cm




1290

**GRÓÐURMOLD - 50 LTR**

# Nýtt kortatímabil

# sumarið




**69**
COCA COLA
• 33 cl




**399**
VIÐARKOL
• 2 kg




5 kg

**799**
ÞVOTTAEFNI - MULTI COLOR
• 5 kg



**29.999**
GASGRILL
• Tveir brennarar



**3990**
KÚLUGRILL
• 44 cm



VERÐ ÁÐUR: KR 49.990

**44.990**
DÖMUREIÐHJÓL - CLASSIC
• Ál grind
• 3ja gíra, Shimano gírar




3 ltr

**1990**
VIÐARVÖRN
• 3 ltr
• Pensill, kr 499



FRÁ **1899**
REIÐHJÓLAHJÁLMAR
• Barna, kr 1899
• Unglinga, kr 2699
• Fullorðnir, kr 3799





FRÁ **5490**
BLÓMAPOTTAR
• Til í gráu og svörtu
• Ø:23, H:47 cm, kr 5490
• Ø:32, H:63 cm, kr 8590

FRÁ **799**
TÁGAKARFA Á VEGG
• Hvít/grá
• 19x15x35 cm, kr 799
• 25x20x35 cm, kr 1290
• 32x26x48 cm, kr 1690



**4590**
HERRASKÓR
• St 41-46

X-roller



pr. par **3499**
RÚLLUSKÓR
• Stráka og stelpu. St 30-40

www.europris.is

Fiskislóð / Korputorgi / Dalvegi, Kópavogi / Tjarnarvöllum 11, Hafnarfirði / Austurvegi, Selfossi / Baldursnesi 8, Akureyri

**FRÉTTASKÝRING:** Hvert stefnir ferðaþjónustan á tímum eldgosa og efnahagsumbrota?

# Aðstæður gjörbreyttar



KATRÍN JÚLÍUSDÓTTIR

„Í nóvember var ferðaþjónusta í blóma, náttúra vinveitt og krónan veik. Nú blásir við breytt mynd og blæs á móti,“ sagði Katrín Júlíusdóttir, ráðherra ferðamála, á fundi Icelandair í gærmorgun. Hún taldi sig vita að vonir aðstandenda fundarins hafi staðið til þess að þegar að honum kæmi yrði eldgosið í Eyjafjallajökli yfirstaðið eða í rénun.

Katrín sagði öskuskýið sem fylgdi eldgosinu í Eyjafjallajökli og röskun sem það hafði í för með sér á flugi hafa komið á óvart, jafnt sérfræðingum á sviði jarðvísinda sem öðrum. „Næstu mánuði verður það viðfangsefni stjórnvalda, vísindamanna og stofnana að draga lærdóm af þessari stöðu og við Íslendingar munum að sjálfsögðu taka fullan þátt í því starfi. Við þurfum betri mælingar, vísindalegan grunn undir aðferðafræði við hættumat, markvissari viðbragðsáætlanir og mun ríkara alþjóðlegt samstarf í þessum efnum,“ sagði hún.

Ráðherra sagði ýmsan lærdóm mega draga af nýliðnum atburðum, svo sem í því hvernig taka ætti á móti alþjóðlegum fréttastofum þegar hér verða náttúruhamfarir. „Þær byrja á því að senda hamfarafréttamenn sína og ljóst að við vorum að lenda nokkuð hressilega í þeim,“ sagði hún og taldi umfjöllunina hafa verið nokkuð neikvæða framan af. Það væri óþarfi enda væri hér öryggi ferðamanna tryggt og allar grunnstoðir í lagi þótt gjósi.

Til stóð að kynna í gær á sérstökum fundi markaðsátak í ferðaþjónustu vegna áhrifa eldsumbrotanna í Eyjafjallajökli, en því var frestað um tvo daga. Á fundi Icelandair í gær sagði Katrín mikilvægt að nýta markaðsátakið til að snúa vörn í sókn og gera veikleika að styrkleikum. „Við megum ekki gleyma því að við erum þrátt fyrir allt stolt af okkar óstýrilátu náttúruöflum.“

- óká



**HEIÐURSGESTIR HJÁLPAST AÐ** Ulrich Schulte-Strathaus kemur Simon Calder til aðstoðar við upphaf erindis þess síðarnefnda þannig að ekki tók nema skamma stund að skipta á milli skyggnusýninga. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




# Gosið bætir gráu í svört ský yfir Evrópu

**Íslendingar hafa tíma 11. júní til að sannfæra heiminn um að landið sé öruggt og að hingað sé yfirhöfuð hægt að ferðast, að sögn fjölmiðlamannsins Simons Calder. Nýta þurfi gluggann fram að HM í fótbolta. Gos í Eyjafjallajökli var til umræðu á fundi Icelandair í gær. Formaður Evrópusambands flugfélaga segir heildartap vegna þess, dagana 15. til 23. apríl, hafa numið 733 milljónum evra, eða 117,7 milljörðum króna.**



**HÚSFYLLIR** Gróft talið mættu um og yfir tvö hundruð manns á morgunverðarfund Icelandair í Þingsölum Hótels Loftleiða í gærmorgun. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Undanfarnar vikur hafa verið einstakur tími í sögu flugs hvarvetna í heiminum,“ sagði Birkir Hólm Gunnarsson, framkvæmdastjóri Icelandair, við upphaf fundar sem félagið stóð fyrir á Hótel Loftleiðum í gærmorgun um hvert stefndi í ferðaþjónustu.

Húsfyllir var á fundinum og kom aðstandendum jafnvel á óvart hversu vel var mætt. Mætingin kann þó að vera til marks um hversu þá sem starfa við ferðaþjónustu þyrstir í vísbendingar um áframhaldið. Viðvarandi gos í Eyjafjallajökli þýðir enda viðvarandi óvissu fyrir geirann.

Aðalfyrirlesarar á fundi Icelandair voru Ulrich Schulte-Strathaus, framkvæmdastjóri Evrópusambands flugfélaga (AEA), og Simon Calder, einn kunnasti fjölmiðlamaður samtímans á sviði ferðamennsku, en hann starfar meðal annars fyrir breska dagblaðið Independent, Sky Travel og BBC Radio.

### Höfum þar til HM byrjar

Nokkur blæbrigðamunur var á erindum fyrirlesaranna. Sá fyrri dró upp dökka mynd af horfum í flugiðnaði í Evrópu, meðan Calder sló á nokkuð létta strengi og stakk upp á leiðum til að bæta ímynd Íslands á alþjóðavettvangi.

Calder benti á að skjótt skipist veður í lofti varðandi þau mál sem efst eru á baugi í kastljósi fjölmiðla hverju sinni. Hann segir Ísland hafa til 11. júní til að koma á framfæri skilaboðum um land og þjóð, þá hefjist nefnilega heimsmeistarakeppnin í fótbolta. „Þetta er sá gluggi sem þið hafið til að sannfæra fólk um að Ísland sé opið og vert að heimsækja.“

Eitt af því sem Calder segir að gosið í Eyjafjallajökli hafi sýnt Evrópubúum er að Ísland sé nærri. „Of nærri,“ bætti hann svo glettinn við og uppskar hlátur fundargesta.

Núna segir hann því til dæmis lag að benda á að hér hafi landið margt að bjóða sem ferðalangar hafi hingað til sótt til Nýja-Sjálands. Munurinn sé sá að til Íslands sé þriggja tíma flug, en sólarhringsflug til Nýja-Sjálands. Þá stakk Calder upp á því að líkt og bæjarfélög eigi í sambandi við systurbæjarfélög í útlöndum, þá verði komið upp slíku sambandi eldfjalla. „Vesúvíus á Ítalíu gæti verið systureldfjall Eyjafjallajökuls,“ segir hann og kvað slíkt aldrei hafa verið gert áður. Ávinninginn kvað hann vera að vekja á því athygli að þótt Ísland hafi engan einkarétt á eldfjöllum þá sé það tvímælalaust besti staðurinn til að sjá eitt í ham á þessari stundu.

### Svört ský eru yfir Evrópu

Ulrich Schulte-Strathaus fer fyrir samtökum sem safna upplýsingum um flugiðnað og stunda rannsóknir á þróun atvinnuflugs. Hann fór í máli sínu yfir þær breytingar sem hann telur nauðsynlegar til að koma flugfélögum í Evrópu til aðstoðar. Og ef marka má mál hans þá er aðstoðar þörf, því þau munu standa höllum fæti í samanburði við flugfélög í öðrum heimsálfum. Hann bendir á að kreppa ríki í Evrópu og litlar líkur á hagvexti, en hann sé í raun forsenda viðsnúnings í atvinnufluginu. Auknum umsvifum efnahagslífsins fylgi aukin ferðalög fólks og meiri fraktflutningar. „Ég hélt að 11. september 2001 hefði verið birtingarmynd allsherjaráfalls fyrir flugiðnaðinn. Nú hefur komið í ljós að ég hafði rangt fyrir mér,“ sagði hann og benti á að farþegum evrópskra flugfélaga hafi fækkað um 20 milljónir milli áranna 2008 og 2009. Þá séu engar horfur á að rétti úr kútnum á þessu ári.

„Svört ský liggja yfir Evrópu,“ sagði hann og vísaði meðal annars til þess skaða sem evrópsk flugfélög hafi orðið fyrir af eldgosinu í Eyjafjallajökli ofan í þegar slæmar horfur í evrópska hagkerfinu vegna skuldavanda ríkja Evrópusambandsins og hættu á að vandi Grikkja smiti út frá sér til annarra ríkja. Reglur sem flugélög lúti vegna niðurfelldra fluga þýði gífurlegan kostnað í bætur og segir hann beðið niðurstöðu um hvort þjóðríki megi hlaupa þar undir bagga. Heildartap evrópskra flugfélaga vegna röskunar á flugi 15. til 23. apríl vegna gossins í Eyjafjallajökli nemi 733 milljónum evra, eða nálægt 118 milljörðum króna.

Í máli sínu kallaði Schulte-Strathaus eftir aukinni samræmingu og samvinnu Evrópulanda hvað flug áhrærir, Evrópa verði gerð að einu flugstjórnarsvæði, létt verði af flugfélögum bótaskyldu vegna óviðráðanlegra atburða. Þá þurfi að breyta reglum um flug á öskusvæðum, því líkön þau sem nú ráði hættumati, horfi ekki til þéttleika öskunnar.


Óli Kristján Ármannsson
oka@frettabladid.is

# iMark! með Apple

HM 2010

# iMac

21,5" og 27" LED baklýstur skjár
Full HD upplausn
Þráðlaust lyklaborð og mús
iLife '09 og Snow Leopard
Engir vírusar

**27" 3,06GHz Intel Core 2 Duo**
2560 x 1440 dílar; milljónir lita; IPS-tækni
4GB 1066MHz DDR3 SDRAM
1TB Serial ATA, 7200 rpm Harður diskur
ATI Radeon HD 4670 með 256MB af GDDR3 skjáminni
Innbyggð iSight vefmyndavél (1,3MP upplausn)
Fjögur USB 2.0
Eitt FireWire 800
SD-kortarauf
Innbyggt Airport Extreme (802.11n)
Innbyggt Bluetooth 2.1 + EDR
Þráðlaust íslenskt lyklaborð og þráðlaus Magic Mouse




**21,5" verð frá: 249.990,- kr**

Horfðu á **HM 2010** í Apple tölvunni þinni

## Já, getur keyrt Windows

og fer létt með það...

Sífellt fleiri kjósa tölvur frá Apple og nú eru engar afsakanir eftir þar sem tölvurnar geta keyrt hvaða hugbúnað sem er. Verðið ætti ekki að hindra heldur því Apple-tölvur eru orðnar ódýrari en aðrar PC-tölvur af sambærilegum gæðum.



## HM 2010 TILBOÐ

Elgato EyeTv hybrid sjónvarpsmóttakari
Horfðu á **HM 2010** í Apple tölvunni þinni




**HM verð: 25.990,-**
Listaverð: 28.990,-

## Frí Apple námskeið

Varstu að kaupa þér Apple tölvu eða langar þig að læra meira? Þá getur þú kíkt á námskeið í Apple búðina á Laugaveg 182 og lært eitthvað nýtt.

**Námskeiðin eru án endurgjalds**
og þú þarft ekki að skrá þig, bara mæta.

Nánar um dagsetningu og tíma:
**www.epli.is/namskeid**



**Apple búðin**
Sími 512 1300
Laugavegi 182

**Afgreiðslutími:**
Mán. til fös. 10-18 og lau. 12-16
Lokað laugardaga í júlí

**www.epli.is**

epli.is

Með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar. Tilboð gilda til 11. júlí 2010

**Útgjöldin**

> Kílóverð á harðfiski




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

# neytendur

*hagur heimilanna*

NEYTANDINN: BJARTMAR ÞÓRÐARSON, LEIKARI OG LEIKSTJÓRI:

## *Náði ekki heim á nýja bílnum*



„Ég held að bestu kaupin hljóti að þurfa að vera kaupin á fyrstu íbúðinni minni fyrir rúmum tíu árum, hæð í morknum, bláum timburhjalli við Hverfisgötuna," segir Bjartmar Þórðarson, spurður um sín bestu og verstu kaup. „Þar var sagað, málað og svo selt og fór söluhagnaðurinn í að kosta mig til náms í Bretlandi. Svo var reyndar kofinn rifinn stuttu síðar til að rýma fyrir aðkeyrslu að Skuggahverfisblokkunum, þannig að minnisvarðinn um mína persónulegu útrás er fallinn.

Ég keypti einu sinni eldgamla, forláta Hondu í Hveragerði fyrir slikk. Svaka flottur gripur, pínulítil, með leðursætum og dúskum í afturgluggunum. Ég keyri heim til Reykjavíkur, alsæll með kaupin, en þar sem ég keyri inn í bæinn drepst druslan. Tímareimin hafði farið. Ég náði ekki einu sinni heim á nýja bílnum. Þetta fór þó betur en á horfðist og hægt var að bjarga druslunni. Svo bakkaði reyndar jeppi upp á húddið á þessari elsku tveimur vikum síðar og ég fékk tvöfalt bílverðið út úr tryggingunum. Bíllinn fór í geymslu og þegar ég ætlaði að ná í hann þaðan, festist bensíngjöfin niðri, ég keyrði næstum á og það kviknaði í bremsunum. Mestu veseniskaup sögunnar."

## GÓÐ HÚSRÁÐ

### BORÐA HVÍTLAUK

■ *Margrét Erla Maack útvarpskona ver sig gegn flugnabiti með hvítlauksáti.*

„Besta ráðið sem ég kann er ekki beinlínis húsráð heldur ráð til að nota á ferðalögum," segir Margrét Erla Maack útvarpskona. „Það hef ég frá mömmu minni sem eitt sinn las að besta vörn gegn flugnabiti væri hvítlaukur. Og þegar ég hef farið með henni til útlanda þá er morgunmaturinn alltaf salat úr tómat, basilíku, salti og hvítlauk sem við setjum ofan á brauð. Þegar ég svo fór til Grikklands í útskriftarferð þá innleiddi ég þennan sið hjá herbergisfélögum mínum. Einn daginn sváfum við yfir okkur og fengum okkur ekki salatið og hvað gerðist? Ég fékk þrjú flugnabit þann daginn."

■ **Fasteignakaup fyrir 1.435 milljónir**

## Íbúðaverð á höfuðborgarsvæðinu lækkar



Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu lækkaði um 0,2 prósent frá fyrra mánuði að því er fram kemur á vef Fasteignaskrár ríkisins, fmr.is. Hún var 303 stig í apríl 2010 en miðað er við að í janúar 1994 hafi hún verið 100.

Síðastliðna þrjá mánuði lækkaði vísitalan um 0,1 prósent, síðastliðna sex mánuði hefur hún lækkað um 3,4 prósent og lækkun síðastliðna tólf mánuði var 3,6 prósent. Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu sýnir breytingar á vegnu meðaltali fermetraverðs. 56 kaupsamningar voru gerðir á höfuðborgarsvæðinu aðra vikuna í maí, þar af þrjátíu í Reykjavík. Meðalverð á samningi voru rúmar 25 milljónir eða alls um 1.435 milljónir.

■ **Mikið úrval af stafrænum myndavélum**

## Myndavélar frá tíu þúsund krónum

146 mismunandi stafrænar myndavélar með fastri linsu reyndust vera til þegar Neytendasamtökin könnuðu verð og framboð á stafrænum myndavélum um síðustu mánaðamót. 51 mismunandi vél var til með skiptanlegri linsu í þeim þrettán verslunum sem heimsóttar voru. Verðið reyndist mjög mismunandi „enda mismikið lagt í vélarnar af hálfu framleiðenda" eins og segir í frétt á heimasíðu samtakanna. Lægsta verð á vél með fastri linsu var 9.995 krónur og það hæsta 139.900 krónur. Lægsta verð á vél með skiptanlegri linsu var 49.900 krónur og það hæsta 990.000 krónur. Fram kemur að hægt er kaupa enn dýrari vélar, en þar sem þær eru ætlaðar atvinnumönnum voru þær ekki hafðar með.






# Óveruleg hækkun gjalda

**Æðri máttarvöld hafa verið golfiðkendum hliðholl síðustu daga. Allir golfvellir landsins hafa opnað í ágætu ásigkomulagi. Golfsumarið er að sönnu hafið eftir erfiða bið.**



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**FRÁ KORPÚLFSSTAÐAVELLI** Golfklúbbur Reykjavíkur er langstærsti golfklúbbur landsins. Þar eykst aðsókn jafnt og þétt eins og víðar um land. Nýjar aðferðir hafa verið teknar upp við rástímaskráningu hjá mörgum klúbbum sem fólk ætti að kynna sér vel.

Niðursveifla í efnahagsmálum kom greinilega fram í gjaldskrám golfklúbba í fyrra. Vallargjöld héldust á heildina litið þau sömu og sumarið 2008, enda töldu forsvarsmenn klúbbanna ekki forsvaranlegt að hækka gjöld. Umtalsverð breyting varð jafnframt á golfiðkun þar sem æ fleiri spila hér heima, en fórna golfferðum til útlanda. Golfarar spiluðu einnig meira fyrri part dags og heilt yfir sýndist mönnum að golfvellir væru betur nýttir.

Vallargjöld fyrir golfsumarið 2010 hækka á flestum þeim golfvöllum sem úttekt Fréttablaðsins nær til. Hún hlýtur að teljast hófleg þegar haft er í huga sú gríðarlega hækkun sem hefur orðið á rekstrarvörum klúbbanna. Má nefna að áburður hefur hækkað um 100 prósent og vart þarf að fjölyrða um orkuverð og fleira.

Hörður Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Golfsambands Íslands, segir að í fyrrasumar hafi orðið sprenging í ásókn á íslenska golfvelli. GSÍ heldur utan um rástímaskráningu allra golfklúbba hér á landi og þar kemur fram, svart á hvítu, að ásóknin er sem aldrei fyrr.

Þessari auknu ásókn fylgir mikið álag á vellina. „Sumir hafa notað vallargjöldin til að stýra aðgangi á vellina. Því hefur verið dýrt að spila golf á vissum golfvöllum á besta tíma. Það má segja að um hálfgert fæligjald sé að ræða," segir Hörður.

Í töflu er listi yfir vallargjöld á nokkrum helstu golfvöllum landsins. Gjöldin eru miðuð við meðlimi í GSÍ. Tekið skal fram að allir golfklúbbar bjóða upp á sérstakt verð fyrir eldri borgara, unglinga sextán ára og yngri og hjónafólk. Eins er fjöldi tilboða eða sérkjara í boði, eins og til dæmis sérstakir pakkar fyrir námsmenn svo dæmi sé tekið.

Fólki er bent á ágæta síðu GSÍ golf.is þar sem allar upplýsingar um gjaldskrá og tilboð eru aðgengilegar. Einnig er hægt að fá nánari upplýsingar á sérstökum vefsíðum golfklúbbanna sem vert er að kynna sér áður en haldið er af stað að heiman.

svavar@frettabladid.is

**Vallargjöld**

| 18 holu vellir | Verð | | Morgun- og hádegisverð | |
|---|---|---|---|---|
| | 2009 | 2010 | 2009 | 2010 |
| Garðavöllur (GL) | 4.500 | 5.000 | 3.400 | 3.750 |
| Grafarholtsvöllur (GR) | 6.800 | 7.500 | 5.100 | 5.600 |
| Hamarsvöllur (GB) | 3.500 | 4.000 | 3.500 | |
| Hólmsvöllur (GS) | 4.500 | 5.000 | 3.500 | 3.500 |
| Hvaleyrarvöllur (GK) | 4.500 | 5.500 | 3.500 | 4.000 |
| Jaðarsvöllur (GA) | 3.500 | 3.900 | | |
| Korpúlfsstaðavöllur (GR) | 6.800 | 7.500 | 5.100 | 5.600 |
| Leirdalur (GKG) | 5.000 | 5.500 | 4.000 | 4.500 |
| Strandarvöllur (GHR) | 3.000 | 4.000 | | |
| Urriðavöllur (GO) | 6.800 | 7.500 | 5.400 | 5.500 |
| Vestmannaeyjavöllur (GV) | 4.000 | 5.000 | | |
| **9 holu vellir** | | | | |
| Bakkakotsvöllur (GOB) | 3.500 | 3.900 | 3.000 | 3.000 |
| Hlíðarendavöllur (GSS) | 3.000 | 3.500 | | |
| Hlíðavöllur (GKJ) | 4.200 | 4.800 | 2.300 | 3.400 |
| Mýrin (GKG) | 2.200 | 3.500 | | |
| Nesvöllur (NK) | 5.000 | 5.000 | 4.000 | 4.000 |
| Setbergsvöllur (GSE) | 2.900 | 3.000 | | 2.000 |
| Sveinkotsvöllur (GK) | 2.200 | 2.500 | | |



Hraðpeningar

- þar sem þú færð smálán samstundis













**Skráðu þig á hradpeningar.is** »» **Sendu SMS í 1917** »» **Greitt strax inn á reikning**

TEKUR ENGA STUND

SÓTT UM LÁN Í SMS - 1917,
Á WWW.HRADPENINGAR.IS EÐA
Í SIMA 511 1917

TEKUR AÐEINS
ÖRFÁAR MÍNÚTUR

**WWW.HRADPENINGAR.IS**

Sími þjónustuvers: 511-1917

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Evrubanki greiðir götu endurreisnar Íslands.

## Velvild frá Lúx

Áfanga var náð í endurreisn íslensks efnahagslífs með samkomulagi því sem Már Guðmundsson seðlabankastjóri og Yves Mersch, seðlabankastjóri í Lúxemborg, undirrituðu snemma í gærmorgun. Fram til þessa hefur Seðlabankinn í Lúxemborg verið stærsti einstaki erlendi eigandi krónueigna. Samkomulagið léttir þrýstingi af gengi krónunnar og eykur líkur á að hér verði hægt að lækka stýrivexti enn frekar og taka fleiri skref í þá átt að draga úr gjaldeyrishöftum.


SKOÐUN



Óli Kristján Ármannsson

olikr@frettabladid.is


Í viðtali við Fréttablaðið í dag segir Már samninginn marka mikilvægan áfanga í því að Seðlabankinn sé á ný tekinn að þróa alvörusambönd við erlenda seðlabanka. Bankinn sé að „komast í klúbbinn“ aftur. Þannig aukist almennt traust á landinu. Þá segir hann að Seðlabanki Lúxemborgar hafi sýnt okkur ákveðinn velvilja. Enda er verið að lána okkur fyrir kaupunum á viðlíka kjörum og hafa verið á lánum Norðulandanna til Íslands eftir hrun.

„Hið vinsamlega og uppbyggilega viðmót sem Mersch seðlabankastjóri hefur sýnt í þessu ferli kemur að góðu haldi við að leysa sum þeirra vandamála sem skapast hafa vegna falls banka á Íslandi í fjármálakreppunni og leggur traustan grunn að áframhaldandi góðu samstarfi á milli Seðlabanka Lúxemborgar og Seðlabanka Íslands,“ er eftir Má haft í tilkynningu Seðlabankans í gær.

Seðlabankinn í Lúxemborg er hluti af fjármálakerfi evrunnar og stofnaður á sama tíma og Seðlabanki Evrópu (ECB). Bankinn gefur út evrur líkt og Seðlabanki Evrópu. Sú staðreynd að bankinn skuli koma til móts við Íslendinga með þessum hætti endurspeglar í raun velvild í garð þjóðar sem er í þrengingum eftir að hafa farið illilega út af sporinu í stjórnsýslu og eftirliti með fjármálakerfi sínu. Um leið grefur samkomulagið undan málatilbúnaði þeirra sem viljað hafa mála samskipti Íslands við önnur ríki svörtum litum og virðast trúa því að önnur ríki Evrópu vilji fremur leggja stein í götu Íslands en greiða hana.

Á tímum sem þessum er vert að spyrja sig hverjum gagnist að grafa undan sambandi Íslands við önnur Evrópuríki. Getur verið að einhver hafi af því hag að Ísland troði illsakir við Breta og Hollendinga?

Að minnsta kosti hljóta það að vera ansi sértækir hagsmunir sem sjá því allt til foráttu að hér verði tekin upp mynt sem fæli í sér aukinn stöðugleika, lægri vexti og þar með möguleikann á afnámi verðtryggingar. Er þá ekki horft til áhrifa Evrópusambandsaðildar til batnaðar á verðlag og samkeppni, fyrir utan aukið aðhald sem íslenska stjórnmálamenn hefur sárvantað.

Ein kenning er að peningaöfl hér á landi vilji ná vopnum sínum eftir hrunið og kaupa upp (og skipta á milli sín í takt við valdahlutföll fyrri tíma) þær eignir sem nú eru á forræði bankanna. Þessi öfl kæri sig ekki um að þurfa að keppa við erlenda fjárfestingu. Kenningin er ekki verri en hver önnur í því að hún kann að skýra annars furðulega orðræðu einangrunarhyggju og ótta við útlendinga. Víst hefur einhver hag af því að snúa baki við Evrópusambandinu, en það er alveg örugglega ekki almenningur.


FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871





Ólafur og Kolbrún leiða H-lista – framboð um heiðarleika

H – HREINSKILNI – UMHYGGJA – RÉTTLÆTI


## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Dúsa

Það byrjar ekki vel hjá Ólafi F. Rétt búinn að skila inn framboði þegar konan í öðru sæti, Bryndís Torfadóttir, vill draga nafn sitt af listanum. Og gott betur því hún vildi nafn dóttur sinnar í tíunda sætinu líka af lista. Lögin gera það hins vegar að verkum að þær þurfa að dúsa á honum. Þær eru sem sagt í framboði án þess að vilja það. Skýringarnar hjá mæðgunum eru glórulausar. Þær áttuðu sig víst allt í einu á að þær hefðu ekki tíma til að vera í framboði. Bera við önnum í vinnu og skóla. Rétt er að geta þess að kosningabaráttan í borginni hefur aldrei verið jafn róleg og nú.

### Í nafni heiðarleika

Bryndís vitnaði í kjörorð H-listans um heiðarleika þegar hún upplýsti kjósendur hans (svo!) um að hvorki hún né dóttirin munu starfa með listanum. Í samræmi við það sama kjörorð hefði hún betur upplýst kjósendurna (svo!) um sannleikann í málinu frekar en að bjóða upp á eitthvert rugl.



### Hvað verður um Ólaf?

Gengi Ólafs F. er annars einn af spennufaktorum kosninganna í Reykjavík. Nær hann inn eða ekki? Pólitískum dauða hans hefur verið spáð oftar en einu sinni og oftar en tvisvar. Ólafur hefur verið kjörinn í borgarstjórn fyrir bæði Sjálfstæðisflokkinn og Frjálslynda og óháða. Nú er hann einn og óháður og í framboði í fjórða sinn. Kannanir benda ekki til að hann haldi sæti sínu en hann hefur áður séð það svart. Sjálfsagt kæmi það Ólafi meira á óvart að ná ekki kjöri en að vera kosinn í borgarstjórn enn á ný.



bjorn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Orkan og ferðaþjónustan


Orkumál



Gústaf Adolf Skúlason

aðstoðarframkvæmdastjóri Samorku


Miklar vonir eru nú bundnar við ferðaþjónustu sem vaxtargrein í íslensku atvinnulífi. Óháett er að fullyrða að orkufyrirtækja leggi þar sitt af mörkum. Í tengslum við landkynningu er þannig gjarnan leitað til íslenskra orkufyrirtækja og þau fengin til að setja þar nýtingu endurnýjanlegrar orku í forgrunn. Dæmi um þetta er íslenski skálinn á heimssýningunni í Sjanghæ.

Á síðasta ári heimsóttu yfir 140 þúsund manns íslenskar virkjanir og upplýsingamiðstöðvar orku- og veitufyrirtækja. Munar þar mest um Hellisheiðarvirkjun sem rúmlega 103 manns heimsóttu, mest erlendir ferðamenn, en virkjunin er orðinn fastur liður í reglulegum ferðum nokkurra ferðaþjónustufyrirtækja að Gullfossi og Geysi. Orkuveita Reykjavíkur tók einnig á móti um tíu þúsund manns á Nesjavöllum, sjö þúsund gestir heimsóttu virkjanir HS Orku á Reykjanesi og um 20 þúsund manns heimsóttu virkjanir og upplýsingamiðstöðvar Landsvirkjunar víða um land. Græna orkan trekkir. Önnur orku- og veitufyrirtæki víðs vegar um land taka einnig á móti gestum og sum fyrirtækin hafa lagt verulega fjármuni í gerð göngustíga, uppgræðslu og kortagerð af svæðum í nágrenni sinna virkjana, að ógleymdri aðstöðu sem beinlínis er reist til að taka á móti gestum. Loks taka þessi fyrirtæki á móti fjölda gesta í sínum höfuðstöðvum. Oft er þar ekki um að ræða ferðamenn í hefðbundnum skilningi, heldur erlenda gesti úr heimum vísinda, viðskipta og stjórnmála.

Bláa lónið er hluti af Auðlindagarðinum í Svartsengi, afsprengi virkjunar, en lónið sóttu 420 þúsund manns árið 2009. Perlan er byggð á heitavatnstönkum. 600 þúsund manns komu í Perluna árið 2009. Helstu leiðir ferðamanna inn á hálendi Íslands eru eftir vegum sem upphaflega tengjast framkvæmdum við virkjanir og línulagnir. Þannig mætti áfram telja. Eins og öll önnur fyrirtæki nýta loks orku- og veitufyrirtæki þjónustu bílaleigna, rútubíla, flugfélaga, veitingaaðila o.s.frv., ekki síst á tímum virkjanaframkvæmda. Hagsmunir greinanna fara því vel saman.


FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Að glíma við Hæstarétt

Í DAG



Þorvaldur Gylfason
prófessor

Þrískipting valdsins í lýðræðisríkjum milli framkvæmdarvalds, löggjafarvalds og dómsvalds hvílir á þeirri grundvallarhugsjón, að engum valdþáttanna þriggja er ætlað að drottna yfir hinum tveim. Þeim er ætlað að vegast á. Þaðan er runnin hugmyndin um valdmörk og mótvægi (e. checks and balances), þar sem hver valdþáttur veitir öðrum gagnkvæmt aðhald og eftirlit. Ef einn valdþáttanna þriggja virðist ætla að vaxa hinum tveim yfir höfuð eða beygja sig undir hina tvo, þarf að bregðast við til að gæta þess jafnræðis, sem að er stefnt. Slíku jafnræði er ekki til að dreifa hér á landi eins og dæmin sanna. Hér hefur framkvæmdarvaldið beygt bæði löggjafarvaldið og dómsvaldið undir vilja sinn gegn anda stjórnarskrárinnar og ef til vill einnig gegn bókstaf hennar, svo sem færi mun gefast til að gaumgæfa við þá löngu tímabæru endurskoðun eða endursamningu stjórnarskrárinnar, sem nú stendur fyrir dyrum. Í 60. gr. stjórnarskrárinnar er vikið berum orðum að þrískiptingu valdsins, en þar segir: „Dómendur skera úr öllum ágreiningi um embættistakmörk yfirvalda." Hér er vikið með beinum hætti að eftirlitshlutverki Hæstaréttar gagnvart öðrum valdhöfum.

**Óskorað traust**

Stjórnmálaflokkarnir hafa áratugum saman látið undir höfuð leggjast að endurskoða stjórnarskrána. Tregðan virðist endurspegla ófýsi flokkanna til að deila framkvæmdarvaldinu með löggjafanum og dómskerfinu. Í þessu ljósi þarf að skoða tillögu mína um umskipun og aukið sjálfstæði Hæstaréttar, áður en fjöldi mála, sem tengjast bankahruninu, kemur til kasta réttarins, svo sem ég lýsti á þessum stað fyrir viku. Tillagan helgast af nauðsyn þess að treysta stöðu Hæstaréttar í væntanlegum málarekstri, sem kann að varða fyrrum handhafa framkvæmdarvaldsins og embættismenn auk eigenda og stjórnenda bankanna. Hæstiréttur verður alltaf, og ekki sízt við þær aðstæður, sem nú eru uppi, að verðskulda fullt og óskorað traust fólksins í landinu.

Kjarni málsins er sá, að löggjafinn eða framkvæmdarvaldið getur þurft að skipta sér af Hæstarétti, ef staða hans verður of veik gagnvart hinum tveim eða ef hún verður of sterk. Tillaga mín um endurskipun Hæstaréttar í samhengi við umskipun dómskerfisins, svo sem stjórnarskráin leyfir, hvílir á þessari forsendu. Fyrir stjórnvöldum hafa lengi legið tillögur frá dómarafélaginu og öðrum um að umskipa dómsvaldinu með því að fjölga dómstigunum úr tveim í þrjú, svo að nýtt millidómstig taki við málum, sem áfrýjað er úr héraði, og Hæstiréttur dæmi aðeins í þeim málum, sem mikilvægust eru talin, og hafi þá betri skilyrði en hann hefur nú til að standa vel að verki.

Sé þetta gert, er hægt að leggja niður störf allra dómara í Hæstarétti samkvæmt skýrri heimild í 61. grein stjórnarskrárinnar, en þar segir um dómara: „... og ekki verða þeir heldur fluttir í annað embætti á móti vilja þeirra nema þegar svo stendur á, að verið er að koma nýrri skipun á dómstólana." Þá er hægt að skipa dómara í Hæstarétt upp á nýtt með nýrri aðferð, þar sem erlendir sérfræðingar verða fengnir til að hjálpa til við að meta hæfi umsækjenda og girða fyrir landlægan klíkuskap og nápot. Fyrri dómarar hefðu sama rétt og aðrir til að sækja um störfin.

**Fordæmi Roosevelts**

Svipaður vandi kom upp í Bandaríkjunum í stjórnartíð Franklins D. Roosevelt forseta. Hann náði fyrst kjöri 1932 og hófst fljótlega handa um ýmsar aðgerðir og umbætur til að lyfta landinu upp úr kreppunni, sem Herbert Hoover, forveri hans í Hvíta húsinu, hafði látið afskiptalausa í þeirri trú, að markaðsöflin myndu sjálfkrafa reisa efnahagslífið við og eyða atvinnuleysinu. Roosevelt áttaði sig að vísu ekki á því líkt og sænska ríkisstjórnin um sama leyti, að hægt væri að nota aukin útgjöld ríkisins og minni skattheimtu til að örva atvinnulífið eins og iðnríkin hafa nú gert til að forða heimsbúskapnum frá kreppu. Forsetinn skildi samt, að sértækar staðbundnar ráðstafanir gátu gert gagn. Og þá rak hann sig á Hæstarétt, sem felldi sum bjargráðin úr gildi á þeirri lagalegu forsendu, að þau stæðust ekki stjórnarskrána. Roosevelt grunaði Hæstarétt um fylgispekt við andstæðinga umbótaáætlunar sinnar og taldi, að við svo búið mætti ekki standa. Hann hótaði því 1937 að beita sér fyrir lagabreytingu í þá veru, að fjölgað yrði í Hæstarétti í ljósi þess, að margir dómarar voru þá á áttræðisaldri, svo að efast mátti um starfsþrek þeirra. Hæstiréttur skildi skilaboðin og stóð ekki eftir þetta í vegi fyrir kreppuráðstöfunum Roosevelts. Æ síðan hafa þessi skilaboð Roosevelts til Hæstaréttar þótt orka tvímælis. Sumir telja, að Roosevelt hafi með þessu móti ýft stjórnmálaerjur um réttinn og í honum langt fram í tímann. Aðrir benda á, að skilaboðin hrifu.

AF NETINU

## Hrokapirringur



Forystulið stjórnmálaflokka talar gjarna um nauðsyn þess að hvetja fólk til þátttöku, virkja krafta og hugmyndir, leyfa grasrótinni að njóta sín, fá sem flesta með í gott og uppbyggilegt starf og allt hitt góða sem við viljum gera.

„Glæpur" frambjóðenda Besta flokksins – í huga hinna ráðsettu stjórnmálamanna – er að þau virkjuðu sig sjálf og þurftu enga stjórnmálaflokka til. Þau eru sjálfsprottin grasrót, uppfull af hugmyndaríki og sköpunarkrafti, jafnvel ærslum og gleði.

Og viti menn: Fólk kann vel að meta þau. Það er auðvitað fjandi fúlt fyrir atvinnustjórnmálamenn sem vildu gjarna vera skemmtilegir eða kunna að tala við fólk á mannamáli.

En kommon. Hættiði þessu væli.

http://www.herdubreid.is/?p=1834

Karl Th. Birgisson

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda

## Ársfundur 2010

Ársfundur Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda verður haldinn að Borgartúni 29, Reykjavík á 4. hæð, fimmtudaginn 20. maí 2010 og hefst kl. 16.30.

### Dagskrá fundarins er

1. Skýrsla stjórnar
2. Gerð grein fyrir ársreikningi
3. Tryggingafræðileg úttekt
4. Nýjar reiknitöflur
5. Fjárfestingarstefna sjóðsins kynnt
6. Önnur mál

Allir sjóðfélagar, jafnt greiðandi sem lífeyrisþegar, eiga rétt til fundarsetu á ársfundinum. Sjóðfélagar eru hvattir til að mæta á fundinn.

Reykjavík 19. 04. 2010

**Stjórn Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda**

Auglýsingasími
512 5401
FRÉTTABLAÐIÐ
Allt sem þú þarft...

Auglýst er eftir þremur fulltrúum í sérfræðinefnd til að gera úttekt á stjórnkerfi Reykjavíkurborgar. Ennfremur er óskað eftir tilnefningum frá almenningi um fulltrúa í nefndina.

Hlutverk nefndarinnar er meðal annars að yfirfara stjórnkerfi og stjórnsýslu Reykjavíkurborgar í ljósi skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis og kanna grundvöll ákvarðanatöku í mikilvægum hagsmunamálum Reykjavíkurborgar á síðastliðnum árum. Niðurstöður úttektarinnar eiga að liggja fyrir þann 31. desember 2010.

## ÓSKAÐ EFTIR SÉRFRÆÐINGUM

### – til að gera úttekt á stjórnkerfi Reykjavíkurborgar

Nefndinni verður veittur aðgangur að öllum þeim gögnum sem hún þarf á að halda til að upplýsa einstök mál og umboð til að kalla aðila í stjórnkerfi borgarinnar á fund sinn. Nefndin mun hafa svigrúm til að ráða verkefnisstjóra og utanaðkomandi sérfræðinga sér til aðstoðar.

Leitað er eftir sérfræðingum til starfa í nefndinni með menntun á sviði lögfræði, hagfræði, viðskiptafræði eða stjórnsýslufræða. Starfsreynsla og þekking á stjórnkerfi sveitarfélaga er æskileg.

Umsækjendur skili umsóknum í Ráðhús Reykjavíkur merktum „**Sérfræðinefnd**" fyrir 25. maí næstkomandi. Ennfremur er hægt að senda umsóknir og tilnefningar á netfangið **uttekt@reykjavik.is**.

Nánari upplýsingar veitir
Regína Ásvaldsdóttir skrifstofustjóri
í síma **411 4505** eða **693 9390**
**regina.asvaldsdottir@reykjavik.is**

*Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.*



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL
HOLLENSK PARIKA RAUÐ, GUL & GRÆN 489 KR.KG.
VERÐ ÁÐUR: 693 KR.KG.
MEÐAL BANANI ER U.Þ.B.. 225G EÐA 59 KR.STK.
NÝ UPPSKERA AF RAUÐUM EPLUM FRÁ ARGENTÍNU
BANANAR OG RAUÐ EPLI: 259 KR.KG.
DANSKE GULERØDDER
98
KR. 500g
DANSKE GULERØDDER
DANSKAR GULRÆTUR 500g
ORANGE GULD FRA DEN JYSKE MULD
198
KR. STK
KEXSMIÐJU-HAFRAKEX 220g
OS GOUDA OSTUR MILDUR 26%
Nú með 25% afslætti
972
KR.KG
Merkt verð 1296 kr.kg.
BÓNUS
15 stykki
298
KR.15 STK
BÓNUS KLEINUR 15 STK
198
KR. STK
ÍSLANDSKEX M.SÚKKULAÐI 250g
Merrild
495
KR. 500g
MERRILD KAFFI 500g
GOUDA
25% AFSLÁTTUR
BÓNUS
BÓNUS KORNBRAUÐ 1.KG DUGAR Í 13 SAMLOKUR U.Þ.B. 15 KR. SAMLOKAN
195
KR. STK
BÓNUS
KJARNABRAUÐ
159
KR.500g
BÓNUS KJARNABRAUÐ 500g
G-mjólk
59
KR. FERNAN
MS G-MJÓLK 250ml
Egils PILSNER
Egils APPELSÍN
PEPSI
MAX
500 ML 78 KR. DÓSIN
PEPSI
PEPSI MAX
Kristall
2 LTR. 179 KR. FLASKAN
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL



**598** KR. KG

BÓNUS FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR




**1598** KR. KG

BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR




**459** KR. 960g

HOLTA ELDAÐIR KJÚKLINGAVÆNGIR

*BBQ OG BUFFALÓVÆNGIR - ÞARF AÐEINS AÐ HITA*




**1598** KR.KG

ÍSLANDSLAMB GRILL LAMBALÆRISSNEIÐAR

MERKT VERÐ 1998 KR.KG **20% AFSLÁTTUR**




**1998** KR.KG

ÍSLANDSLAMB GRILL MIÐ-LÆRISSNEIÐAR



**2998** KR.KG

HOLLENSKAR FROSNAR NAUTALUNDIR




**1398** KR.KG

KJARNAFÆÐI FERSKT KRYDDAÐ HEIÐALAMB

MERKT VERÐ 1998 KR.KG.

**30% AFSLÁTTUR**




**898** KR. KG

ALI FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR




Sérskorið ferskt lambalæri þar sem efsti hluti mjaðmabeins og rófubeinið er skorið frá og því er meira kjöt á lærinu og minna bein !

**1398** KR.KG

ÍSLANDSLAMB FERSKT LAMBALÆRI M.KRYDDJURTUM

MERKT VERÐ 1998 KR.KG. **30% AFSLÁTTUR**



**30%** AFSLÁTTUR

K.S FROSIN LAMBASVIÐ

MERKT VERÐ 298 KR.KG **209 kr.kg.**

## K.S FROSNAR LAMBA-SIRLOIN SNEIÐAR



**998** KR.KG

Lamba-Sirloin eru sneiðar úr mjaðma hluta lambalærisins



**2698** KR.KG

K.S FROSIÐ LAMBAFILLET



**1398** KR.KG

K.S FROSIÐ LAMBALÆRI Í SNEIÐUM



**1598** KR.KG

K.S FROSINN LAMBAHRYGGUR Í SNEIÐUM

## FROSIÐ ÓKRYDDAÐ LAMBAKJÖT ER ÓDÝRARA

## BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA

VISA Vildarklúbbur

# Útsvar eða gjaldskrárhækkanir

Borgarmál

Sóley Tómasdóttir

oddviti Vinstri grænna í Reykjavík



Skólaganga barnanna okkar skiptir máli. Leikskólinn er fyrsta skólastigið og svo tekur hin lögbundni grunnskóli við. Þessi grunnþjónusta er í umsjá Reykjavíkurborgar og kostuð með útsvarinu okkar.

Sjálfstæðisflokkurinn lofar að hækka ekki útsvar og halda gjöldum fyrir grunnþjónustu í lágmarki. Það er óforsvaranlegt með öllu. Útsvarið er sanngjarnasta leiðin til að fjármagna grunnþjónustuna, enda byggir það á hlutfalli af tekjum. Ef sjóðurinn dugir ekki er þrennt í boði; að skerða þjónustuna, að hækka þjónustugjöldin eða að hækka útsvarið.

### Þrjár leiðir

Um helmingur af skatttekjum borgarinnar fer í rekstur leik- og grunnskóla og ef við bætist velferðarþjónustan og frístundaheimilin nálgast hlutfallið 70 prósent. Ef fara ætti niðurskurðarleiðina myndi hún óhjákvæmilega koma niður á þessari þjónustu.

Leik- og grunnskólar eru ekki val. Þeir gegna lykilhlutverki á öllum tímum sem menntastofnanir og ekki síður sem staðir þar sem börn geta fundið skjól og liðið vel. Hækkun þjónustugjalda væri því ekkert annað en dulbúin útsvarshækkun á afmarkaða hópa.

Í greiningu Seðlabanka Íslands á stöðu íslenskra heimila kemur fram að barnafjölskyldur eiga erfiðast með að ná endum saman. Gjaldskrár sveitarfélaganna eiga án efa sinn þátt í því og hækkun þeirra yrði til þess eins að veikja stöðu þeirra enn frekar.

Þar sem grunnþjónustan er sameiginlegt viðfangsefni okkar allra verðum við að tryggja að sameiginlegur sjóður sé til staðar og að hann dekki kostnaðinn svo raunverulegt jafnrétti ríki.

### Dæmi um gjaldskrárhækkun




### Raunveruleikinn

Staða borgarsjóðs krefst þess að tekin verði ákvörðun um hvaða leið verði farin. Reykjavík hefur heimild til 0,25 prósenta útsvarshækkunar, en fullnýting hennar myndi skapa 700 milljónir króna í tekjur. Til að afla sömu tekna gegnum gjaldskrár þyrfti að hækka þær um 7,46 prósent að jafnaði. Ef við tökum stefnuskrár allra flokka um að verja grunnþjónustuna trúanlega, þá stendur valið milli útsvars- eða gjaldskrárhækkana.

Til að fá einhverja mynd af því hvað þessar mismunandi leiðir þýða fyrir borgarbúa má á meðfylgjandi mynd sjá dæmi um hjón með eitt barn í leikskóla og eitt í grunnskóla en mismiklar tekjur. Myndin sýnir aðeins útgjöld vegna leikskólagjalda og skólamáltíða í grunnskólum, en tekur ekki tillit til allra annarra gjaldskráa, svo sem vegna bókasafnsskírteina, strætófargjalda, sundferða eða annars sem einnig kæmi til með að hækka ef sú leið yrði farin.

Gjaldskrárhækkun myndi kosta hjón með 4,8 milljónir í árslaun (400 þúsund á mánuði) um 26.000 krónur á ári en útsvarshækkun myndi kosta sömu hjón 12.000 krónur á ári. Kostnaðaraukinn yrði því um 14.000 krónum lægri vegna þjónustunnar ef útsvarsleiðin yrði farin. Sömu sögu er að segja um hjón með 800 þúsund krónur á mánuði, en þar næmi munurinn um 2.000 krónum. Hjón með 1,2 milljónir króna í mánaðarlaun myndu aftur á móti greiða 10.000 krónum meira á ári ef útsvarsleiðin yrði farin.

### Álögur á borgarbúa

Borgarstjóri segist handviss um að fjölskyldurnar í Reykjavík þoli ekki meiri álögur og lofar því að útsvarið hækki ekki. Engin loforð hafa verið gefin um gjaldskrár, önnur en þau að þær eigi áfram að vera lágar.

Þetta kosningaloforð Sjálfstæðisflokksins er til marks um þá takmörkuðu sýn sem enn ríkir innan þeirra raða á eigin stefnu og eigin hugmyndafræði. Eftir græðgis- og frjálshyggjutímabil liðinna ára sem tæmdi sameiginlega sjóði í skattaskjól auðmanna skortir Sjálfstæðisflokkinn enn þá samfélagslegu ábyrgð sem stjórnmálaafl verður að búa yfir. Eftir stendur takmarkalaus tryggð gagnvart þeim sem best standa. Þannig er það og þannig hefur það alltaf verið.

# Af hverju sparisjóði?

Sparisjóðir

Eygló Harðardóttir

alþingismaður



Nýlega tók ríkið yfir rekstur hinna 100 ára gömlu sparisjóða, Sparisjóðs Keflavíkur og Byrs. Báðir sjóðirnir rekja sögu sína aftur til upphafs tuttugustu aldarinnar þegar framsýnir menn tóku sig saman og settu á stofn fjármálastofnanir til að styðja við uppbyggingu atvinnulífsins.

Einkenni sparisjóðanna er hin miklu tengsl þeirra við samfélagið sem þeir starfa í. Þessum tengslum ná þeir í gegnum stofnfjáreigendur og stuðning við uppbyggingu og menningarstarf í byggðarlaginu. Sjóðirnir hafa notið mikils velvilja hjá viðskiptavinum sínum og starfsfólki líkt og mælingar íslensku ánægjuvogarinnar hafa sýnt aftur og aftur. Þrátt fyrir þetta er ekki óalgengt að spurt sé hver munurinn sé á sparisjóðum og venjulegum bönkum. Eru sparisjóðirnir ekki bara venjulegir bankar og ef svo er, til hvers þarf að halda sérstaklega í þá?

Sparisjóðir eru náskyldir samvinnufélögum, gagnkvæmum tryggingarfélögum, sjálfseignarstofnunum og frjálsum félagasamtökum. Meginhugsjónir samvinnunnar eru að fólk nái meiri árangri með því að vinna saman en hvert í sínu horni, að eina leiðin til að tryggja sanngirni í samfélaginu sé að dreifa valdi, lýðræðisleg vinnubrögð og að hvetja til reksturs samvinnufélaga og annarra sameiginlegra félaga sem hafa hagsmuni félagsmanna að leiðarljósi fremur en að hámarka hagnað.

Sameignarfélög vilja ná rekstrarlegum árangri, en á grunni siðferðislegra gilda og sterkrar samfélagslegrar vitundar þar sem hver meðlimur hefur eitt atkvæði.

Þeir sem nota þjónustuna, t.d. með því að versla, leggja inn peninga eða leigja húsnæði eru jafnframt eigendurnir. Markmið þeirra er þó ekki að taka út hagnað í formi arðgreiðslna heldur fá þeir hagnaðinn með lægri þjónustugjöldum, lægri vöxtum, lægra vöruverði eða hærra skilagjaldi. Mikil áhersla er lögð á samfélagslegt hlutverk fyrirtækjanna, þannig að ákveðið hlutfall af arði rekstrarins fer í samfélagsleg verkefni, sem endurspegla samfélagslega ábyrgð félaganna.

Einhvers staðar villtust samvinnumenn af leið og töpuðu sér í græðgisvæðingu hins íslenska samfélags. Víða var unnið markvisst að því að eyða sparisjóðum og samvinnufélögum. Fé án hirðis varð að skammaryrði þegar eignir og sjóðir sem stóðu að baki rekstrinum skiluðu ekki beinum hagnaði í vasa eigenda sinna. Fyrir hrunið var stór hluti sparisjóðanna kominn langt í „hlutafélagavæðingu“, enda hvattir áfram með breyttu laga- og rekstarumhverfi. Áherslan var ekki lengur á samfélagslegan þátt rekstrarins, heldur alltof oft á skammtímagróða og sérhagsmuni.

Í skýrslu rannsóknarnefndar fjallar dr. Hulda Þórisdóttir um aðdraganda og orsakir efnahagshrunsins á Íslandi frá sjónarhóli kenninga og rannsókna í félagslegri sálfræði. Þar bendir hún á að fjöldi rannsókna hafi sýnt að fólk er drifið áfram af mun fleiri hvötum en eiginhagsmunum og ekki hvað síst af sanngirni. Auðveldlega er þó hægt að ýta undir eiginhagsmuni einstaklinga og búa til kerfi sem hvetji til sérhyggju og ósanngirni. „Hagfræðinemar komnir langt í námi hegða sér til dæmis mun frekar til samræmis við forsenduna um eiginhagsmunagæslu en aðrir nemendur og þeir sem skemmra eru komnir í hagfræðinámi“ skrifar Hulda. Samfélagsuppbygging sem hvetur fólk til að meta fyrst og fremst efnisleg gæði framar öðrum gildum á borð við réttlæti eða sanngirni laðar fram hegðun hjá fólki í samræmi við forsendur kerfisins.

> Fyrir hrunið var stór hluti sparisjóðanna kominn langt í „hlutafélagavæðingu“, enda hvattir áfram með breyttu laga- og rekstarumhverfi.

Joseph Stiglitz, nóbelsverðlaunahafi í hagfræði, hefur mikið talað fyrir mikilvægi þess að byggja upp raunverulegt blandað hagkerfi og hverfa frá nýfrjálshyggju. Hann bendir á að hin ósýnilega hönd hins frjálsa markaðar sé eftir allt saman ekkert ósýnileg, hún sé hreinlega ekki til. Því verði endurreisn hins vestræna heims að byggjast á jafnvægi, raunverulegu blönduð hagkerfi þar sem einkafyrirtæki, ríkið og sameignarfélög ná að blómstra. Sanngjarnt, heilbrigt og réttlátt samfélag er líklegra til að vaxa og dafna á sjálfbæran máta, hvort sem litið er til félagslegra, pólitískra eða umhverfislegra þátta.

Á næstu árum verðum við að byggja betra og sanngjarnara samfélag. Lánastofnanir sem þjónusta félagsmenn á sanngjörnum kjörum eru hluti af því. Þess vegna þurfum við að byggja upp betri, sanngjarnari og sterkari sparisjóði.



Fyrirlestraröð

VERKIN TALA

TÆKNI- OG VERKFRÆÐIDEILD HR

20. – 28. maí í Háskólanum í Reykjavík

Í byrjun árs 2009 veittu Samtök iðnaðarins Háskólanum í Reykjavík rausnarlegan styrk til að þróa kennslu í hagnýtum námskeiðum þar sem hugvit og verkvit vinna saman. Undir yfirskriftinni „Verkin tala“ verða nú kynnt ýmis áhugaverð verkefni sem nemendur í verkfræði og tæknifræði hafa unnið á námskeiðum sem nutu styrks SI.

Erindi verða flutt kl. 12:00 – 12:30 alla dagana.

DAGSKRÁ:

Fimmtudagur 20. maí
TÆKNIN ER HEIT – Hagnýt varmafræði, orka og vélar*
William S. Harvey
Stofa: V1.12 Orkutæknistofa

Þriðjudagur 25. maí
SAMSPIL Í HÖNNUN – Arkitektúr og burðarvirkjahönnun*
Björn Guðbrandsson
Stofa: V1.02 BETELGÁS

Miðvikudagur 26. maí
RAFMÖGNUÐ ENDURHÆFING
– Raförvun við endurhæfingu fingra
Arna Óskarsdóttir og Dröfn Svanbjörnsdóttir
Stofa: V1.02 BETELGÁS

Fimmtudagur 27. maí
UMHVERFISVÆNT FORSKOT – Samnýting rafbíla við HR*
Hlynur Stefánsson
Stofa: V1.12 Orkutæknistofa

Föstudagur 28. maí
Á KAFI Í TÆKNINNI – Sjálfvirkur kafbátur*
Jón Guðnason
Stofa: V2.09 Rafeinda- og stýritæknistofa

ALLIR VELKOMNIR!

SI * Verkefni styrkt af Samtökum iðnaðarins

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK REYKJAVIK UNIVERSITY

# Möppumessur

Borgarmál



Jón Gnarr
oddviti Besta flokksins

Besti flokkurinn hefur dálítið mætt á pallborðsumræður. Það er ekki gaman. Þetta er eins og leiðinlegasta leikrit í heimi. Þar sitja frambjóðendur flokkanna við langt borð, og síðan er fólk sem situr úti í sal. Svo tala allir frambjóðendurnir. Þeir tala mest um hvað þeir eru sjálfir frábærir og stundum aðeins um hvað allir hinir eru ömurlegir og hallærislegir.

Þeir lofa öllu fögru. Stundum missir maður hreinlega þráðinn og hættir að skilja hvað þeir eru að segja. Þeir tala skringilegt tungumál og nota orðasambönd og frasa sem hafa enga tilfinningalega tilvísun og eru yfirborðskenndir og innantómir.

Sumir nota Power Point til að gera þetta enn þá kvalafyllra fyrir áhorfendur. Enginn notar Keynote. Svo fá þeir vini sína og stuðningsfólk til að koma á fundina og hlæja að öllu sem þeir segja og klappa fyrir þeim, en vera fúlir við hina. Þetta er eins og sjoppuleg útgáfa af Morfís-keppninni. Þegar þeir eru loks búnir að tala er lítill tími fyrir spurningar, en þá fá þeir líka aftur tækifæri til að tala. Þetta er mjög leiðinlegt. Allir fá höfuðverk. Þetta verður gjarnan eins og leiðinlegasti húsfélagsfundur.

> Það er ekkert uppbyggilegt eða göfugt við þetta. Þetta er bara subbulegt málefnaklám að mestu leyti sem gengur út á að upphefja sjálfan sig á kostnað annarra. Besti flokkurinn vill ekki taka þátt í svona leiðinlegum og óskilvirkum fundum.

Það sem er verst, er að enginn fær neitt út úr þessu og allir ganga fátækari frá borði, nema helst sá sem talaði mest og náði að sýna tíma annarra mesta lítilsvirðingu og drepa flesta úr leiðindum. Sérstaklega andstæðinga. Þeir virða engin tímamörk og halda áfram að blaðra. Jafnvel þó þeir séu komnir langt fram úr þeim tíma sem þeim var gefinn og fundarstjóri sé staðinn upp og orðinn pirraður. Þá hlær meðvirka stuðningsfólkið úti í sal taugaveiklunarhlátri og gefur í skyn að þetta sé eðlilegt og allt í lagi.

En það er það ekki. Það er ekkert uppbyggilegt eða göfugt við þetta. Þetta er bara subbulegt málefnaklám að mestu leyti sem gengur út á að upphefja sjálfan sig á kostnað annarra. Besti flokkurinn vill ekki taka þátt í svona leiðinlegum og óskilvirkum fundum. Okkur finnst þetta tímaeyðsla. Það er gaman í Besta flokknum. Þetta fyrirkomulag er gelt og úrelt og skilar engu uppbyggilegu. Það virðist gert til að drepa niður alla skapandi hugsun.

Allir sem hafa gott hjartalag verða kjaftaðir í kaf. Þetta er bara ein tegund af frekjukeppni. Við göngum sorgmædd út af svona fundum og líður eins og við höfum setið með fyllibyttum á bar. Við höngum ekki á börum. Við viljum gera uppbyggilega hluti og hitta skemmtilegt fólk. Okkur finnst Power Point leiðinlegt forrit. Keynote er aðeins skárra. Við vorum að hugsa um að gera einhverja stórfenglega, leiðinlega Power Point-kynningu, en við höfum ekki tíma til þess.

Við viljum breyta þessu fyrirkomulagi og þeim reglum sem hafa verið settar. Við viljum hitta fólk, milliliðalaust, mæta á vinnustaði og hjá félagasamtökum, sérstaklega ef frambjóðendur hinna flokkanna eru fjarverandi á meðan. Við ætlum að halda þátttöku í pallborðsumræðum í algjöru lágmarki.

Tími frekju, yfirgangs og leiðinda er liðinn.

# Nýtt lýðveldi – nýtt stjórnkerfi

Íslenskt stjórnkerfi



Bárður G. Halldórsson
framhaldsskólakennari

Íslenzka flokkakerfið ræður ekki lengur við hlutverk sitt. Það er ólýðræðislegt, selur sig hæstbjóðanda og nýtur hvorki virðingar né velvildar þjóðarinnar. Einhver háværasta krafa búsáhaldabyltingarinnar var krafan um stjórnlagaþing og nýja stjórnarskrá. Nú þarf að herða róðurinn að því að stjórnlagaþing verði kjörið hið allra fyrsta. Hér fer á eftir tillaga að nýrri stjórnskipan.

1. Forseti Íslands fer með framkvæmdavaldið. Hann skal kjörinn í beinum kosningum og telst réttkjörinn hafi hann meirihluta greiddra atkvæða. Kjósa skal milli þeirra sem flest atkvæði fá ef enginn hefur tilskilinn meirihluta úr fyrri umferð. Allir atkvæðisbærir Íslendingar hafa kjörgengi en skylt er að frambjóðandi hafi stuðning minnst 5% en mest 10% kjósenda. Forseti Íslands skipar ríkisstjórn og skulu ráðherrar vera fjórir.

2. Alþingi fer með löggjafarvaldið og skal kjörið úr einu kjördæmi og skal kjósa 30 þingmenn sem bjóða sig fram sem einstaklingar en hafa meðmælendur með framboði sínu – 1% kjósenda sem lágmark og 2% sem hámark.

3. Dómarar skulu skipaðir til starfa – 4 ár í senn – af forseta Íslands með samþykki Alþingis. Dómstig verði þrjú.

Með því að kjósa forsetann beint er verið að sameina núverandi embætti forsætisráðherra og forseta. Mér finnst óþarfi að fara út í nánari skýringar á þörfinni fyrir þetta, en bendi fólki á að horfa um öxl til síðustu ára. Eitt af því sem einkennt hefur stjórnmálin á Íslandi undanfarin ár er oflæti, ofdramb og sýndarmennska. Lítil þjóð þarf að sníða sér stjórnkerfi eftir þörfum sínum en ekki eftir þörfum flokkanna til þess að koma klíkuvinum í óhófslifnað á kostnað almennings. Fimm manna ríkisstjórn undir forystu forseta er fullfær um að stjórna þessari smáþjóð.

Sama máli gegnir um Alþingi. Það er engin þörf fyrir 63 þingmenn. Má jafnvel færa prýðileg rök fyrir því að 10-15 þingmenn dygðu ágætlega. Hins vegar er talan 30 hugsuð þannig að flest sjónarmið komi mönnum að. Gera má ráð fyrir því að þingmenn greiddu miklu fremur atkvæði samkvæmt hugsjónum eða þeim viðhorfum sem þeir hafa áður kynnt kjósendum ef þeir væru ekki bundnir á klafa klíkuveldis flokkanna.

Setja þarf inn í stjórnarskrá ákvæði um að tiltekinn fjöldi kjósenda – t.d. 10% – geti krafizt atkvæðagreiðslu hvort heldur er í sveitarfélögum eða á landsvísu. Það er orðið miklu minna mál en áður var að hafa atkvæðagreiðslur. Þessum hugmyndum er hér varpað fram til umræðu.





Íbúfen®

*– Bólgueyðandi og verkjastillandi*

**Notkunarsvið:** Íbúfen inniheldur íbúprófen sem er bólgueyðandi, verkjastillandi og hitalækkandi lyf. Íbúfen er notað við liðagigt, slitgigt, tíðaverkjum, tannpínu og höfuðverk. Einnig eftir minniháttar aðgerðir, t.d. tanndrátt. **Varúðarreglur:** Fólk sem hefur ofnæmi fyrir íbúprófeni eða öðrum skyldum lyfjum (NSAID), með skerta lifrarstarfsemi eða alvarlegan hjarta- eða nýrnasjúkdóm á ekki að nota lyfið. Fólk sem fengið hefur astma, nefslímubólgu eða ofsakláða eftir töku acetýlsalicýlsýru eða annarra bólgueyðandi lyfja á ekki að nota lyfið. Gæta þarf varúðar við gjöf lyfsins hjá fólki með tilhneigingu til magasárs eða með sögu um slík sár, aukna blæðingartilhneigingu eða helluroða (SLE). Einnig hjá sjúklingum með veilt hjarta, nýrna- eða lifrarsjúkdóm, sérstaklega ef meðhöndlað er með þvagræsilyfi samtímis, þá þarf að fylgjast með mögulegri minnkaðri nýrnastarfsemi og vökvasöfnun. Lyfið er ekki ætlað barnshafandi konum. **Aukaverkanir:** Íbúfen getur valdið aukaverkunum eins og t.d. meltingar- óþægindum, niðurgangi, ógleði, útbrotum, þreytu og höfuðverk. **Skammtastærðir:** Fullorðnir: Venjulegir skammtar eru 600-2000 mg á dag í 3-4 jöfnum skömmtum. Ekki er mælt með stærri dagskammti en 2400 mg. Börn: Venjulegir skammtar eru 20 mg/kg líkamsþunga á dag í 3-4 jöfnum skömmtum. Börnum <30 kg skal eigi gefa meira en 500 mg á dag. Lesið vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Lyfið skal geymt þar sem börn hvorki ná til né sjá. Janúar 2009

actavis
hagur í heilsu

Frábær kaup

Eximo 2010 hjólhýsi á einstöku verði !

Eximo 520B Hjólhýsi



Verð: 2.998.000kr
Lengd: 5,03 m
Breidd: 2,30 m
Þyngd: 1050 kg
Svefnpláss fyrir 5 (kojuhús)

Eximo 520L Hjólhýsi



Verð: 2.998.000kr
Lengd: 5,03 m
Breidd: 2,30 m
Þyngd: 1050 kg
Svefnpláss fyrir 4

Eximo 460 Hjólhýsi



Verð: 2.848.000kr
Lengd: 4,57 m
Breidd: 2,30 m
Þyngd: 1000 kg
Svefnpláss fyrir 4

- Létt og meðfærileg hús, auðveld í drætti.
- Mjög gott verð.
- Sterklega smíðuð hús.
- Falleg hönnun.

- 91 Lítra ísskápur.
- Gasmiðstöð m/ Ultra heat ( rafm. hitun )
- Litaðar rúður
- 12 og 220 Volta rafkerfi.

Opnunartími:
Mán-Fös. kl: 10-18
Laug. kl: 12-16

Útilegu maðurinn

Fossháls 5-7
110 Reykjavík
Sími 551 5600
Fax 551 5601
utilegumadurinn.is

# Örvænting í Undralandi?

Orkumál

Oddný Eir Ævarsdóttir
rithöfundur



Forstjóri og aðaleigandi erlenda orkufyrirtækisins sem var að kaupa sér einkaaðgang að íslensku auðlindinni gat vart leynt ánægju sinni yfir happafengnum í Kastljós-viðtali, en bar sig þó illa eins og sannur stórbokki og sagðist hafa orðið fyrir miklum vonbrigðum því kaupin hefðu ekki gengið eins snurðulaust fyrir sig og hann hafði búist við vegna „umræðu og hugmyndafræði“. Ég varð líka fyrir miklum vonbrigðum, bæði með þessa ótímabæru sölu og þetta söluferli og vildi óska þess að fleiri snurður hefðu hlaupið á þráðinn; Meiri umræða, endurnýjaðri hugmyndafræði og að fleiri andófsraddir hefðu komið fram en hin brýna rödd Ögmundar. Þrátt fyrir kreppu má um allt land sjá sprota og vísbendingar um nýsköpun og ábyrga afstöðu til náttúru, samfélags og sögu. Það er horft til landsins í þeirri trú að hér séu ekki einungis óvenju tærar orkulindir heldur líka nógur auður í heilabúum til að hægt sé að spinna upp nýstárlega og ævintýralega ábyrga orkustefnu.

> Hrein orka mun ekki falla í verði en auðlindir okkar geta auðveldlega spillst. Gull má bræða og braska með, það heldur áfram að skína þótt skítugar hendur snerti það. Öðru máli gegnir um náttúruauðlindirnar.

Hrein orka mun ekki falla í verði en auðlindir okkar geta auðveldlega spillst. Gull má bræða og braska með, það heldur áfram að skína þótt skítugar hendur snerti það. Öðru máli gegnir um náttúruauðlindirnar. Hví skyldum við, í ljósi allra efnahagsglæpasagnanna, treyst auðmönnum og stórfyrirtækjum aftur fyrir vonum okkar og vatnsbólum? Þessi forstjóri sagði í sama Kastljósviðtali að hann botnaði ekki í þessari tortryggni í sinn garð, því hann væri sá sem hann segðist vera!

Hvað sögðu ekki ráðgjafarnir sem hafa langa reynslu af umhverfis- og stjórnmálaslysum í heiminum? Paul Hawken, John Perkins, Eva Joly, fleiri og fleiri vöruðu okkur við því að efnahagsböðlar myndu reyna að nýta sér bágt ástand okkar á meðan við værum enn í sárum. Þau minntu um leið ítrekað á hagkvæma sérstöðu okkar á svo mörgum sviðum.

Paul Hawken sagði á fyrirlestri í Þjóðmenningarhúsinu rétt eftir hrun, þegar Björk bað hann um ráð okkur til handa, að Íslendingar væru þrátt fyrir allt ekki svo illa staddir, þeir hefðu allt sem til þyrfti til að takast á við 21. öldina: Orkuauðlindir, mannauð og tækniþekkingu og að líklega værum við ein best setta þjóð í heimi, orkulega séð og þar með efnahagslega séð, því nú væri að hefjast enn harðari barátta en áður um orkuna í heiminum.

Af hverju skylduð þið þá grípa til örvæntingarfullra aðgerða eins og að selja orkuna til erlendra stórfyrirtækja og stóriðju? spurði Hawken undrandi. Og hann vísaði til orða rauðu drottningarinnar sem svaraði Lísu í Undralandi þegar hún bað um ráð í örvæntingu sinni: Því hraðar sem þú hleypur og því hraðar sem þú kemst yfir því hraðar kemstu að engu. Erum við í svo mikilli örvæntingu að við ráðum ekki för? Það hlýtur að vera hægt að rifta þessum óhagstæðu hagsmunasamningum. Verðum við ekki að staldra við núna, gefa okkur tíma til að endurskoða lög og sölusamninga? Og völdum þá kaupendunum enn meiri vonbrigðum með opinni umræðu án örvæntingar, í þessu undralandi orku, ólgandi náttúru og nýsköpunartækifæra.

# Verðbréfaþing lífeyrissjóðanna

Lífeyrissjóðir

Sigurbjörn Sveinsson
læknir og stjórnarmaður í Almenna lífeyrissjóðnum



Í yfirstandandi kreppu hefur komið í ljós, að lífeyrissjóðirnir eru veikir stofnanafjárfestar. Þeir móta sér fjárfestingarstefnu, sem mjög er háð rammalöggjöf. Starfsmenn þeirra kaupa síðan og selja verðbréf eftir því sem þeir telja hagstætt fyrir mismunandi verðbréfasöfn, sem lífeyrissjóðirnir eiga. Lífeyrissjóðirnir eru nokkrir stórir svo sem Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, Lífeyrissjóður verslunarmanna, Gildi og Almenni lífeyrissjóðurinn og aðrir eru minni. Þessir lífeyrissjóðir hafa hver um sig sína eigin sjóðstjóra. Lífeyrissjóðirnir leitast við að byggja upp þekkingu til lesturs hagtalna og reikninga fyrirtækja til að geta spáð fyrir um þróun verðmæta skuldabréfa, hlutabréfa og gjaldmiðla og brugðist við ætluðum breytingum sjóðunum í hag. Einnig þurfa þeir að geta lagt í nýjar fjárfestingar sem sumar hverjar bera með sér meiri áhættu en að jafnaði. Það liggur í augum uppi að starfsemi þessi krefst þekkingar, vandvirkni og samviskusemi ef vel á að fara og duga hér engin vettlingatök né slembilukka. Þekking á erlendum og innlendum verðbréfamörkuðum og hentug dreifing fjárfestinga er lykilatriði. Hnattvæðingin gerir jafnvel þekkingu á verðbréfamörkuðum Kína, Indlands og Eyjaálfu verðmæta fyrir íslenska lífeyrissjóði.

Að þessu virtu þá liggur næst við að spyrja, hvernig lífeyrissjóðirnir mæta þeim kröfum, sem til þeirra eru gerðar. Hafa sjóðstjórar þeirra viðunandi þekkingu til að hagræða lífeyrissparnaðinum eins og best verður á kosið og með þeirri dreifingu, sem lágmarkar áhættuna og hámarkar ávöxtunina? Komið hefur í ljós að svo er ekki.

Burtséð frá því, þá er það mín skoðun, að á Íslandi sé í lífeyrissjóðakerfinu fyrir hendi sú þekking sem nauðsynleg er í þágu lífeyrissparnaðarins. Ég tel hins vegar, að þekking þessi sé dreifð um kerfið og komi því ekki að fullnægjandi notum fyrir alla. Starfsmenn einstakra lífeyrissjóða búa yfir umtalsverði þekkingu að einu leyti en eru ef til vill svo fákunnandi um annað að ekki er til gagns. Þá er og sá vankantur á sumum lífeyrissjóðum, að þeir hafi starfað í skjóli einkarekinna banka þar sem eignahaldið hefur haft áhrif á lánasöfn bankanna og verðbréfaeign sjóða, sem þeir reka. Það má lesa út út skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis. Líkast til hafa fjárfestingar lífeyrissjóðanna í öllum þessum sjóðum, í skuldabréfum annarra fyrirtækja eigenda bankanna og í hlutafé bankanna og umræddum fyrirtækjum komið niður á þeim. Komið hefur m.a. í ljós í yfirstandandi kreppu að hver dregur dám af sínum sessunaut í þessum efnum og íslenskur markaður er í raun of fátækur af tækifærum fyrir fjárfestingar lífeyrissjóðanna.

> Hvernig styrkjum við lífeyrissjóðina til að ná betri árangri í faglegum fjárfestingum og hvernig gerum við þá ónæmari fyrir þröngbýlinu og kunningjaræðinu á íslenskum fjármálamarkaði?

Hvernig náum við árangri í baráttunni við þessa annmarka lífeyriskerfisins? Hvernig styrkjum við lífeyrissjóðina til að ná betri árangri í faglegum fjárfestingum og hvernig gerum við þá ónæmari fyrir þröngbýlinu og kunningjaræðinu á íslenskum fjármálamarkaði? Félagar í mismunandi lífeyrissjóðum hafa mismunandi bakgrunn, aldursdreifingin er misjöfn og tíminn frá þjálfun eða námi fram að lífeyristöku er mismunandi og örorkutíðni einnig. Þarfir sjóðfélaganna eru sem sagt mismunandi. Því er eðlilegt að sjóðirnir hafi breytilega ásýnd hvað varðar þjónustu við sjóðfélaga en öllum er það sameiginlegt að þurfa að ávaxta sitt pund með svipuðum hætti.

Norðmenn fara ólíkar leiðir í lífeyrismálum. Þeir fjármagna lífeyrisgreiðslur sínar samtímis töku lífeyris þ.e. búa við gegnumstreymiskerfi sem svo er kallað og leggja því ekki sérstaklega fyrir til samtryggingar eins og við Íslendingar. Auðvitað eiga þeir persónulegan sparnað en það er utan þessarar umræðu. Norðmenn hafa hins vegar lagt til hliðar ágóðann af auðlindum sínum í svokallaðan olíusjóð. Sagt hefur verið, að hann sé hlutfallslega ekki ólíkur lífeyrissjóðunum íslensku að stærð. Þetta er baktrygging norsku þjóðarinnar í lífeyrismálum. Sjóður þessi fjárfestir um víða veröld til að ávaxta pund Norðmanna. Til hefur orðið gríðarleg þekking eignastýringar á einum stað og góð tækifæri skapast til dreifingar áhættu. Dæmi eru auðvitað um töp olíusjóðsins við fjárfestingar eins og annars staðar, en fyrirkomulag þetta ætti að draga úr hættu á skyndiákvörðunum og geðþóttabraski.

Ég tel, að fyrirkomulag þessu líkt geti verið athyglisvert fyrir lífeyrissjóði okkar. Í stað þess að reka hver og einn veikar fjárfestingadeildir gætu þeir verið saman um einn fjárfestingasjóð, sem hefði margvísleg eignasöfn í umsjá sinni. Lífeyrissjóðirnir ættu síðan hlutdeildarskírteini í þessum eignasöfnum og gæti samsetning þeirra verið mismunandi eftir þörfum sjóðanna. Með þessu móti tel ég, að fjárfestingar sjóðanna gætu orðið faglegri, áhættuminni og ódýrari. Lífeyrisgreiðslur og sjóðfélagalán yrðu áfram í höndum sjóðanna enda sjóðirnir hæfari að skipuleggja þá þjónustu, sem félagar þeirra þarfnast.

# Viðbrögð við tveimur blaðagreinum

Guðmundi Andra Thorssyni og Jóni Ólafssyni svarað

Snjólfur Ólafsson
prófessor í viðskiptafræðideild Háskóla Íslands



### Takk Guðmundur Andri

Þakka þér fyrir, Guðmundur Andri, að bregðast skjótt og vel við ósk minni og biðjast afsökunar. Þú orðar það þannig í grein þinni 15. maí: „Sé frétt DV úr lausu lofti gripin er að sjálfsögðu auðsótt mál að biðjast afsökunar á því að hafa haft Viðskiptadeild HÍ fyrir rangri sök.“ Það er staðreynd að frétt DV er úr lausu lofti gripin. Þar sem ekki er víst að allir lesendur líti á þetta sem staðreynd ætla ég að reyna að útskýra það í stuttu máli, sem er reyndar hægara sagt en gert. Í fyrsta lagi er þessi frétt í DV í eðli sínu ekki frétt heldur dæmigert blogg eða ekki-frétt. Höfundurinn tjáir viðhorf sín í blogginu á yfirborðskenndan, slagorðakenndan og fordómafullan hátt.

Hann hefur greinilega mjög lítinn skilning á umfjöllunarefninu. Sem dæmi þá snerist umrætt próf hvorki um „fræði Karls Wernessonar“ eða „viðskiptaæfingar útrásarvíkinganna“.

Innihald „fréttarinnar“ í DV var endurtekið með svolítið breyttu innihaldi á eyjan.is og margir settu inn athugasemdir við það. Ein athugasemd var frá einstaklingi sem þekkti til málsins og var í grófum dráttum þannig: „Ég er í viðskiptafræði og fór í þetta umrædda próf. Við fengum nokkra gestafyrirlesara yfir önnina: N1, Milestone, Marel, Skýrr og fleiri fyrirtæki.

Eitt af þessum fyrirtækjum mun koma á prófinu og Milestone varð fyrir valinu. Þetta er dálítið skondið ef maður hugsar um þetta eftir á að Milestone skyldi koma, en við hefðum alveg eins getað fengið Marel á prófinu. En það var ekki verið að lofsama Milestone og segja að þeir væru svo miklir snillingar. Guðmundur Ólason, forstjóri Milestone, kom bara upp í Háskólabíó og hélt eitt stykki fyrirlestur.“

Í fyrri pistli þínum bættir þú reyndar um betur og sagðir „viðskiptahættir mannsins sem veðsetti bótasjóð Sjóvár í braski sínu hafi verið kenndir við Háskólann“. Því mátti ætla að umrætt námskeið hefði á einhvern hátt tengst því sem gerðist með bótasjóðinn. Eftirfarandi ekki-frétt væri sambærileg: „Í prófi í íslenskunámi við HÍ var spurt um klæðaburð Egils Skallagrímssonar. Það má því ætla að drápsaðferðir Egils séu kenndar í námskeiðinu og að kennararnir séu fullir hrifningar á þeim.“ Fyrir þá sem þekkja til málanna er umræðan um prófið í viðskiptafræðinni jafn vitlaus og þessi ekki-frétt.

Það væri sönn ánægja okkar í Viðskiptafræðideild HÍ að fræða áhugasama um þetta mál eða almennt um námið í deildinni, því við viljum gjarnan að þeir sem fjalla um okkur geri það af nokkurri þekkingu. Hafið endilega samband.

### Kæri Jón Ólafsson

Í Fréttablaðinu 18. maí 2010 er pistill eftir þig sem þú kallar „Háskóli Íslands í vanda“. Nú er það vissulega rétt að háskólar á Íslandi eiga við margvíslegan vanda að glíma og því ekkert rangt við fyrirsögnina.

Innihaldið í grein þinni er því miður hvorki skýrt né rétt. Öll umræðan þín um tiltekið námskeið er mjög villandi, en fyrst og fremst óskiljanleg. Þú talar til dæmis um „aðferðir íslensku fjármálafyrirtækjanna“ en það getur merkt nánast hvað sem er.

Reyndar vill svo til að sá sem kenndi þetta námskeið – og stóð sig vel eftir því sem ég best veit – var þá stundakennari við HÍ en er núna samkennari þinn. Ræddu þetta endilega við hann.

Þú segir um rannsóknir mínar, sem ég vann reyndar með öðrum, að í „þeim „sýndi“ hann meðal annars að íslenska útrásin væri einstakt fyrirbæri sem líklega afsannaði fyrri kenningar um alþjóðavæðingu í viðskiptum!“ Ja, nú er ég aldeilis hissa. Gerði ég þetta virkilega?

Ég hef aldrei orðið var við að ég segði neitt í þessum dúr eða skrifaði. Nú væri vel þegið ef þú myndir senda tilvísanir í þessi skrif mín til mín á snjolfur@hi.is svo ég geti kynnt mér þetta.

Til að fyrirbyggja misskilning þá tel ég að íslenska útrásin hafi verið einstakt fyrirbæri og líklega eru flestir sammála mér um það. Það sem ég kannast ekki við er sá hluti setningarinnar sem lýtur að kenningum um alþjóðavæðingu í viðskiptum.



**LADY GAGA** er þekkt fyrir sérstæðan stíl. Hún sækist nú eftir að gerast lærlingur Philips Treacy, sem er hattagerðarmeistari. Hún hitti Treacy á Brit-verðlaunahátíðinni og innti hann eftir því hvort hann gæti kennt henni listina við að búa til stór og furðuleg höfuðföt.



FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar Henný Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447

Ný sending
www.gabor.is
Sérverslun með
Gabor xena
FÁKAFENI 9 - Sími: 553 7060
Opið mánud-föstud. 11-18 & laugard. 11-16

Eirberg
Fjölþrepa bakbrettið
• Eykur sveigjanleika
• Linar bakverki
• Bætir líkamsstöðu
• Auðvelt í notkun
• Má nota hvar sem er
Verð: 7.950 kr.

Opið virka daga frá kl. 9 - 18
www.eirberg.is • 569 3100 • Stórhöfða 25



Saga verður með uppistand á Prikinu í kvöld klukkan 21.30 ásamt Uglu Egilsdóttur og Halldóri Halldórssyni. Þar mun hún halda uppi gleðinni með því að segja ýkjusögur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Ver sig gegn fljúgandi tónlistarnemendum

**Bleiki hjólahjálmur Sögu Garðarsdóttur leiklistarnema er í miklu uppáhaldi. Hann veitir henni öryggistilfinningu og er kveikja að ýkjusögum sem Saga hefur gaman af og mun segja gestum á Prikinu í kvöld.**

Saga Garðarsdóttir leiklistarnemi hefur sinn sérstaka stíl. Henni þykir gaman að vera búningaleg og þverröndótt þykir henni fallegt. „Svo klæðist ég öllu því sem vinkonur mínar prjóna á mig eða gefa mér,“ segir hún en tískuverslanir forðast hún út af verðlaginu. Heldur kýs hún Tiger og Rúmfatalagerinn.

Uppáhaldsflíkin um þessar mundir er til dæmis bleikur hjólahjálmur sem elskulegur kærasti Sögu gaf henni á dögunum. „Hann veitir mér öryggistilfinningu því án hans er ég stöðugt hrædd um að reka mig upp undir eitthvað eða fá hamar í hausinn. Ég læri líka í svo óöruggu vinnuumhverfi af því leiklistarskólinn er að hruni kominn og hjálmur í raun bara hluti af grunnöryggisbúnaði nemenda. Þannig verjum við leiklistarnemarnir okkur gegn tónlistarnemum sem stundum falla bjargarlausir ofan af annarri hæðinni,“ segir Saga glettin og bætir við: „Svo hefur Hjálmar rektor líka lýst því yfir að þeir nemendur sem haldi nafni hans á lofti með því að ganga með hjálm dags daglega fái meira konfekt á útskrift en aðrir. Þetta fyrirkomulag hentar mér ágætlega því ég tek allri gagnrýni betur með hjálm því hann er nokkurs konar brynja sálarlífs míns,“ segir hún og hlær.

Reyndar er Saga að grínast og gengur ekki með hjálminn dags daglega þótt hún noti hann mikið við hjólreiðar. Henni þykir enda gaman að segja ýkjusögur líkt og hún mun gera í kvöld klukkan 21.30 á Prikinu. Þar verður hún með gamansamt uppistand ásamt vinkonu sinni Uglu Egilsdóttur og Halldóri Halldórssyni.

*solveig@frettabladid.is*

30% afsláttur af stígvélum

hjá Hrafnhildi
Sími 581 2141 • www.hjahrafnhildi.is

Gleðilegt sumar!
SAGA, ÞÓR OG VALHÖLL
Heilsudýnur á frábæru verði.
Queen rúm með botni frá kr. 99.900
STILLANLEG RÚM

2x90 cm – Verð frá 349.900
IQ-CARE
HEILSUDÝNUR OG HEILSUKODDAR
Queen rúm með botni kr. 179.900
Svefn & heilsa
www.svefn.is
Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150 - Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00

# TÍSKA



**CLAUDIA SCHIFFER** sem nýlega sat fyrir ófrísk á forsíðu hins þýska Vogue er nú orðin léttari og eignaðist stúlku nú á dögunum. Claudia er nú orðin þriggja barna móðir.



Hanskar eru jafnt til skjóls og skrauts. Fyrstu öruggu heimildir um hanska eru frá miðöldum þegar riddarar Atla Húnakonungs klæddust hönskum til að verjast kulda.

**Tíska aldanna**


# Gallabrjálæði

| Gallabuxur háar í mittið st. 36-48 | Gallakvartbuxur | Gallapils |
|---|---|---|
| ~~Áður 8.990~~ | ~~Áður 7.990~~ | ~~Áður 7.990~~ |
| Nú 6.990 | Nú 5.990 | Nú 5.990 |



FLASH
Laugaveg 54,
sími: 552 5201




Frá sýningunni í Sotheby´s í París. NORDICPHOTOS/AFP

# Uppboð á kjólum Díönu prinsessu

**Kjólar Díönu prinsessu eru til sýnis í uppboðshúsinu Sotheby´s í París.**

Í Sotheby´s í París stendur nú yfir sýning á kjólum sem Díana prinsessa klæddist meðan hún var og hét en til stendur að bjóða þá upp í Kerry Taylor uppboðshúsinu í London 8. júní. Þar verða þrjátíu munir boðnir upp, flestallt kjólar sem Díana klæddist við hátíðleg tilefni og vöktu athygli. Á það ekki síst við um frumgerðina að brúðarkjól hennar sem þykir einn sá eftirminnilegasti í sögunni.

*- rve*



Díana þótt ávallt smekkleg í klæðaburði og þessi kjóll ber því ótvírætt vitni.

# Öllu tjaldað til í Afríku

**Þekktustu hönnuðir Afríku sýndu á dögunum allt það nýjasta úr sinni smiðju.**

Óhætt er að segja að litadýrð hafi ráðið ríkjum á afrísku tískusýningunni sem fór fram í Abidjan á dögunum.

Þar klæddust fyrirsætur fallegum og litríkum klæðnaði, þar sem óvenjulegar og skemmtilegar litasamsetningar voru áberandi. Þar mátti sjá föt úr smiðju hönnuða frá Benín, Búrkína Fasó, Tógó, Senegal og Fílabeinsströndinni, sem eru allir þekktir í heimsálfunni og sumir utan hennar.

*- rve*



Fallegar litasamsetningar voru áberandi á sýningunni í Abidjan. NORDICPHOTOS/AFP




MIKIÐ ÚRVAL AF FATAEFNUM
ULLAREFNI, JERSEY, JOGGING, FLAUEL, SAMKVÆMISEFNI



Vogue

Reykjavík: Mörkin 4, s: 533 3500  Akureyri: Hofsbót 4, s: 462 3504








Cintamani Verslun
Austurhrauni 3, 210 Garðabær – S: 533-3805


Kate við frumsýningu Robin Hood í glæsilegum kjól frá Marchesa.


Á frumsýningu Wall Street: Money Never Sleeps í gullnum kjól frá Gucci.

# Hinir mörgu kjólar Kate

**Kvikmyndahátíðin í Cannes er suðupottur menningar og tísku. Allar frægustu stjörnurnar klæðast því allra besta sem í boði er á markaðnum og ekki gengur að vera í sama kjólnum við fleiri en eitt tækifæri. Leikkonan Kate Beckinsale er í dómnefnd á hátíðinni og þarf því að koma fram við ýmis tækifæri. Hér má sjá hluta þeirra hátískukjóla sem Kate hefur klæðst á hátíðinni.**


Á fyrsta degi í Cannes var Kate í fötum frá Christian Dior eftir John Galliano.

Í rómantískum silkikjól frá Temperley.

Kate í svörtum kjól með belti frá Balmain sem nýlega var sýndur á tískupöllunum.

NORDICPHOTOS/GETTY

Hin franska Coco Chanel hafði margt að segja um tískuna. Meðal annars: „Tískan er arkitektúr. Þetta er allt spurning um hlutföll.“


Coco Chanel

## Til styrktar dóttur Önnu Nicole Smith

HUNDABÆLI OG BRJÓSTAHALDARI ERU MEÐAL EIGNA ÖNNU NICOLE SEM SELDAR VERÐA HÆSTBJÓÐANDA.

Slúðurpressan kjamsaði lengi á dauðsfalli Önnu Nicole Smith árið 2007 en Anna var þekktust fyrir að giftast gömlum auðkýfingi og erjur hennar við fjölskyldu hans þegar hann lést. Hún lék aukahlutverk í nokkrum kvikmyndum og starfaði sem oft klæðalítil fyrirsæta.

Munir úr eigu hennar verða nú boðnir upp í lok júní í spilavítinu Planet Hollywood í Las Vegas. Er það maki hennar og barnsfaðir, Larry Birkhead, sem stendur fyrir uppboðinu en ágóðinn á að renna í sjóð fyrir dóttur þeirra, Danielynn, auk annarra góðgerðamála.

Meðal þess sem boðið er upp er mikið skreyttur brjóstahaldari, refaskinnskápa, golfkylfur í bleikum poka, hundabæli hundsins hennar og mynd af J. Howard Marshall í anda Andy Warhol.


Ágóðinn af uppboðinu rennur til dóttur Önnu Nicole og annarra góðgerðamála.







Ný sending frá PAS
Str. 36 - 56



Kíkið á heimasíðuna okkar
www.rita.is
Rita
Bæjarlind 6 - Eddufelli 2
Sími 554-7030 Sími 557-1730
www.rita.is

White-Westinghouse
- amerísk gæða heimilistæki



12 kg
Þurrkari
· Tekur 12 Kg · Hljóðlátur
· Stórt op > auðvelt að hlaða
· Sparneytinn
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

Gallery Garn
GÆÐA GARN
Á GÓÐU VERÐI
Súluhöfða 15 – 270 Mosfellsbæ
s: 895 6086
Opnunartímar: mánud. – föstud.
milli kl:13:00–18:00

AFGREIÐSLUSTARF
Afbragðs starfskraftur óskast til starfa í Snyrtibankann, rúmgóða snyrtivöruverslun sem státar af fjölbreyttu vöruvali. Um fullt starf er að ræða og æskilegt að starf geti hafist sem fyrst.
Menntunar og hæfniskröfur: Viðkomandi þarf að geta unnið sjálfstætt, hafa mikla ábyrgðartilfinningu og vera einstaklega þjónustulipur. Menntun á sviði snyrtifræði eða förðunarfræði kostur. Snyrtimennska og góð framkoma skilyrði.
Meðal helstu verkefna: Þjónusta og sala til viðskiptavina, þrif í verslun, framstillingar og önnur tilfallandi störf svo sem lagervinna.
Umsóknir sendast til sgunnbj@simnet.iss fyrir 20.05 2010.

Litun og plokkun
Verð: 3.500 kr.
Brasilískt vax
Verð: 3.500 kr.
Tilboðið gildir í maí 2010
DONG FANG SALON

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki





Sýningin í Aðalstræti 10 stendur til 1. júní og er opin alla virka daga milli klukkan 9 og 18 og milli klukkan 12 og 17 um helgar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Silki og hekl um hálsinn

**Sýning á skyrtubrjóstum og hálsskrauti Írisar Ólafar Sigurjónsdóttur textílhönnuðar stendur nú yfir á Skörinni í Aðalstræti 10. Í dag verður svo opnuð önnur sýning í Kirsuberjatrénu við Vesturgötuna.**

„Ég hef lengi unnið að fylgihlutum eins og húfum og sjölum og byrjaði til dæmis að búa til handstúkur fyrir 30 árum,“ segir Íris Ólöf en skyrtubrjóst eiga hug hennar allan um þessar mundir.

Innblásturinn sækir Íris í menningararfinn og eru hæg heimatökin en hún hefur starfað undanfarin átta ár sem safnstjóri Byggðasafnsins Hvols á Dalvík.

„Ég var áður fimm ár á Árbæjarsafni þar sem ég vann sem textílforvörður svo ég hef haft aðgang að menningararfinum lengi. Í fyrra tók ég svo þátt í sýningu þar sem listafólk valdi sér grip af byggðasafninu til að vinna áfram með. Ég valdi skyrtubrjóst við íslenska kvenbúninginn og er að sýna þróunina og afraksturinn núna í Aðalstræti. Skyrtubrjóstin vinn ég úr silki en ég nota náttúruleg efni eins og ull og silki í allt sem ég geri.“



Íris Ólöf Sigurjónsdóttir, textílhönnuður og safnstjóri Byggðasafnsins Hvols á Dalvík.

Íris segir skyrtubrjóst eingöngu hafa verið notuð af konum hér á landi, þá undir íslenska búninginn eins og peysuföt. Erlendis hafi hins vegar tíðkast að karlmenn bæru skyrtubrjóst með blúndum og pífum.

„Ég hvet því íslenska karlmenn eindregið til að nota skyrtubrjóstin, til dæmis utan yfir boli,“ segir Íris sem hefur í nógu að snúast en í dag verður einnig opnuð sýningin „Heklað í herberginu“ í Kirsuberjatrénu klukkan 17. Þar sýnir Íris hekluð skyrtubrjóst og hálsskraut, skreytt perlum.

„Hekluðu skyrtubrjóstin vann ég úr handspunnu silkibandi sem ég spann sjálf fyrir 25 árum og hef geymt. Svo mun ég einnig sýna skyrtubrjóstin á sýningu í Árbæjarsafni undir yfirskriftinni „Þjóðbúningur í nýrri mynd“, sem verður opnuð núna um mánaðamótin svo það er nóg að gera.“

Nánar má forvitnast um hönnun Írisar á vefsíðunni www.irisolof.is.

*heida@frettabladid.is*



Hálsskraut Írisar fæst meðal annars í Sirku á Akureyri og safnbúð Listasafns Íslands.



Skyrtubrjóst voru notuð af íslenskum konum á öldum áður undir peysuföt.

# Klæði Isabellu boðin upp

**Andlit Isabellu Blow var táknmynd tískunnar árið 2007. Nú verða flíkur og munir úr eigu hennar boðnir upp.**

Isabella Blow var heimsþekkt fyrir sérstakan fatastíl en einnig var hún kunn fyrir að vera með puttann á púlsinum og koma á framfæri efnilegum hönnuðum. Það var hún sem uppgötvaði Alexander McQueen og kom honum á stall með þeim allra bestu.

Klæði hennar þóttu all sérstök en nú mun hluti þeirra verða boðinn upp hjá Christies-uppboðshúsinu í London þann 15. september. Á boðstólum verða skór og flíkur eftir John Galliano og Manolo Blahnik auk fjölda hatta eftir Philip Treacy, sem voru hennar einkennismerki. Þá munu örugglega margir sækjast hart eftir því að eignast þá níutíu muni eftir Alexander McQueen heitinn sem var einnig góðvinur Isabellu.

Á sama tíma og uppboðið fer fram verður gefin út bók um ævi Isabellu Blow.



Isabella Blow var þekkt fyrir sérstæðan fatastíl.

ÚR HÁBORG TÍSKUNNAR

Bergþór Bjarnason skrifar frá París



# Kjólar til leigu

Efnahagslegar þrengingar kalla á lausnir. Þegar minna er um fjármuni og neyslan dregst saman er nauðsynlegt að finna nýjar leiðir til að skila hagnaði, til dæmis með hagstæðara verði og vöruúrvali í takti við kaupgetu viðskiptavinanna. Í tískuheiminum í dag eru það annars vegar ódýrari tískulínur tískuhúsanna sem ganga vel. Hins vegar eru það öflugustu tískuhúsin eins og Chanel eða Louis Vuitton sem ganga vel, engin áhætta er tekin með því að versla þar.

En fleira er nú í boði fyrir tískuáhugafólk sem vill ekki eða getur ekki leyft sér að verja jafn miklu fé og áður í tískuneyslu. Töskur frá fínum tískuhúsum eru nú til leigu í einn sólarhring eða meira eftir því sem viðskiptavinurinn hefur þörf fyrir. Þannig gefst fólki kostur á að nota fína tösku án þess að kaupa hana til dæmis fyrir mikilvægan viðburð eða þá bara til þess að monta sig með án þess að nokkur viti hvaðan taskan kemur. Þó ótrúlegt megi virðast eru margir sem nýta sér þessa þjónustu í dag. Það er því ekki að ástæðulausu að útsjónarsamir aðilar bjóði nú sömuleiðis kjóla og jakkaföt til leigu og þá er ekki aðeins talað um brúðarkjólaleigur. Í dag eru sífellt fleiri sem bjóða upp á kvöldkjóla til leigu og þá er að finna í öllum regnbogans litum, mismunandi efnum, síddum og sniðum. Á afskaplega viðráðanlegu verði er hægt að slá ryki í augun á afbrýðisömum frænkum eða „góðum vinkonum“. Einungis þarf að greiða hóflega leigu og tryggingu sem er svo endurgreidd þegar kjólnum er skilað. Hjá viðkomandi leigusala er hægt að velja úr fjölda mismunandi kjóla og máta á staðnum áður en ákvörðun er tekin um hverju eigi að klæðast.

Internetið spilar einnig sífellt stærra hlutverk í fataleigu og heimasíðurnar spretta upp eins og gorkúlur. Í kreppunni hefur nefnilega fjöldi manna hreinsað til í skápunum og komið í leigu ýmsu því sem safnaði ryki í gegnum netsíður sem sérhæfa sig í fataleigu. Reyndar er ekki aðeins hægt að leigja fatnað heldur nánast allt milli himins og jarðar svo sem garðsláttuvélar, bora, útilegubúnað og svo framvegis. Eigendurnir ná sér í vasapening í gegnum leiguna, leigjendurnir finna það sem vantar hvort sem um er að ræða veislubúning eða verkfæri. Eina vandamálið sem upp kemur er að vafasamir aðilar leigja ónýtt dót og netsíðurnar þvo hendur sínar af allri ábyrgð. En um slíkt er sjaldan að ræða hvað fatnað varðar.

Segja má að þessi leiga sé ákveðið form af endurvinnslu því vissulega dregur hún úr neyslu því viðkomandi leigir það sem hann vantar í stað þess að kaupa það. Ekki er þó líklegt að kaupmenn séu allt of ánægðir með þennan nýja tíðaranda.

*Bergb75@free.fr*

# Hönnuður ársins

**Hin árlega Genlux BritWeek verðlaunahátíð og tískusýning var haldin á dögunum. Þar hlaut breski hönnuðurinn Matthew Williamsson titilinn Hönnuður ársins. Þá var Alexander McQueen heitinn heiðraður með tískusýningu þar sem farið var yfir feril hans. Þar voru meðal annars sýndar flíkur sem ekki höfðu áður sést á tískupöllum.**



Seiðandi kjóll eftir Alexander McQueen.

Grænmunstraður kjóll eftir Alexander McQueen.

Svartur og síður að hætti Matthews Williamson.

fridaskart.is

„Bóluþang“



fríða

SKARTGRIPAHÖNNUÐUR & GULLSMIÐUR

Strandgötu 43 | Hafnarfirði

VORDAGAR HJÁ KRÚSKU



2 FYRIR 1

2 fyrir 1 af rétti dagsins eftir kl. 14.

Tilboðið gildir til 7. júní. Matseðill okkar er endurnýjaður vikulega og er aðgengilegur á heimasíðu okkar, www.kruska.is

KRÚSKA

VEITINGASTAÐUR - VERSLUN - TAKEAWAY

Suðurlandsbraut 12 - Sími 557 5880 - www.kruska.is

Opið alla virka daga frá 11:00 til 20:00



Dansstudio

www.jsb.is

Jazz Contemporary Ballett

Sumarnámskeið

Fjölbreytt 2ja vikna námskeið í allt sumar!

Innritun hafin! Skráning í síma 581 3730 og á jsb@jsb.is

JAZZDANS og PÚL námskeið fyrir þá sem elska að dansa og hafa áhuga á að koma sér í gott form

- Byrjenda – og framhaldshópar. Áhersla á styrk, liðleika og fjölbreytta dansþjálfun.
- Þrjú tímabil, kennt 4x í viku: **31.maí – 10.júní, 14.júní – 24.júní, 28.júní – 8.júlí.**
- Kennarar eru: Ásdís Ingvadóttir, Guðmunda Pálmadóttir, Irma Gunnarsdóttir og Sandra Ómarsdóttir.

**Verð fyrir hvert tímabil er 8.900 kr.**

STRAUMAR AÐ UTAN – klassískur ballett og nútímadans, 14. – 25.júní

Krefjandi námskeið fyrir framhaldsnemendur frá 14 ára aldri.

- Kennt er 4x 90 mín. í viku.
- Tímar **kl.19:00 á mán. og mið. og kl.17:30 á þri. og föst.**
- Kennari: Lilja Rúriksdóttir, listdansnemi við Juilliard í New York.

**Verð á námskeiði: 10.000 kr.**

JAZZ -FUSION 14+

Spennandi jazzdansnámskeið fyrir byrjendur og framhaldsnema frá 14 ára aldri.

- Þrjú tímabil, kennt 3x í viku: **3.júní – 15.júní, 22.júní – 2.júlí, 6.júlí – 16.júlí.**
- Kennarar eru: Arna Sif Gunnarsdóttir, Guðmunda Pálmadóttir og Sandra Ómarsdóttir.

**Verð fyrir hvert tímabil er 7.500 kr.**

KLASSÍSKUR BALLETT – NÚTÍMADANS, 3.-16.ágúst

Krefjandi námskeið fyrir framhaldsnemendur frá 14 ára aldri.

- Kennt er 4x í viku, tvöfaldur tími - 90 mín. ballett og 75 mín. nútímadans.
- Tímar **kl. 16:40 – 19:25, kennt frá mánudegi til fimmtudags.**
- Kennarar: María Gísladóttir og Inga Maren Rúnarsdóttir.

**Verð á námskeiði: 18.900 kr.**



Danslistarskóli JSB er samstarfsaðili að Frístundakorti Reykjavíkurborgar.

Vertu með í sumar!

DANSLISTARSKÓLI JSB

*Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730*

*Bréfasími 581 3732 • jsb@jsb.is • www.jsb.is*

EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

# Með átta opnur í þýsku brúðkaupstímariti

**Hárgreiðslumeistarinn Íris Sveinsdóttir rekur hárgreiðslustofu í Þýskalandi og hefur gert það gott þar í landi um árabil. Á dögunum birtust sextán síður með brúðargreiðslum hennar í nýjasta hefti brúðkaupstímaritsins Hochzeit. Í brúðargreiðslum horfir hún meðal annars til gamalla Hollywood-stjarna á borð við Grace Kelly.**

Í nýjasta hefti þýska brúðkaupstímaritsins Hochzeit er að finna sextán síðna umfjöllun um hárgreiðslumeistarann Írisi Sveinsdóttur og greiðslurnar hennar en hún hefur getið sér gott orð í Þýskalandi.

„Ég fór upphaflega til Þýskalands til að taka þátt í hárgreiðslukeppnum árið 1986 og hlaut leiðsögn þýska landsliðsþjálfarans í hárskurði,“ segir Íris sem vann til fjölda verðlauna og státar meðal annars af landsmeistaratitli. „Í kjölfarið ákvað ég að opna mína eigin stofu sem heitir Iris Hair Art og er í Mainz.“

Árið 1991 fór Íris að vinna fyrir ameríska fyrirtækið Paul Mitchell og hefur ferðast víða til að halda sýningar á vegum þess. „Undanfarin átta ár hef ég svo verið með tvær stórar brúðarsýningar í Þýskalandi og síðustu fimm árin hef ég gert brúðarlínu fyrir Hochzeit. Í ár gáfu þeir út sérblað um brúðargreiðslur og þar fengu greiðslurnar mínar sextán síðna umfjöllun. Þar af voru tvær síður lagðar undir viðtal við mig,“ segir Íris. Hún vinnur náið með ljósmyndaranum Bernd Siegel sem myndar greiðslurnar skref fyrir skref en þannig getur fólk séð hvernig þær verða til auk þess sem þær eru stundum notaðar sem kennslumyndir fyrir hárgreiðslufólk. Íris segir umfjöllunina mikla viðurkenningu enda hafi enginn annar hárgreiðslumaður verið tekinn fyrir með sams konar hætti.

Íris flutti heim fyrir þremur árum og tók við rakarastofunni Hárbæ að Laugavegi 168 af föður sínum Sveini Árnasyni. „Bæði pabbi og afi voru rakarar svo þetta er í ættinni. Ég byrjaði sem rakari en fór svo yfir í síðara hár og þó ég klippi, liti og raki þá finnst mér æðislega gaman að gera uppsetningar og greiðslur, ekki síst brúðargreiðslur enda frábært að fá að taka þátt í stóra deginum með fólki.“


Greiðslurnar voru myndaðar skref fyrir skref.

Íris er enn með annan fótinn í Þýskalandi og rekur áfram stofuna í Mainz. Spurð um þýsku hártískuna segir hún hana aðeins stífari en hér heima enda hægt að setja hárið meira upp án þess að eiga það á hættu að það fari út um allt í næstu vindhviðu. Þá segir hún hártískuna kvenlegri nú en oft áður. „Það gerist alltaf í kreppu. Línurnar verða kvenlegri, konur mála sig meira og það er meira um blúndur og annað fínerí. Í brúðargreiðslunum hef ég því meðal annars verið að horfa til gamalla Hollywood-stjarna eins og Grace Kelly og fleiri en auk þess finnst mér gefast vel að vera með annan fótinn í Þýskalandi og nota áhrif frá báðum löndum.“

*vera@frettabladid.is*


Íris hefur sérstaklega gaman af því að gera brúðargreiðslur enda fær hún þannig að taka þátt í stóra deginum með fólki. Hún rekur hárgreiðslustofu á Laugaveginum og í Mainz í Þýskalandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN








# Franskar línur í Kína

**Tískuhönnuðurinn John Galliano sýndi síðasta laugardag nýja línu undir heitinu Cruise. Sýningin fór fram í Sjanghæ í Kína í tilefni enduropnunar Dior-hátískuverslunar í borginni.**

Verslun Dior var opnuð á Plaza 66 í einum af hæstu skýjakljúfum Sjanghæ. Verslunin þykir öll hin glæsilegasta en kínverskir kaupendur eru vaxandi viðskiptavinahópur hátískufatnaðar.

Á sýningu Galliano mátti sjá tilkomumikla kjóla úr myntulitu organsa og sælgætisbleiku silki í bland við götujakka, frakka og svartar buxur. Hönnuðurinn sagðist sjálfur ekki vilja kynna Kínverjum tískulínu undir asískum áhrifum, heldur leggja franskar línur. Kínverskar konur eigi það sameiginlegt með kynsystrum sínum í Frakklandi að virða hið hefðbundna en þyrsta jafnframt stöðugt í eitthvað nýtt og ögrandi. *- rat*



Galliano segir kínverskar konur þyrsta í eitthvað nýtt og ögrandi en beri þó virðingu fyrir hinu hefðbundna.

Tilkomumiklir kjólar úr organsa og silki voru áberandi á sýningunni á laugardaginn.



Stællegur frakki við svartar þröngar buxur.



Galliano sýndi franskar línur í Sjanghæ um síðustu helgi í tilefni opnunar hátískuverslunar Dior í borginni.

MYND/APNORDICPHOTOS






Óska e.að kaupa Belarus traktora yfir 90hö. Uppl.í síma 866-0471.

Óska eftir bíl, 30-150 þús. Má þarfnast lagfæringar. Uppl. í s. 868 8565.

**Vantar ódýrann**
Vantar ódýrann bíl. Má þarfnast lagfæringar. Skoða allt. Allar tegundir, allar árgerðir. S. 857 9326.

## Jeppar



Til leigu smágrafa. Tilvalin í garðvinnuna, pallasmiði og fleira. Upplýsingar : 6998370 og 8220428.



Rafskutla til sölu vel með farinn árgerð 2008. Upplýsingar í síma 8605238.

Til sölu Suzuki Wagon R+, árg. 2003, ekinn 78000 km. Umtalsvert tjónaður að framan, óska eftir tilboðum! Upplýsingar í síma 8452811 eða raggahalldors@hotmail.com

Partatorg.is 565-6020 Erum að rífa td Mazda 3/6. Focus 03, Mondeo 02, Escape 06, Volvo xc70 02 Kia Sorento 06, Corolla 99-07, Yaris, Octavia 04, ofl ofl. partatorg@partatorg.is

## Húsbílar



Til sölu Fiat Ducato árg.2007, vél 2,2. McLouis 464 stell. Ekinn 25 þús. Mikið af aukahlutum, góður bíll. Uppl. í síma 845 5007

## Mótorhjól



Klárt á klaustur KTM sxf 250.nýl dekk og stimpill verð 498000 uppl 893-5489.




## Fjórhjól



Gott úrval af góðum og vönduðum töskum á fjórhjól HAGKAUP GARÐABÆ SÍMI 563 5412

## Reiðhjól

Til sölu 3ja gíra DBS 28" kvennreiðhjól. Stellhæð = 55 cm. Lugtir aftan og framan. bögglaberi, standari, keðjukassi og innbyggður lás. Verð 45 þús. Gott og lítið notað. Uppl. í s. 555 2235.

Til sölu 26", 21. gíra MUDDY FOX Sorcerer fjallahjól, með Shimano MOUNTAIN-LX gírum, eins og nýtt. Sérlega vandað hjól. Verð 35 þús. Uppl. í s. 555 2235.

## Kerrur



Álkerrur frá HUMBAUR, heildarþyngd 750 kg. Verð frá 165.035 kr. www.topplausnir.is Bjóðum raðgreiðslur. Topplausnir ehf. Lyngás 8, Garðabæ s:898-7126



Tekur kerran of mikið pláss. Kerran sem þú brýtur saman eftir notkun fæst hjá Orkuveri Trönuhrauni 7b . Kynntu þér málið á www.orkuver.is Einnig til sýnis hjá Toppbílum Klettshálsi

## Hjólhýsi

Hymer Nova 465 Sama og nytt skráð 2008 fyrst notað 2009 Markisa , Sólarsella , Heitt og kalt vatn, gólfhiti. Grjótgrind, Gas og rafmagnshiti , Sjónvarpsloftnet .2 gaskútar. Eitt með öllu eins og Nýtt. Verð 3.900.000.- Uppl. 891 7125

Kip árg. ,85. Svefnpláss fyrir 4-5. Innflutt ,06. Verð 390þús. S 696 3369



LMC Dominat 560stafsetningu'06 mjög vel með farinn, sólarsella, Aldin hitakerfi, grjótgrind ofl. 3mkr uppl 892 2100.

## Fellihýsi

Aliner Expedition 06' m. sólarsellu, 2 gaskútum, grjótgrind, sóltjald, loftnet o.fl. lítið notaður skoðaður 11' v.1.800þ. uppl: 6935151




Álbox fyrir tjaldvagna og fellihýsi KE Málmsmiði, Axarhöfða 18. S. 587 0626 & 696 3522. www.ke.is

Palomino Colt 9 2006 m. fortjaldi verð 1.290þ. uppl: 896-6177

Fleetwood Yuma árg. 2006 til sölu. 10 feta og svo til ónotað. Sólarrafhlaða, pláss fyrir tvo gaskúta, hljóðlát miðstöð, geislaspilari, markísa o.fl. Staðgreiðsluverð 1.650.000. Upplýsingar í síma 6628811

## Pallhýsi



Tischer trail 305 S. 2 ára, hlaðinn aukahlutum. Húsið er til sýnis hjá Víkurverk. S. 691 6060 & 567 2893.

## Vinnuvélar

Til sölu ítölsk bertoli ljósavél, 12 Hv. Fæst á gjafaverði 650 þús. Keyrð 130 klst. S. 578 0555

Til sölu 30 tonna beltavél ,98 ek. ca. 6500 tíma. Einnig hjólavél, Komatsu 150 árg. ,91. Nýlegur mótor.S. 892 5309.

## Lyftarar




**Körfubílaleigan.**
Ódýr og góð þjónusta. Vinnuhæð 32 metrar. Sala og leiga. S. 893 3573.

## Varahlutir




Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga 9-18. Við erum þjónustuaðilar fyrir Úrvinnslusjóð. Eigum bíla til sölu. Bilapartar, Grænamýri 3, Mosfellsbær.







**Bílapartasala**
Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www.netpartar.is

**Bílapartar og þjónusta. S. 555 3560**
Sérhæfum okkur í Subaru, Nissan, Toyota o.fl. Kaupum bíla til niðurrifs eða uppgerðar. Tökum alla bíla til förgunar gegn skilagjaldi. Dalshrun 20.

**Partahúsið - S. 555 6666**
VW Bora, Golf, Passat, Caddy, Audi A4. Hyundai Getz H1, Starex, Santa Fe, I30. Honda Jazz, CRV. Toyota Avensis, Yaris. M.Benz margar gerðir. Fiat Punto. Suzuki Swift. Chevrolet Lacette. MMC Galant, Pajero. Citroen Berlingo. Daihatsu Terios. Peugot 206. Man 26530 árg.'05. og margt fleira. Kaupum bíla til niðurrifs. S. 555 6666 & 615 0888. Hvaleyrarbraut 20 Hafnarfirði.

**partabílar.is 770-6400**
Er að rífa bmw 525d 02, daewoo lanos 98-03, dodge carvan 97, dodge neon 01, fiesta 97, civic 97, getz 04-09, jeep grand 99, kia sport 99, m.benz 230 80, terrano 00, peugot 306 98, kangoo 99-01, twingo 99, felisa 99, swift 05-09, xl7 05, yaris 05, vn lt 98, almera 00, primera 99. Kaupum bíla í niðurrif.

**Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.**
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

Varahlutir í MMC Space Wagon ,97, Kia Sephia ,99, Yaris ,00, Hatcback ,96, ,97 1600, Xli 1300 ,94, Escord ,98. Accent ,95 & ,97. Impreza ,99. Legacy ,96. Almera ,98. Carina ,97, Vento ,97, Lanos ,99, Elantra Wagon ,97, Civic ,99. Golf ,95. Kaupi bíla til niðurrifs. S. 896 8568.

**VW, Skoda, Audi. S. 534 1045**
Varahlutir í VW, Skoda og Audi bíla. Kaupum bíla til niðurrifs. Bílabúið, Suðurhella 10, Hfj.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Fiat Brava og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

**Overhedd S. 565 0455**
Eigum varahluti í Audi,Benz, Bmw, Musso, VW og margt fl. getum einnig úvegað nýja og notaða varahluti að utan. Erum fluttir í Hafnarfjörð nánar Hvaleyrarbraut 20. overhedd@gamil.com

## Hjólbarðar

4 Yaris felgur m/ koppum og gömlum dekkjum, Verð: 20þús. Sími: 554 2718/698 2446.






22" felgur, 5 gata, gatastærðir 5X5,5 og 5X5. Passar undir Ford 150, Dodge, Chrysler Aspen, Durango. V. 85 þ. og s. 899 5120.

**Þarftu að láta hjólastilla bílinn?**
Við notum fullkomna hjólastillitölvu. PITSTOP, S: 565 2121 Hjallahrauni 4, 220 Hafnarfirði.

## Bátar







## Til sölu




## Til sölu

**bílaland S: 525 8000**
MIKIÐ ÚRVAL FÓLKSBÍLA, JEPPA OG ATVINNUBÍLA





**HONDA ACCORD**
Nýskr: 03/2006, 2000cc
4 dyra, Sjálfskiptur, Rauður, Ekinn 27.000 þ.
**Verð: 2.270.000**
YJ-161

**HYUNDAI TERRACAN GLX**
Nýskr: 07/2003, 2900cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Brúnn / Grár, Ekinn 132.000 þ.
**Verð: 1.980.000**
NX-079



**NISSAN QASHQAI LE DIESEL**
Nýskr: 09/2007, 2000cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Grár, Ekinn 53.000 þ.
**Verð: 3.590.000**
LV-H46



**NISSAN NAVARA SE**
Nýskr: 09/2008, 2500cc
4 dyra, Sjálfskiptur, Hvítur, Ekinn 1.000 þ.
**Verð: 3.990.000**
ME-L69



**LAND ROVER DISCOVERY 3**
Nýskr: 10/2006, 2700cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Dökkgrár, Ekinn 43.000 þ.
**Verð: 5.780.000**
RS-210

**SAAB 9-3**
Nýskr: 11/2007, 2000cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Blár, Ekinn 30.000 þ.
**Verð: 3.180.000**
RU-385

**SUBARU LEGACY**
Nýskr: 01/2005, 2000cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Ljósgrár, Ekinn 97.000 þ.
**Verð: 1.680.000**
RG-085

**VOLKSWAGEN GOLF**
Nýskr: 06/2004, 1600cc
3 dyra, Beinskiptur, Hvítur, Ekinn 116.000 þ.
**Verð: 1.180.000**
VY-166

**TOYOTA AYGO**
Nýskr: 09/2006, 1000cc
5 dyra, Beinskiptur, Ljósgrár, Ekinn 40.000 þ.
**Verð: 1.480.000**
AR-425



**TEC TRB410**
Nýskr: 06/2007, 4. manna, kojur, WC, Truma miðstöð,
**Verð: 1.950.000** RZ-602

**Líttu við að Sævarhöfða 2 eða Fossháls 1 - Allar tegundir bíla - bilaland.is**

**Full verslun af nýjum vörum frá Bat& Bodyworks og Victoria´s Secret!!!**

B&B handsápurnar vinsælu, Body Mist, Body Lotion; Bubble bath, Body scrub, Glossar o.mfl. Nýir ilmir: ma, Orange Safir, Berry summer Vanillas, Island Waters. Mango Temptation

**WWW.Snót.is**
**S: 897 2902**

**BOMAG**
Viðgerðar- og varahlutaþjónusta
Eigum fyrirliggjandi varahluti í þjöppur og valtara
VélRás
Sími 555 6670 • www.velras.is • Rauðhellu 16 • Vagnhöfða 5

**IVECO**
Viðgerðar- og varahlutaþjónusta
VélRás
Sími 555 6670 • www.velras.is • Rauðhellu 16 • Vagnhöfða 5

HJÓLBARÐA GRAFARVOGS VERKSTÆÐI
- Hjólbarðaviðgerðir
- Smurþjónusta
- Bremsur
- Demparar
- Rafgeymar
- o.fl.

Gylfaflöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is
GENERAL HJÓLBARÐAR

FJARÐARBÓLSTRUN ehf Sími 864 - 4188
Sérsaumum einangrunarlok og yfirbreyðslur á allar tegundir potta.
Metum og gerum við.
Margra ára reynsla.
Netfang:
leit.is/servefir/fjardarbolstrun

BRA
BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AUÐUNS
Nýbýlavegi 10 - Kóp. - S. 554 2510
TOYOTA-þjónusta www.bilasprautun.is

SMURSTÖÐIN EHF.
„Sá smurði gengur"
Smurþjónusta og smáviðgerðir
Dalvegi 16a • 201 Kópavogi • Sími 554 3430

**Lækkað verð á Royal Canin hundafóðri!**
Medium 15kg. Verð: 10.900 kr.
Maxi 15kg. Verð: 11.200 kr.
Opið virka daga 10-18 og lau 10-16
DÝRAGARÐURINN
Síðumúla 10 • S: 517-6525

Öflugir fjarstýrðir bílar í miklu úrvali.
Tómstundahúsið
Tómstundahúsið • Nethyl 2 • sími: 5870600 • www.tomstundahusid.is

Ronseal lituð viðarvörn
Flagnar ekki, springur ekki.
Hefur 5 ára veðrunar þol.
Þolir rigningu eftir 60 mín.
Er vatnsþynnanleg
Ásborg • Smiðjuvegi 11 • s. 564 1212

Rafstilling ehf
startarar-alternatorar-perur
viðgerðir-sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

CARGO sendibílaleiga 566 5030 www.cargobilar.is
Sendibílar til leigu
Þú leigir hann.
Krefst ekki meiriprófs réttinda

- Steypusögun
- Kjarnaborun
- Múrbrot
- Hellulagnir
- Jarðvegsvinna
- Öll almenn-verktakavinna

BROTAFL
STEINSÖGUN - BORUN - BROT
Brotafl ehf
Símar 894 8040
894 8044
Fax 565 0050
Netfang: brotafl@simnet.is

Allt á einum stað
BREMSUVIÐGERÐIR
BREMSUKLOSSAR
SPINDILKÚLUR
ALLAR PERUR
HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
RAFGEYMAÞJÓNUSTA
OLÍS SMURSTÖÐ
BÓN OG ÞVOTTUR
SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTA
SÆTÚNI 4 • SÍMI 562 6066

MARKÍSUR
Frábær lausn til að auka skjól fyrir regni og vindi. Hentugt á svalirnar, veröndina og fyrir veitingarstaði.
Sér merkjum einnig og sérútbúum fyrir fyrirtæki.
SKELIN Smiðjuvegi 72, 200 Kópavogi. S. 578 6300, www.skelinehf, skelinehf@skelinehf.is

Vorum að taka upp nýjar vörur frá Vanity Fair
Ynja UNDIRFATAVERSLUN
HAMRABORG 20A • KÓPAVOGI 544-4088 • YNJA.IS

BÍLAVERKSTÆÐI AUÐUNS
TOYOTA ÞJÓNUSTA
ALLAR ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR
FOSSALEYNI 16 • GRAFARVOGI
WWW.BIFREIDAVERKSTAEDI.IS
S. 587 1350

THAIGRILL.is
Sjáið matseðilinn á www.thaigrill.is
Góður matur á góðu verði
HRINGIÐ - PANTIÐ - SÆKIÐ
Sími: 562 8333
Hagamelur 67 - 107 RVK
Opið frá 17:00 til 21:00 alla daga
Frábært Fjölskyldutilboð
Kjúklingur Kókos & Chili
Svínakjöt m/ cashewhnetum
Djústeiktar Rækjur
Steiktar Eggjanúðlur
Hrísgrjón & Sósa
kr. 4000.-

# Þjónustuauglýsingar
Alla fimmtudaga
sigrunh@365.is
arnarut@365.is

# KEYPT & SELT

## Til sölu

**Mýranaut**
**Gæða nautakjöt beint frá Býli. Hagkvæm magninnkaup, engin aukaefni. Snyrtilegur frágangur. Erum að taka á móti pöntunum til afgreiðslu í júní.**
**www.myranaut.is**
**Mýranaut ehf, S. 868 7204**



Öryggis- og peningaskápar.

Lyftingabekkur til sölu, selst ódýrt. Upplýsingar í s. 848 1066 og 772 1366.

**Skrifstofubúnaður til sölu. Selst ódýrt.**
Kraftvélar ehf Dalvegi 6-8 / 201 Kópavogi / Sími 535 3500.

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.**
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

**Staðgreiðum gull, demanta og úr.**
**Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!**
**www.kaupumalltgull.is**
**Upplýsingar í síma 661 7000.**

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.**
**Upplýsingar á demantar.is í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

Óska eftir því að kaupa candy floss vél og poppkornsvél í góðu ásigkomulagi. S. 692 8290

## Vélar og verkfæri



**Fjölnota sög**
Til sölu sög/afréttari/þyktarheff-ill/(fræsari ) fråbær vél. V. aðeins 175þ. Uppl. í s. 660 1050 Gunnar.

## Til bygginga




**Vinnupallar til sölu**
Lengd 1,8, hæð 3 metrar, 40 einingar, 72 metrar, breidd 1,2. Mjög ódýrt. Uppl. í s. 857 3609

## Verslun




Nýjar sendingar af sundbolum og tankini frá TYR og Triumph fyrir konur á öllum aldri. Einnig sundskýlur, boxers og hnésíðar skýlur. Kíkið við á vefsíðu okkar www.aquasport.is Bæjarlind 1-3, 201 Kópavogur, sími: 564 0035




## Til sölu



**Ný sending af sundbolum, bikinium og sundskýlum frá TYR**
**Kíkið við á vefsíðu okkar www.aquasport.is**
Aqua Sport SUNDVERSLUN
**Bæjarlind 1-3**
**201 Kópavogur**
**sími: 564 0035**
**www.aquasport.is**



NÝ SENDING!!! árfram lagersala 1-3 þús. Emilía Bláu húsin Faxafeni s: 588 9925 emilia.is

## Heildsala

lager til sölu fatnaður leikföng barnavara ýmisleg selst á góðu verði S:896 4562.

# HEILSA

## Heilsuvörur



Aloe Vera Heilsunnar vegna Betri lífstill - meiri orka. Magnús og Hlíf sjálfstæðir dreifingaraðilar 822 8244 www.flp1.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betri-heilsa.is/erla

Árangur með Herbalife í 30 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd




**TANTRA MASSAGE**
An exclusive gift for men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

**SPA - DREAM OASIS**
**Fáðu kort og nudd frítt.**
NUDD: Heilln., Slökunarn., Skrúbb, Pottur, Sólbekkir og fleira. Símar 567-6666 og 862-0941. http://dreamoasis.magix.net

**NUDD**
Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

**NUDD - Tilboð - NUDD Dekurdagur**
Skrúbb, heitur pottur, nudd f. 2 kr. 9900,-. Detox - f. 2 kr. 9900.-. Margar teg. nudd, alhliða snyrting, slökun, veitingar, heilsu, vítamín, næringarráðgjöf. Ekkert sex nudd. No sex massage. Uppl. - pantanir s. 4455000 JB Heilsulind Skúlagötu 40. Opið 12-18.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið

SCHOOL OF ICELANDIC

**NORSKA - NORWESKI - ICELANDIC ANGIELSKI dla POLAKÓW**
ICELANDIC: Level I: 4 weeks Md to Fr; 10-11:30 or19:45-21:15, start 25/5, 28/6, 3/8. Level II: 4 w: Md to Fr; st. 18:00-19:30, st: 25/5, 28/6. Level III: 4w:13-14:30 st:25/5, 28/6. Level V: 4w: Md-Fri 8-9:30 st.25/5 Level VIII Sat/Sun 17-18:30 st 29/5. NORSKA: stig I: 4 vikur, mán til fös 19:45-21:15, stig I: 25/5, stig II: 28/6 ANGIELSKI dla POLAKÓW: Level I, 5 weeks, Md to Thu: 10:00-11:30 or 19:15-20:45 st. 31/5. Fullorðinsfræðslan, Ármúli 5, s.5881169. www.icetrans.is/ice

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

Ökukennsla. Kenni á Subaru Legacy árg. ,07. Uppl. í s. 891 6055, Kristján.

# HEIMILIÐ

## Dýrahald

Gott viðskiptatækifæri; 25 fallegar Finkur og 6 Canaryfuglar til sölu, gott verð, S.8944894

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Fyrir veiðimenn



Bátar til leigu á sjóstöng uppl. í s. 6610988

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**www.leiguherbergi.is**
**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**
**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535.**
**www.leiguherbergi.is**

## Skemmtanir

**IRISH PUB ZAPRASZA**
**IMPREZA „DISCO POLO“**
**WRAZ Z ZESPOTEN „MAGIC“**
**SOBATA 22/05 • STARTS 22:00**
**USTEP WOZNY**
**UL REYKJAVÍKURVEGUR 60, HAFNARFJÖRÐUR**

**Leiguliðar ehf Fossaleyni 16**
Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir, leiguverð frá kr. 58.000. Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfjörður. Gæludýr leyfð.
**Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440.**

Góð íb. á Manhattan, New York til leigu í sumar. Gisting fyrir 4, nálægt lestarstöð, 60$ nóttin. Uppl: Ólöf í ohgunnars@gmail.com

3ja herb. 115fm íbúð til leigu í Vallakór, svæði 203. M/geymslu og bílageymslu. Laus 1. júní. Leiguv. 118 þ. á mán.Uppl. í s. 841 8540.

Til leigu 3. herb. íbúð í 101 með sérinngangi. 10 mín. gangur frá HÍ. Leiga 110 þús á mán. með hita og rafm. Laus frá 1. júní. Uppl. s. 692-3518.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

**Orlofsíbúð í Svíþjóð**
Til leigu rúmgóð 2 herb. orlofsíbúð í suður Svíþjóð m. öllum búnaði og húsgögnum. Viku eða mánaðarleiga. Fallegt umhverfi, stutt í verslun. Allar nánari uppl. í s. 861 6841.

Til leigu 2 herbergja íbúð svæði 104 í Reykjavík. Tveir mánuðir fyrirfram og meðmæli. Íbúðin er laus frá 15. maí. Upplýsingar í síma 840-4070.

Lítil kjallaraíbúð til leigu á svæði 108. Nánari uppl. á hannastef@hotmail.com

1-2 manna herb. í Hfj. Aðg. að baði. eldh., þurrkara og þvottavél. Uppábúin rúm. S. 892 5309.

Herbergi til leigu í Kópavogi. Aðgangur að eldhúsi og þvottahúsi. Tengi fyrir Stöð 2 og Sýn. Uppl. í s. 893 2385.

Einstaklingsíbúð í Vesturbergi,111 RVK, laus til langtíma leigu. Stutt í bæði skóla, sund, strætó og aðra þjónustu. Gæludýr velkomin. Uppl í 824 1861 eftir 16:00.

2 herb. íbúð í 108 Vogahv. fyrir reglus., reykl. og barnlaust par eða einstakl. 78 þ. Eldri en 26 ára. Uppl. í s. 898 7868 milli kl. 13-16.

## Húsnæði óskast

Fjölskylda óskar 2-3 herbergja íbúð frá 1. júní í 101, 105 og 107. S. 846 7692.

Óska eftir 2-3 herb íbúð við norðlingaholt eða vatnsenda... Annað kemur líka til greina.. 868 2442 Brynjar

Vill leigja ódýra, íbúð í Kóp. 200. Verðhugmynd 80 þ. Uppl. í síma: 773 4497.

Óska eftir 2ja herb. íbúð á rólegum stað. Ekki í 109 eða 111. Reyklaus. S. 849 5245.

Leita eftir íbúð með tveimur svefnherbergjum. Staðsetning 101 eða 103. S. 698 4889.

## Húsnæði til sölu



120 m² ferðþjónustuhús til sölu , áður Kaffi Grindavík, gæti einnig hentað sem sumarh.,verslun, aðstöðuh. eða m.fl.. 300 m² sölp.. Hús sem er auðvelt að flytja. Gott verð. Uppl. í s:8976302

## Sumarbústaðir



**Til sölu sumarhús í landi Búrfells Grímsnesi**
60 fm, eignarlóð 5500 fm. Bein sala eða skipti á hjólhýsi. Lækkað verð 10,4m Uppl. í s: 898 1598.



**Stórt sumarhús í Grímsnesi til leigu**
Helgar/viku leiga. Gisting fyrir 10 manns, heitur pottur og sauna. Hús í sérflokki. Uppl. í s. 898 1598



BREKKUSKÓGUR Til sölu fallegt 48 ferm sumarhús með öllu innbúi í Bláskógabyggð. Verð kr. 13 millj. Get tekið góðan húsbíl, lágþekju, uppí. s. 5528329



Hobby kmfe 560 með fortjaldi, staðsett á Laugarvatni til sölu. 48fm pallur og 4,4 fm geymsluskúr. Algjör sælureitur. Ásett verð er 5,2 tilboð óskast. S: 892-3668 og 847-7154

Sumarbústaður til leigu í sumar helgar eða viku í senn, er 90km frá rvk. uppl: 892 1224

## Atvinnuhúsnæði

Vinnustofa til leigu á Ártúnshöfða. Sími 861 8011

Snyrtilegt 180 fm pláss til leigu á Smiðjuvegi. Uppl. í síma 8960551.

Til leigu ca.530 m2 lager og iðnaðarhúsnæði í Kjötsmiðjuhúsinu að Fosshálsi Reykjavík góð lofthæð og útisvæði uppls.í síma 892-3482

Til leigu nokkur skrifstofuherbergi í Kjötsmiðjuhúsinu að Fosshálsi Reykjavík góð sameiginleg aðstaða uppls.í síma 892-3482

## Geymsluhúsnæði

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

# ATVINNA

## Atvinna í boði




**Ræstingar**
Öryggisfélagið óskar eftir starfsfólki í ræstingar í verslunum. Skilyrði; góð þjónustulund, hreint sakarvottorð og Íslensku kunnátta nauðsynleg. Lágmarksaldur 20 ár. Öryggisfélagið ehf. Askalind 2 / 201 Kópavogur. Umsóknir aðeins á staðnum. www.115.is

The Purple Rabbit vill kaupa djörf myndbönd íslenzkra kvenna. Nánari upplýsingar á PurpleRabbit.is.

**Aukavinna á kvöldin**
Getum bætt við okkur fólki í símasölu. Frá kl. 17:30-21:30 virka daga. Kauptrygging og bónusar. Uppl. í S. 868 4551. Félagaþjónustan.

Óskum eftir fólki til úthringinga á kvöldin. Góðir tekjumöguleikar. Uppl gefur Óskar Arnór í síma 772 3780 eða skari@tmi.is

Góð saumakona óskast, leðurviðgerðir. Ekki föst vinna. Uppl. s. 898 9944

Veitingahús í HFJ ó.e þjónustufólki í sal. Íslenska skilyrði. Uppl. í S. 822 5229

Þaulvanur starfskraftur óskast til starfa á bónstöð þarf að geta unnið sjálfstætt og hafa þekkingu á viðeigandi efnum og geta skrifið út nótur og tekið við kreditgreiðslum. Uppl. 662 5844 & 445 9090

## Atvinna óskast

**Sjálfstæður smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 770 0970.**

## Viðskiptatækifæri

**Til Sölu þekkt verktakafyrirtæki**
**Sem hefur sérhæft sig í hellulögnum fyrir einstaklinga og á útboðsmarkaði. Er góðum tækjum búið og hefur góð viðskipta sambönd. Ánægðir viðskiptavinir frá upphafi**
**Nánari uppl.**
**audveldkaup@visir.is**

Miklir tekjumöguleikar, margt í boði f. rétta manneskju. Hafir þú áhuga verðum við með fund í Reykjanesbæ, Hótel Keilir kl. 17:30 í kvöld. Nánari uppl. 693 2272

**TILKYNNINGAR**

## Tilkynningar



Elsku vinir. Ég þakka auðsýndan hlýhug í tilefni af þritugsafmæli mínu. Takk fyrir gjafirnar og góða mætingu í veisluna mína. Knús og kram. Erik Brynjar Sch. Eriksson

## Einkamál

**Spjalldömur 908 1616**

**Opið þegar þér hentar.**

**908 1616.**

The Purple Rabbit
PurpleRabbit.is

VÍDEÓ: Nú hafa ýmsir notendur kanínunnar birt fjöldan allan nýjum og spennandi myndböndum, sjálfum sér og öðrum til ánægju, og það er líklega von á fleirum. Sjáðu hvað er nýtt í dag á PurpleRabbit.is.

**Glæný eldheit upptaka**
Hún er ljóshærð, grannvaxin og græneyg og í þessari afar innilegu upptöku fylgist þú með henni klifra hærra og hærra og ná síðan hreint ótrúlegum endasprett. Ofboðslega innileg upptaka! Sími 905-2002 (símatorg) og 535-9930 (kreditkort), upptökunr. 8144.

34 ára kk með aðstöðu, btn og tpr, leitar að skemmtun með góðum karlmanni. Augl. hans er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9930 (kreditkort), augl.nr. 8738.

46 ára smávaxinn kk, 100% btn, vill gjarna hitta eldri tp. Augl. hans er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9930 (kreditkort), augl.nr. 8784.

Ung kona (tvítug?) leitar að skemmtun með reyndum einstakling. Augl. hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9930 (kreditkort), augl.nr. 8975.

Spennandi kona leitar kynna við karlmann með ljúfa dekurstund í huga. Augl. hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9930 (kreditkort), augl.nr. 8885.

**Takk!**
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

## Til sölu

**Veldu gæði og gott verð - Njóttu sumarsins**




**Útsölustaðir: Apótekin, Fjarðarkaup, verslanir**

## Fasteignir

FJÁRFESTING FASTEIGNASALA EHF
Sími 562 4250
Óskar Þór Hilmarsson
Löggiltur fasteignasali
Borgartún 31 - 105 Reykjavík - www.fjarfesting.is - fjarfesting@fjarfesting.is

**TIL LEIGU - Vegmúli 2 - Reykjavík.**



Til leigu skrifstofu- og verslunarhúsnæði við Vegmúla 2 í Reykjavík, þar sem SPRON var til húsa. Húsið er allt nýinnréttað á glæsilegan hátt. Efsta hæð 140 fm. og jarðhæð 120 fm. Jarðhæð tilvalin fyrir hárgreiðslu- eða snyrtistofu. **Nánari upplýsingar veita Gunnar í síma 693-7310 eða Hilmar í síma 896-8750.**

## Tilkynningar

**AMNESTY INTERNATIONAL**

**Aðalfundur**

Aðalfundur Íslandsdeildar Amnesty International verður haldinn laugardaginn 29. maí 2010 kl. 14.00 í húsnæði deildarinnar að Þingholtsstræti 27, 3. hæð.
Dagskrá: Venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt samþykktum deildarinnar.
Stjórnin

Suzukitónlistarskólinn í Reykjavík



**Innritun nýrra nemenda fyrir skólaárið 2010-2011 stendur yfir 19.-25. maí.**

**Kennt er á selló, fiðlu, víólu og píanó.**
Innritaðir eru nemendur á aldrinum 4-7 ára.
Skrifstofa skólans í Sóltúni 24 er opin frá 9.00-13.00 virka daga. Síminn er 551 5777.

Nauðsynlegt er að innrita nemendur í Rafræna Reykjavík á heimasíðunni **www.reykjavik.is**

Nánari upplýsingar um skólann og suzukiaðferðina er að finna á heimasíðu skólans **www.suzukitonlist.is**

Skólastjóri.

Sveitarfélagið ÁRBORG

**Auglýsing**

**Um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg**

**Tillaga að deiliskipulagi fyrir Litlu-Sandvík 2 í Árborg.**

Samkvæmt skipulags-og byggingarlögum nr. 73/1997 með síðari breytingum, auglýsir bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar tillögu að deiliskipulagi fyrir Litlu-Sandvík 2 í Árborg. Deiliskipulagstillaga þessi tekur til lóðar úr landi Litlu-Sandvíkur 1, landnr. 166192 í Árborg. Á lóðinni Litla-Sandvík 2 verður byggt íbúðarhús. Lóðin er 5000m2 að stærð og afmarkast samkvæmt hnitpunktum á uppdrætti. Aðkoma er frá Eyrarbakkavegi nr. 34 um Kaldaðarnesveg nr. 316.
Í aðalskipulagi Árborgar er svæðið skilgreint sem landbúnaðarsvæði. Þar er þess getið að ekki sé heimilt að reisa stök íbúðarhús á jörðum án tengsla við búskap. Íbúðarhúsið sem reisa áskal á lóðinni tengist búskap í Litlu-Sandvík 1. Landnotkun á svæðinu skal vera í samræmi við staðfest aðalskipulag.
Heimilt er að byggja allt að 150m2 íbúðarhús, tveggja hæða, auk allt að 60m2 bílgeymslu. Mænishæð húsa má vera allt að 8m frá gólfplötu.

Uppdráttur með greinagerð mun liggja frammi í Ráðhúsi Árborgar að Austurvegi 2 á Selfossi á auglýstum afgreiðslutíma, frá og með fimmtudeginum 20.maí til og með18. júní 2010.
Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna, frestur til að skila inn athugasemdum rennur út þann 1. júlí 2010 og skal þeim skilað skriflega til skrifstofu skipulags og byggingarfulltrúa að Austurvegi 2, 800 Selfossi.

**Á sama tíma er teikning og greinagerð til kynningar á heimasíðu Árborgar http://www.arborg.is þar sem hægt er að skoða hana og senda athugasemdir til skipulags – og byggingarfulltrúa í netfangi skipulag@arborg.is**
**Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillöguna innan ofangreinds frests, teljast samþykkja hana.**

Selfossi 18.maí 2010.
Bárður Guðmundsson
Skipulags – og byggingarfulltrúi Árborgar.

## Atvinna

SpKef Sparisjóður byggir á gamalli hefð en horfir til framtíðar, til hagsbóta fyrir það samfélag sem hann starfar í.

# Forstöðumaður fjárstýringar

SpKef Sparisjóður leitar að metnaðarfullum einstaklingi sem vill taka þátt í uppbyggingu Sparisjóðsins til framtíðar. Forstöðumaður fjárstýringar heyrir undir sparisjóðsstjóra.

**Helstu verkefni:**
- Stýring á lausafé Sparisjóðsins, gjaldeyrisstöðu, skuldabréfastöðu, vaxta- og verðtryggingaráhættu og fjármögnun
- Ábyrgð á viðskiptavakt á millibankamarkaði með gjaldeyri og krónumarkaði (REIBOR)
- Ábyrgð á samskiptum við fagfjárfesta og eftirlitsaðila á markaði

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun á sviði verkfræði, hagfræði eða viðskiptafræði
- Framhaldsmenntun æskileg
- Reynsla af fjármálamarkaði skilyrði
- Markviss og sjálfstæð vinnubrögð
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði

**Upplýsingar veitir:**
Katrín S. Óladóttir
katrin@hagvangur.is

**Umsóknarfrestur er til og með 3. júní nk.**

**Umsóknir óskast fylltar út á www. hagvangur.is**

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

**SÖNG- OG LEIKKONAN CHER ER 64 ÁRA**



*„Konur geta vissulega beðið eftir þeim eina rétta, en í millitíðinni ættu þær að eiga sem dásamlegastan tíma með öllum þeim röngu. Karlmenn eru heldur ekki nauðsyn heldur lúxus, og ættu ávallt að vera eins og Kleenex-þerripappír: mjúkir, sterkir og einnota.“*

***Bandaríska söng- og leikkonan Cher er þekkt fyrir ævarandi unglegt útlit. Hún er margverðlaunuð stjarna í tónlist, sjónvarpi og kvikmyndum.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 20. MAÍ 1966

## Gengið á land á Jólni við Surtsey

Gengið var í fyrsta sinn á land á Jólni við Surtsey. Eyjan var þá 35 metra há, en hún hvarf næsta vetur, árið 1967.

Jólnir myndaðist við neðansjávargos 0,9 kílómetra suðvestur af Surtsey á jólum 1965 og dregur þaðan nafn sitt. Jólnir náði hæst um 70 metra hæð og varð allt að 0,3 km² að stærð. Síðast sást gos í Jólni 10. ágúst 1966 en eyjan var horfin sjónum í lok október sama ár.



**ELDGOS Í SURTSEY ÁRIÐ 1964.**

Surtseyjareldar eru með lengstu eldgosum hér á landi síðan sögur hófust. Gossins varð fyrst vart að morgni 14. nóvember 1963, um átján kílómetrum suðvestur af Heimaey í Vestmannaeyjum, þar sem sjávardýpi er um 130 metrar. Eyja hafði myndast strax daginn eftir og í lok janúar 1964 var hæð hennar orðin 174 metrar. Þann 1. febrúar 1964 færði gosið sig um set þar sem Surtur yngri gaus gjósku fram í apríl. Frá 28. desember til 6. janúar 1964 varð vart við neðansjávargos 2,5 kílómetrum austnorðaustur af Surtsey. Þar hlóðst upp af hafsbotni 100 metra hár hryggur, kallaður Surtla.

Í lok maí 1965 varð svo vart við gos á hafsbotni 0,6 km austnorðaustur af Surtsey og sást í litla eyju þann 28. maí sem hlaut nafnið Syrtlingur og gaus sprengigosum fram í október sama ár.

Jólni svipaði mjög til Syrtlings sem mældist mest yfir 70 metrar á hæð og um 0,15 km² að flatarmáli, en eyjan brotnaði fljótt niður af völdum sjávargangs og var horfin með öllu 24. október 1965.

## MERKISATBURÐIR

**1818** Siglufjörður verður löggiltur verslunarstaður.

**1840** Kristján VIII. heitir því að fulltrúaþing skuli endurreist á Íslandi.

**1922** Vinna við Flóaáveitu hefst og eru mestu áveituframkvæmdir hérlendis.

**1944** Þjóðaratkvæðagreiðsla um lýðveldisstofnun hefst.

**1979** Íslenskt mál, þáttur Gísla Jónssonar, birtist í fyrsta sinn í Morgunblaðinu.

**1994** Þórólfur Jónsson útskrifast úr Verslunarskóla Íslands með hæstu einkunn sem gefin hefur verið á stúdentsprófi hér á landi, 9,76.

## AFMÆLI



**ÞÓRARINN TYRFINGSSON** læknir er 63 ára.



**ÓLAFUR H. KRISTJÁNSSON** fótboltaþjálfari er 42 ára.



✝

*Innilegar þakkir fyrir samúð og vinarhug vegna fráfalls systur okkar og frænku,*

**Eydísar Eyþórsdóttur.**

**Guðmundur Pétursson**
**Ingibjörg Eyþórsdóttir**
**Sigríður Eyþórsdóttir**
**Þórður Eyþórsson**
**Guðríður Lillý Guðbjörnsdóttir**
**og systkinabörn.**



✝

*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og dóttir,*

**Heiðrún Sverrisdóttir**

leikskólakennari, frá Skógum í Hörgárdal, Fjallalind 7, Kópavogi,

lést á líknardeild Landspítalans þann 14. maí. Útförin verður auglýst síðar.

**Þorsteinn Berg**
**Þröstur Berg**
**Sverrir Ágúst Berg** **Eva Gunnlaugdóttir**
**Gunnlaugur Berg Sverrisson** **Heiðrún Berg Sverrisdóttir**
**Álfheiður Ármannsdóttir**



✝

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Jóhanna Lúvísa Þorsteinsdóttir,**

Víkurbraut 30, Hornafirði,

sem lést á hjúkrunarheimilinu Skjólgarði 17. maí, verður jarðsungin frá Hafnarkirkju laugardaginn 22. maí kl. 14. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hennar er bent á minningarsjóð Skjólgarðs, sími 470-8000/478-2321, eða minningarsjóð Ingibjargar Guðmundsdóttur til styrktar slysavarnardeildum á Hornafirði, sími 470-8700/692-2936.

**Óskar Unnsteinn Guðmundsson** **Laufey Óskarsdóttir**
**Erlingur Kristinn Guðmundsson** **Kristín Auður Gunnarsdóttir**
**Þorgrímur Guðmundsson** **Auður G. Sigurðardóttir**
**Sædís Guðmundsdóttir** **Andrés Ágúst Guðmundsson**
**Reynir Guðmundsson** **Sigríður Lárusdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

**GUÐMUNDUR MAR MAGNÚSSON BRUGGMEISTARI:** DÆMDI Á WORLD BEER CUP

# Yfir 3.000 bjórar dæmdir

„Ég þurfti sem betur fer ekki að smakka þá alla, en alls dæmdi ég bjórtegundir í níu af níutíu flokkum,“ segir Guðmundur Mar Magnússon, efnafræðingur og bruggmeistari hjá Ölgerð Egils Skallagrímssonar.

Guðmundur er fyrstur Íslendinga kallaður til dómarastarfa á World Beer Cup, eða heimsmeistaramóti bjóra, sem nýlega var haldið í Chicago. Að þessu sinni voru metnir 3.330 bjórar frá 44 löndum, en keppt var í 90 flokkum.

Aðeins þeim allra bestu sem öðlast hafa virðingu í faginu hlotnast sá heiður að taka sæti í dómnefndinni.

„Ölgerðin hefur reglulega tekið þátt í heimsmeistaramótinu og unnið þar til verðlauna. Eftir síðustu keppni var leitað til mín um að dæma bestu bjóra veraldar, en áður þurfti ég að leggja fram meðmælendur og efnismat,“ segir Guðmundur sem sjálfur er margverðlaunaður bruggari. Hans þekktasta afurð er vafalaust Egils Gull sem hlaut silfurverðlaun á heimsmeistaramótinu 2008 og Egils Lite sem fékk gullverðlaun 2006. Nýjustu veigar hans, Polar Beer, hrepptu að þessu sinni bronsverðlaun í flokknum International Style Lager þar sem valið stóð á milli 58 bjórtegunda.

„Bjór er endalaus flóra og möguleikarnir ótakmarkaðir. Í grunninn eru tvær tegundir sem fara eftir því hvort gerið flýtur upp í topp tanksins eða sest á botninn eftir gerjun. Þannig er öl með toppgeri en gerið sest til botns í lageröli. Undir þessum tveimur tegundum eru svo ótal undirflokkar og hægt að búa til endalausar útfærslur af bjór,“ segir Guðmundur og játar að starf bruggmeistarans sé bæði margþætt og flókið, en bruggmeistaramenntun sína hlaut hann í Danaveldi þar sem krafist er háskólaprófs í efnafræði eða efnaverkfræði.



**GAMAN Í VINNUNNI** Guðmundur Mar Magnússon er margverðlaunaður bruggmeistari Ölgerðarinnar en hefur nú staðið vakt dómara á heimsmeistaramóti bjórs í Chicago. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Það felst mikil hugsun í því að brugga bjór og aðferðirnar geysiflóknar. Velja þarf saman hráefni sem kallar fram lit og bragð og þar sem enginn sykur finnst í bjór, annar en sá sem kemur úr maltkorni, þarf að vinna það á afar nákvæman hátt svo sykurinn nýtist til gerjunar,“ segir Guðmundur sem valdi sér efnafræði á háskólaárunum vegna áhuga á viðfangsefninu en sóttist síðar eftir bruggmeistaranámi eftir að hafa sinnt gæðaeftirliti hjá Ölgerðinni um tíma.

„En ég hafði engan sérstakan áhuga á bjór fyrr en ég kom hingað og er nú orðinn mikill bjóráhugamaður sem að sjálfsögðu skemmir ekki fyrir. Í keppninni fer smökkunin þannig fram að við fáum ómerkt bjórsýni úr hverjum flokki og drekkum þau, en aldrei svo mikið að menn verði drukknir, þótt maður finni örlítið fyrir áhrifum. Galdurinn er að fara ekki yfir strikið, en bjór er dæmdur í þremur lotum þar til einn stendur eftir sem sigurvegari. Því er ekki hægt að benda á einhvern einn ákveðinn bjór sem besta bjór í heimi því sigurvegararnir koma úr öllum flokkum.“

Að sögn Guðmundar stendur íslenski bjórinn sig vel á heimsvísu en Íslendingar eru með þeim yngstu í faginu.

„Fremstir í heiminum eru þó sennilega Þjóðverjar og svo Bandaríkjamenn, en þeir eru í fararbroddi í svokölluðu „micro brewery“ sem nú fer sem bylgja um heiminn. Það eru í raun lítil brugghús og algeng á veitingastöðum sem vilja brugga sínar eigin bjórtegundir og afbrigði. Ölgerðin er þar enginn eftirbátur og í smábrugghúsinu Borg hafa bruggmeistarar nú einstaka aðstöðu til að vinna við frekari þróunar- og tilraunastarfsemi í bjórgerðinni.“ **thordis@frettabladid.is**

# Vildi að Grensás ætti göngustafi

Íþróttakennarinn Sigurður Guðmundsson, fyrrverandi skólastjóri Heiðaskóla í Borgarfirði, afhenti Grensásdeild nýlega fjórtán pör af göngustöfum. Innflytjendur stafanna styrktu famtakið.

„Ég hafði lent á Grensásdeildinni sem sjúklingur tímabundið og var að staulast þar um með grind en fannst það ekki ganga nógu vel og bað konuna að færa mér stafina mína,“ segir Sigurður sem hefur stundað stafgöngu frá því hún barst til Íslands. „Fólkið skildi ekkert í þessum náunga sem var á ferð um gangana með stafi. En mér fannst ómögulegt að Grensás ætti ekki svona göngustafi því þeir henta vel til þjálfunar. Þegar ég útskrifaðist fór ég til þeirra sem flytja þá inn og þeir tóku mér afskaplega vel svo ég náði í fjórtán pör af stöfum og værðarvoðir líka sem fólkið á Grensás getur breitt ofan á sig fyrir hádegisblundinn,“ lýsir hann.

Vöðvaþjálfun í efri hluta búksins er um 40 prósentum meiri þegar gengið er með stafi en staflaus og um leið léttir á öklum, hnjám og mjöðmum, að sögn Sigurðar. Hann ætlar að veita þjálfurunum á Grensási tilsögn um meðferð stafanna. **- gun**



**ÁNÆGJA** Fremstur er Sigurður og eiginkonan Laufey Kristjánsdóttir lengst til hægri. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Vilja efla samstarfið milli stofnana

Háskóli Íslands og Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum hafa gert með sér samning um að Guðrún Nordal, forstöðumaður stofnunarinnar, muni jafnframt gegna að hluta starfi prófessors við Íslensku- og menningardeild HÍ.

Guðrún mun annast kennslu og leiðbeiningu við Íslensku- og menningardeild samkvæmt samkomulagi við deildarforseta, en með þessu er vonast til að efla frekar starfs- og rannsóknatengsl Háskólans og Stofnunar Árna Magnússonar. Guðrún Nordal er með doktorsgráðu frá Oxford-háskóla. Hún kenndi við Háskóla Íslands um árabil og hefur sérhæft sig í íslenskum og evrópskum miðaldabókmenntum og í íslenskum bókmenntum almennt.



**FRÁ UNDIRRITUN SAMNINGA Í MORGUN** Eiríkur Rögnvaldsson, forseti Íslensku- og menningardeildar HÍ, Guðrún Nordal, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Kristín Ingólfsdóttir, rektor Háskóla Íslands, Þórður Kristinsson, kennslustjóri HÍ, og Ástráður Eysteinsson, forseti Hugvísindasviðs HÍ.

---



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Pálína Kjartansdóttir,**
Fellsmúla 10, 108 Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi 18. maí. Útförin fer fram frá Grensáskirkju þriðjudaginn 25. maí klukkan 15.00.

**Sigrún Haraldsdóttir** — **Jón S. Ástvaldsson**
**Bergþóra Haraldsdóttir** — **Guðmundur Ómar Þráinsson**
**Herdís Haraldsdóttir**
**Kjartan Haraldsson** — **Sigríður E.M. Biering**
**og ömmubörn.**

---



†

*Faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Benny Hrafn Magnússon,**
Kópavogsbraut 66,

sem lést þriðjudaginn 11. maí, verður jarðsunginn frá Kópavogskirkju fimmtudaginn 20. maí kl. 13.

**Björn Hrafnsson** — **Sólveig B. Jónsdóttir**
**María Hrafnsdóttir** — **Jón Valur Frostason**
**Þóra Hrafnsdóttir**
**barnabörn.**

---



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Ágúst J. Gíslason,**
vélstjóri, Sóltúni 13, Reykjavík,

lést á Hjúkrunarheimilinu Sóltúni 6. maí. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför hans. Sérstakar þakkir til starfsfólks Hjúkrunarheimilisins Sóltúns fyrir hlýhug og góða umönnun.

**Inger Birthe Schweitz** — **Winterhalter Gíslason**
**Jörgen Winterhalter Ágústsson** — **Else-Marie Christensen**
**Erik Schweitz Ágústsson** — **Jónína Guðjónsdóttir**
**Einar Schweitz Ágústsson** — **Linda Hrönn Ágústsdóttir**
**Inger María Schweitz Ágústsdóttir** — **Bergsveinn Ólafsson**
**Guðrún Steingrímsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Móðir mín og tengdamóðir, amma okkar og langamma,*

**Jóhanna Sæmundsdóttir,**
fyrrverandi handavinnukennari og húsmóðir á Ísafirði,

lést á hjúkrunarheimilinu á Vífilsstöðum mánudaginn 17. maí. Útför hennar verður tilkynnt síðar.

**Sighvatur Björgvinsson** — **Björk Melax**
**Elín K. Sighvatsdóttir** — **Sigþór Örn Guðmundsson**
**Björgvin S. Sighvatsson** — **Dóra Valdís Gunnarsdóttir**
**Rúnar S. Sighvatsson** — **Alma Kovac**
**Bryndís Mavrou** — **Nicholas Mavrou**
**og barnabarnabörn.**

---



†

*Elsku hjartans drengurinn okkar, bróðir, barnabarn og frændi,*

**Kristófer Darri Ólafsson,**

lést af slysförum á gjörgæsludeild Landspítalans mánudaginn 17. maí. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Barnaspítalasjóð Hringsins, sími 543-3700.

**María Magdalena Steinarsdóttir** — **Ólafur Haukur Hákonarson**
**Emilía Þóra Ólafsdóttir**
**María Jolanta Polanska** — **Steinar Þór Guðjónsson**
**Kristín Kristjánsdóttir** — **Hákon Hákonarson**
**aðrir ættingjar og vinir.**

---



†

*Þökkum auðsýnda samúð við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Þórdísar Aðalbjargar Þorvarðardóttur,**
Digranesheiði 35, Kópavogi.

**Þorgeir Þorbjörnsson** — **Erla Vigdís Kristinsdóttir**
**Sigurgeir Þorbjörnsson** — **Hlín Gunnarsdóttir**
**Jón Baldur Þorbjörnsson** — **Auðbjörg Bergsveinsdóttir**
**Þorvarður Ingi Þorbjörnsson**
**Arinbjörn Þorbjörnsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Ástkær eiginmaður minn, sonur, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Sigvaldi Ingimundarson**
íþróttakennari, Lækjarsmára 2 í Kópavogi,

er látinn.

**Sigurrós Gunnarsdóttir**
**Ingibjörg Sigvaldadóttir**
**Helga Ingibjörg Sigvaldadóttir** — **Lexi Leban**
**Þóra Kristín Sigvaldadóttir** — **Garðar Hallur Sigurðsson**
**Jón Ingi Sigvaldason** — **Valborg Sigrún Jónsdóttir**
**Gunnar Sigvaldason** — **Katrín Jakobsdóttir**
**og barnabörn.**

---



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Erna Jónsdóttir,**
Hvassaleiti 58,

andaðist á líknardeild LSH Landakoti þann 6. maí sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Skúli Már Sigurðsson** — **Sigrún Einarsdóttir**
**Gísli Jón Sigurðsson** — **Þorbjörg Jónsdóttir**
**Örn Sigurðsson** — **Una Guðlaug Haraldsdóttir**
**og barnabörn.**

---



†

*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,*

**Inga Einarssonar.**

Sérstakar þakkir til hjúkrunarfólks líknardeildar LS í Kópavogi og hjúkrunarþjónustu Karítas.

**Karen Karlsdóttir**
**og fjölskylda.**

---



†

*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför ástkærrar móður minnar, ömmu, langömmu, systur og mágkonu,*

**Sigríðar Kristínar Jakobsdóttur**
Hlíðarhúsum 3,

áður til heimilis að Hjallabraut 33, Hafnarfirði. Sérstakar þakkir færum við læknum og starfsfólki deildar 12G á Landspítalanum við Hringbraut fyrir einstaka alúð og umönnun.

**Ólafur Björnsson**
**Þorbergur Björn Ólafsson**
**Ólafur Friðrik Ólafsson**
**Jóhann Helgi Ólafsson**
**Vilhjálmur Snær Ólafsson**
**Sigríður Erla Ólafsdóttir**
**Diljá Ösp Þorbergsdóttir**
**Þóra Jakobsdóttir** — **Bjarni Ellert Bjarnason**
**Sigrún Jakobsdóttir**
**Þórdís Jakobsdóttir, Stefán Gylfi Valdimarsson,**
**Gunnlaug Jakobsdóttir, Gunnlaugur Sigurðsson.**

---



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma*

**Sólveig Sveinsdóttir,**
Vogatungu 12, Kópavogi,

lést á Landspítalanum í Fossvogi 8. maí sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Við þökkum auðsýnda samúð.

**Bragi Björnsson**
**Björn Bragason** — **Elín Heiður Kristjánsdóttir**
**Anna S. Bragadóttir** — **Ægir Magnússon**
**Sveinn H. Bragason** — **Svandís Kristinsdóttir**
**og fjölskyldur þeirra.**

---



†

*Eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Aðalheiður Sigurðardóttir,**

lést á Hrafnistu, Hafnarfirði, sunnudaginn 9. maí. Útför hennar fer fram frá Neskirkju föstudaginn 21. maí kl. 13.00.

**Haraldur Þorsteinsson**
**Sigurður Haraldsson** — **Jóna Guðjónsdóttir**
**Þorsteinn Haraldsson** — **Lára V. Júlíusdóttir**
**Ingibjörg Haraldsdóttir** — **Sturla Þorsteinsson**
**Ástráður Haraldsson** — **Eyrún Finnbogadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**






# Að rótum vandans

**BAKÞANKAR**
Ragnheiðar Tryggvadóttur

Undanfarin kvöld hef ég dundað mér í garðinum heima en hann er í hálfgerðri órækt. Grasflötin mosavaxin vegna skuggans af allt of stórum trjánum í kring sem hafa fengið að vaxa óáreitt í áratugi og beðin vaðandi í illgresi. Kerfillinn æðir yfir páskaliljurnar og kaffærir allt sem á vegi hans verður. Hann hefur meira að segja brotið sér leið upp um malbikið á bílastæðinu utan við grindverkið, svo mikil er gróskan.



**KERFILLINN** er óvelkominn gestur í garðinum mínum og frekur eins og ofdekraður útrásarvíkingur. Ég hef reynt að tjónka við hann með litlum árangri þó þar sem tíminn sem ég hef til að sinna garðverkum takmarkast við hálftíma hér og hálftíma þar. Hann hefur því í fullu tré við mig og á hverjum morgni sýnist mér kerfillinn hafa dreift sér víðar, hækkað, stækkað og lagt undir sig fleiri vesælar liljur.

**ÉG** leitaði mér því ráða á vefsíðu hvernig ráða mætti niðurlögum kerfilsins og las þar það sem ég vissi að hann er erfiður að eiga við. Á vefsíðu Náttúrufræðistofnunar er kerfillinn sagður reskitegund, sem þýðir víst að hann þrífist í vel röskuðu landi. Hann er hraðvaxta og duglegur í samkeppni við annan gróður. Til að ráða niðurlögum hans væri helst til ráða að beita á hann sauðfé!

**ALIN** upp á bóndabæ ættu mér að vera hæg heimatökin að fá kind í garðinn. Ég er þó hrædd um að kindin yrði óáreiðanlegur bandamaður sem léti ekki staðar numið við kerfilinn heldur kroppaði garðinn allan niður í svörð. Ég hef líka íhugað að semja frið við þennan óvin minn. Láta eins og við deilum garðinum í sátt og að kerfillinn sé þarna rétt eins og hver önnur nytjajurt. Það ku víst vera gott að baka úr honum brauð! Eftirlátssöm yrði ég þá að tipla í kringum hann og þykjast ekki sjá hvernig hann reigir sig enn hærra en í gær.

**YFIRGANGURINN** í honum er þó einfaldlega orðinn óþolandi og ekki um það að ræða að hann fái að sölsa undir sig blettinn átakalaust. Við nánari lestur á heimasíðunni góðu segir að kerfillinn myndi ekki langlífan frærforða, sem ég gef mér að þýði að hann sé hálfgerður ræfill þegar upp er staðið. Þar segir einnig að ef rætur náist upp ætti björninn að vera unninn.

**VOPNUÐ** stunguspaða mun ég því ráðast að rótum vandans í kvöld og vonandi hafa sigur.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





SUMAR
TILBOÐ
STÚTFULLAR VERSLANIR AF NÝJUM TILBOÐUM
NÝ TILBOÐ
2 VERSLANIR STÚTFULLAR AF SJÓÐHEITUM TILBOÐUM Á TÖLVUM OG TÖLVUBÚNAÐI
4GB
4GB COBY MP620 MP3 SPILARI
9.990
AÐEINS ÞESSA HELGI
320GB
PACKARD BELL ÖRSMÁR FLAKKARI
12.900
1TB
1TB SAMSUNG SATA2 HARÐDISKUR 32MB
14.900
750GB
750GB SEAGATE SATA2 HARÐDISKUR 32MB
11.900
1.5TB
1.5TB WESTERN DIGITAL SATA2 DISKUR 64MB
19.900
BIRT MEÐ FYRIRVARA UM BREYTINGAR, PRENTVILLUR OG MYNDABRENGL
OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00
TÖLVUTEK
Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900
acer ASUS hp lenovo msi packard bell SONY TOSHIBA

# menning

menning@frettabladid.is

## Kl. 20 í Norðurpólnum

*Dansverkið Kyrrja eftir Ragnheiði S. Bjarnarson verður frumsýnt í leikhúsinu Norðurpólnum á Seltjarnarnesi í kvöld. Ragnheiður S. Bjarnarson er meðlimur í danshópnum Íslenska hreyfiþróunarsamsteypan, sem var tilnefndur til Grímunnar í fyrra. Kyrrja er fyrsta sólóverk Ragnheiðar eftir útskrift. Aðrar sýningar verða haldnar dagana 21., 27. og 28. maí og 3. og 4. júní.*

# Tvöfalt safn frá Mannakornum

Hin tvöfalda safnplata Gamli góði vinur með hljómsveitinni Mannakorn er komin út hjá Senu. Hún inniheldur 42 af vinsælustu lögum sveitarinnar frá upphafi og til dagsins í dag. Á meðal þeirra eru Reyndu aftur, Braggablús, Ó þú og Blús í G. Þessi glæsilegi pakki inniheldur bækling þar sem má finna alla texta við lögin á plötunni sem og nokkrar ljósmyndir frá ferlinum. Fjögur ár eru liðin síðan tónleikaplatan Ekki dauðir enn kom út þar sem Mannakorn spilaði mörg af sínum bestu lögum í Salnum í tilefni af 30 ára afmæli sínu.

Söngvarinn og bassaleikarinn Pálmi Gunnarsson er mjög ánægður með nýju safnplötuna. „Þeir höfðu veg og vanda af því að velja þessi lög strákarnir hjá Senu en þetta var allt gert með okkar blessun," segir Pálmi. Mannakorn hélt um síðustu helgi tvenna tónleika í Háskólabíói og seldust miðarnar upp á örskömmum tíma. „Það var ægilega vel staðið að þeim tónleikum og þetta var ofboðslega gaman," segir hann og býst við því að tónleikarnir verði endurteknir í haust. Mannakorn spilar á nokkrum stöðum í sumar, þar á meðal á Akureyri og í Grindavík. Einnig er fyrirhuguð spilamennska um verslunarmannahelgina. - fb



**MANNAKORN** Hljómsveitin Mannakorn hefur sent frá sér safnplötuna Gamli góði vinur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## > Ekki missa af …

Ljósmyndaserían Nekt í Listasafni Reykjavíkur hefur vakið athygli fyrir áleitnar og ögrandi myndir af nöktum líkömum í fullri stærð. Verkin eru eftir hinn kunna listamann og New York-búa Gary Schneider. Þrjátíu líkamsmyndir af körlum og konum þekja tvo sali Hafnarhússins en það tekur listamanninn um klukkustund að taka hverja þeirra. Ljósmyndarinn Einar Falur Ingólfsson er vel kunnur verkum og ferli Schneiders og mun á laugardag reifa feril hans og útskýra myndaseríuna Nekt.

# METSÖLULISTI EYMUNDSSON

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í EYMUNDSSON UM LAND ALLT

12.05.10 – 18.05.10



**1** Hrunadans og horfið fé – Styrmir Gunnarsson



**2** Rannsóknarskýrsla Alþingis – Rannsóknarnefnd Alþingis



**3** Góða nótt, yndið mitt – Dorothy Koomson



**4** Fyrirsætumorðin – James Patterson



**5** Hafmeyjan – Camilla Läckberg



**6** Skúli skelfir fer í frí – Francesca Simon



**7** Sítrónur og saffran – Kajsa Ingemarsson



**8** Missir – Guðbergur Bergsson



**9** Hálendishandbókin 2010 – Páll Ásgeir Ásgeirsson



**10** Tími hnyttninnar er liðinn – Bergur Ebbi Benediktsson

Eymundsson.is Eymundsson Bóksali frá 1872

# Fastur í líkama rokkstjörnu

**Sýning á verkum Erlings T. V. Klingenberg verður opnuð í Hafnarborg í kvöld. Yfirskrift sýningarinnar er: Það er erfitt að vera listamaður í líkama rokkstjörnu.**

Yfirskrift sýningarinnar vísar til umfjöllunarefnis sem Erling hefur talsvert fengist við en það er spurningin um það hvað það er að vera listamaður. „Þessi setning er búin að fylgja mér svolítið lengi. Þetta byrjaði í Kanada þegar ég var að tala við listamann þar. Við vorum að velta því fyrir okkur hvort það væri erfitt að vera listamaður í líkama rokkstjörnu eða rokkstjarna í líkama listamans," segir Erling, sem síðast hélt sýningar í Berlín og Danmörku.

Sýningin í Hafnarborg verður opnuð með gjörningi eða virkjun eins og Erling vill kalla uppátækið. Þar beinir hann athyglinni að eigin persónu, líkama og tilvist og undirstrikar þessa þætti einnig í sýningunni með málverki og skúlptúr sem varpa fram spurningum um frummynd og eftirmynd, tilbúning og upprunaleika. Þátttakendur í virkjuninni eru The Stimulators, eða þau Helgi Svavar Helgason, Valdimar Kolbeinn Sigurjónsson, Ómar Guðjónsson, Heiða Eiríks, Bóas Hallgrímsson og Óttarr Proppé. Auk þeirra tekur Kvennakór Öldutúns þátt og Karl Jóhann Jónsson og Klingenberg-klúbburinn sem er skipaður ungu fólki. „Þau eru í raun og veru að drífa listamanninn áfram. Ég verð svolítið myndlistarmaðurinn og þau verða tónlistarmaðurinn eða -mennirnir. Svo er einhver víxlverkun á milli og þau drífa listamanninn áfram í að skapa," segir Erling. „Ætli það séu ekki um 46 manns sem eru með mér í þessu. Við ætlum að reyna að byrja á slaginu átta."



**OPNUN Í KVÖLD** Sýning á verkum Erlings T. V. Klinbergberg verður opnuð í Hafnarborg í kvöld með virkjun þar sem fjöldi listamanna kemur fram.

Erling T. V. Klingenberg hefur verið atkvæðamikill í íslensku listalífi á undanförnum árum en hann hefur um árabil rekið sýningarrýmið Kling og Bang ásamt öðrum listamönnum. Erling lauk prófi í myndlist frá Myndlista- og handíðaskóla Íslands árið 1994. Á meðan hann stundaði nám þar var hann skiptinemi við skólann Fachhochschule für Bildende Kunst í Kiel í Þýskalandi. Hann stundaði síðan framhaldsnám bæði í Þýskalandi og Kanada og lauk MFA-gráðu við Nova Scotia College of Art & Design í Halifax. Erling hefur tekið þátt í fjölda sýninga á Íslandi og erlendis.

freyr@frettabladid.is

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Fimmtudagur 20. maí 2010**

### ➜ Opnanir



**17.00** Í **Listasafni Reykjavíkur** við Tryggvagötu verður opnuð sýning á verkum **Unnars Arnar J. Auðarsonar** og einnig verður opnuð sýning á verkum 11 listamanna þar sem leikið er með hugtakið kyrralífsverk.

**18.00** Í **Nýlistasafninu** við Skúlagötu 28 verður opnuð sýning á verkum þýska listamannatvíeykisins **Nikolai von Rosen** og **Florian Wojnar**. Opið þri.-lau. kl. 12-17. Nánari upplýsingar á www.nylo.is.

**18.30** Opnun verður í **Ásmundarsafni** við Sigtún þegar sýnd verður innsetning **Ráðhildar Ingadóttur**. Opið alla daga kl. 10-16.

**20.00** Í **Hafnarborg** við Strandgötu í Hafnarfirði opnar **Erling T.V. Klingenberg** sýningu. Nánari upplýsingar á www.hafnarborg.is. Opið alla daga nema þriðjudaga kl. 12-17, fimmtudaga til kl. 21.

### ➜ Tónleikar

**20.00** Systurnar **Rannveig Sif** og **Hólmfríður Sigurðardóttir** flytja rómantísk sönglög frá Frakklandi, Þýskalandi og Spáni á tónleikum í **Salnum** við Hamraborg í Kópavogi.

**20.00** Sönghópurinn **Norðurljós** heldur tónleika í **Fríkirkjunni** í Reykjavík. Fjölbreytt efnisskrá með bæði erlendum og íslenskum lögum.

**21.00** **Matthew Collings** og **Mikael Lind** halda tónleika á **Sódómu Reykjavík** við Tryggvagötu. Aðgangur er ókeypis.



**21.30** **Matti Sax and the Icesavers** flytja hressandi tónlist að hætti New Orleans-búa á tónleikum á **Rósenberg** við Klapparstíg. Gestasöngkona er Áslaug Helga.

### ➜ Námskeið



**19.15** **Kristinn R. Ólafsson** útvarpsmaður fjallar um borgina **Madríd** á námskeiði sem **Endurmenntun HÍ** stendur fyrir að Dunhaga 7. Námskeiðið er öllum opið. Skráning og frekari upplýsingar á www.endurmenntun.is

### ➜ Leikrit

**20.00** **Leikfélag Seyðisfjarðar** sýnir verkið **Blúndur og blásýra** eftir Joseph Kesselring í félagsheimilinu **Herðubreið** við Hafnargötu á Seyðisfirði.

### ➜ Fjölskyldumorgnar

**10.30** **Aðalsafn Borgarbókasafns Reykjavíkur** við Tryggvagötu stendur fyrir dagskrá alla fimmtudagsmorgna ætlaðri fjölskyldum með börn á aldrinum 0-6 ára. Í dag mun Fríða B. Jónsdóttir vera með umfjöllun um tvítyngi. Nánari upplýsingar á www.borgarbokasafn.is.

### ➜ Sýningar

Í **Kling & Bang gallerí** að Hverfisgötu 42, hefur verið opnuð samsýning listamannanna **Maríu Dembek** og **Robin McAulay**. Opið fim.-sun. kl. 14-18.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**




# Í FYRSTA SKIPTI Í ÁRATUGI!

## Ný Atlaskort af öllu Íslandi í mælikvarðanum 1:100 000




Landið allt, frá hæstu tindum til annesja og eyja, birtist hér á 31 stórbrotnu korti. Með stafrænni kortatækni eru svipbrigði landsins sýnd með ótrúlegri nákvæmni svo hvert mannsbarn skynjar hæð fjalla, dýpt dala og víðáttur öræfanna líkt og flogið væri yfir.

Kortin eru afar nákvæm og geyma yfir 43.000 örnefni. Vegir og slóðar eru GPS-mældir en kortin sýna einnig fjölda göngu- og reiðleiða.

Atlaskortin eru ómissandi ferðafélagar fyrir alla þá sem hyggja á ferð um landið. Þau eru fáanleg öll saman í glæsilegri og handhægri öskju sem hentar einnig vel til gjafa.

Danir gáfu okkur Atlaskort í lok síðari heimsstyrjaldar. Nú færir Mál og menning okkur ný og enn betri Atlaskort sem byggð eru á hinum einstaka Íslandsatlas.

1:100 000

MÁL OG MENNING

www.forlagid.is


WOLF PARADE


HEIÐAR OG HALLI

## > Í SPILARANUM

Wolf Parade - expo 86
Johnny Stronghands - Good People of Mine
Who Knew - Bits and Pieces of a Major Spectacle
Mannakorn - Gamli góði vinur
Heiðar, Halli og félagar - Meira pollapönk

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

## TÍMAVÉLIN HANSON-BRÆÐURNIR SLÁ Í GEGN MEÐ LAGINU MMMBOP ÁRIÐ 1997

# Götuhóra gengin til liðs við Hanson-bræður

- Hanson-bræðurnir fóru á topp bandaríska Billboard-listans með lagið MMMbop 24. maí árið 1997.
- MMMbop fór í kjölfarið á toppinn í 27 löndum og er eitt vinsælasta fyrsta lag hljómsveitar allra tíma. Lagið er í 20. sæti á lista VH1 yfir 20 bestu lög tíunda áratugarins.
- MMMbop kom út á plötunni Middle of Nowhere. Platan hefur selst í meira en 10 milljón eintaka um allan heim.
- Dust-brothers stjórnuðu upptökum á plötunni. Þeir eru þekktastir fyrir vinnu sína með Beck á plötunni Odelay og fyrir tónlistina í myndinni Fight Club.



- Í dag þekkja þá flestir sem The Chemical Brothers.
- Hanson-bræður eru enn þá starfandi. Þeir gáfu síðast út plötuna The Walk árið 2007. Í júní kemur svo út platan Shout it Out.
- Þeir eru hættir að selja jafn margar plötur og í gamla daga. Síðasta plata sem náði gullsölu í Bandaríkjunum var This Time Around árið 2000.
- Í mars í ár gekk Ryan Shanaghan til liðs við hljómsveit bræðranna. Hann er fyrrverandi lífvörður og hórkarl, sem seldi sig á götunni. Án gríns.
- Í Bandaríkjunum er slúðrað um kynhneigð Hanson-bræðranna og telja margir að þeir séu samkynhneigðir þrátt fyrir að þeir eigi allir kærustur.
- Slúðursögurnar fengu byr undir báða vængi þegar Shanaghan gekk í hljómsveitina, en hann er samkynhneigður.



## TÓNNINN GEFINN
**Trausti Júlíusson**

# Meiri sálartónlist frá Jamie

Ferill breska tónlistarmannsins Jamie Lidell er óvenjulegur. Hann byrjaði í tilraunakenndri teknó-tónlist undir lok síðustu aldar, en stökk svo fram sem soul-söngvari á annarri sólóplötunni sinni Multiply sem kom út árið 2005. Lidell sendi frá sér sín fyrstu lög 1997 og sama ár stofnaði hann dúóið Super-Collider með Christian Vogel. Þeir sendu frá sér tvær stórar plötur, sú fyrri, Head On, kom út 1999. Ári seinna kom svo fyrsta sólóplata Lidells, Muddlin Gear, sem var tyrfin og tilraunakennd og minnti jafnvel á Aphex Twin og Squarepusher. Það var hin rómaða raftónlistarútgáfa Warp Records í Sheffield sem gaf Muddlin Gear út og hún smellpassaði inn í hennar katalóg.


**ÁFRAM VEGINN** Jamie Lidell heldur áfram að þróa sína útgáfu af sálartónlist á nýju plötunni Compass.

Þegar önnur sólóplata Jamie Lidell kom út hjá sama fyrirtæki fimm árum seinna urðu margir hissa. Multiply, sem Lidell gerði með aðstoð kanadíska tónlistarmannsins Mocky, var soul-plata sem sótti beint í sígilda sálartónlist sjöunda og áttunda áratugarins. Næsta plata, Jim, sem kom út 2008, var í svipuðum stíl en heldur fágaðri og þótti enn betri. Í vikunni kemur fjórða sólóplata Jamie Lidell í verslanir. Hún heitir Compass og á henni er hann enn í sálargírnum

Compass er samt hrjúfari og harðari en síðustu tvær plötur. Lidell ákvað að fara nýjar leiðir við gerð hennar. Hann gaf Mocky frí og fékk nýtt fólk til liðs við sig. Þar á meðal var vinkona hans, kanadíska söngkonan Feist, Chris Taylor úr Grizzly Bear, trommuleikarinn James Gadson sem meðal annars starfaði með Marvin Gaye og Beck, en þeir höfðu haldið sambandi frá því að þeir spiluðu saman á tónleikum árið 2006.

Compass er fjári góð plata. Það má heyra á henni áhrif frá Stax, Stevie Wonder, Prince, Jamiroquai og Beck, en svo malla líka skítugir raftónlistarskruðningar sumstaðar í bakgrunninum. Gaman.




# LCD SOUNDSYSTEM GETUR EKKI KLIKKAÐ – 7, 9, 13

**Danspönkhljómsveitin LCD Soundsystem sendi frá sér plötuna This Is Happening í byrjun vikunnar. Platan er hugsanlega svanasöngur hljómsveitarinnar eftir að hafa starfað í aðeins átta ár.**

LCD Soundsystem er verkefni bandaríska upptökustjórans James Murphy. Gagnrýnendur hafa verið um borð í LCD-bátnum frá upphafi, en tvær fyrstu plötur hljómsveitarinnar eru með 86 af 100 mögulegum í meðaleinkunn á vefsíðunni Metacritic.com. Nýja platan virðist ætla að fara sömu leið þar sem hún er þegar komin með meðaleinkunn upp á 87. Það er eins og LCD Soundsystem geti hreinlega ekki klikkað.

Murphy hefur látið hafa eftir sér að This is Happening sé besta plata LCD Soundsystem. Rachael Maddux, gagnrýnandi tímaritsins Paste, er sammála. Hún segir að platan sé full af orku, sem minni einna helst á fyrstu plötu hljómsveitarinnar. Andy Beta, gagnrýnandi tónlistartímaritsins Spin, tekur í svipaðan streng og gefur plötunni fjóra af fimm mögulegum. Hann talar einnig um að platan hljómi öðruvísi en fyrri verk þar sem hún er tekin upp í glæsivillu upptökustjórans Ricks Rubin í stjörnuborginni Los Angeles. Hann segir að smáskífulagið Drunk Girls sé það eina á plötunni sem sé sniðið eftir formúlu popptónlistarinnar. Hin lögin koma þar af leiðandi meira á óvart. Andy segir ástæðuna fyrir því að Murphy sé eldri, þroskaðari og jafnvel hrokafyllri en áður.

Þrátt fyrir að platan virðist ætla að vera enn einn sigurinn fyrir James Murphy er framtíðin óljós. Hann segist ekki vera viss um að hann geri fleiri plötur undir merki LCD Soundsystem. This Is Happening gæti því verið svanasöngurinn, en það má þó búast við að þessi mikli snillingur haldi áfram að gera tónlist um ókomna tíð.

atlifannar@frettabladid.is


**LCD SOUNDSYSTEM** Nýja platan er hugsanlega svanasöngur hljómsveitar James Murphy.



## ÞÚ VISSIR EKKI AÐ...

- James Murphy, maðurinn á bak við LCD Soundsystem, varð fertugur í febrúar.
- Hann notaði plötusnúðanafnið Death From Above á árum áður. Hann nefndi svo plötuútgáfu sína DFA Records og lenti í deilum við kanadíska hljómsveit með sama nafn sem kallar sig Death from Above 1979 í dag.
- Þegar Murphy var 22 ára gamall bauðst honum starf sem einn af handritshöfundum Seinfeld, þegar þátturinn var að hefja göngu sína. Hann hafði ekki trú á þættinum og hafnaði starfinu.

# Snorri Helgason í Lundúnum

Tónlistarmaðurinn Snorri Helgason kemur fram á hinum norrænu Ja Ja Ja-tónleikum á The Lexington í London í kvöld. Einnig koma fram danska poppsveitin No And the Maybes og Mariam „Mamma“ Jäntti frá Finnlandi. Snorri mun spila lög af fyrstu plötu sinni, I´m Gonna Put My Name On Your Door, sem kom út í fyrra við góðar undirtektir.

„Ég og hljómsveitin erum búin að vera að æfa eins og brjálæðingar og undirbúa okkur fyrir Lundúnaferðina okkar. Ef þið verðið í London þá eða þekkið einhvern þar megið þið endilega benda þeim á að koma. Þetta verður mjög gott,“ segir Snorri. Það var Stuart Clarke frá bransablaðinu Music Week sem sá um að velja flytjendurna þrjá.


**SNORRI HELGASON** Tónlistarmaðurinn Snorri Helgason kemur fram á hinum norrænu Ja Ja Ja-tónleikum í London í kvöld.

SOTHYS
PARIS

D R A U M U R   D A G   O G   N Ó T T




# TILBOÐ

Þú kaupir Sothys Hydroptimal TH13 dagkrem og
færð Sothys Noctuelle næturkrem á hálfvirði

Tilboðið gildir frá 20. maí og á meðan birgðir endast í
Hagkaup Smáralind, Skeifunni, Kringlunni og Holtagörðum.

50 ára HAGKAUP fyrir Íslendinga í 50 ár

## > DREW TIL OZ



**Drew Barrymore** hefur bæst í ört stækkandi hóp kvikmyndagerðarmanna sem vilja gera mynd um ævintýri Dórótheu í Oz. Mynd Barrymore á að segja sögu langalangalangaömmubarns Dórótheu sem verður að nýta kraftaskóna frægu til að vernda jörðina og Oz.

# bíó

bio@frettabladid.is

# Sænski glæpasagnaskólinn slær í gegn

Kvikmyndin Snabba Cash, eða Fundið fé eins og hún heitir á íslensku, er sýnd í íslenskum kvikmyndahúsum um þessar mundir. Myndin er harðsoðinn og raunsær krimmi sem segir sögu undirheima Stokkhólms frá sjónarhóli glæpamanna. Aðalpersónurnar eru þrjár: Jorge dópsali sem sleppur úr fangelsi og hyggur á hefndir, JW sem lætur ríka og fræga fólkið fá kókaínið sitt og svo Mrado, serbneski hrottinn. Þeir eiga það eitt sameiginlegt að dreyma um skjótfenginn gróða.

Fundið fé er byggt á samnefndri kvikmynd sænska rithöfundarins Jens Lapidus. Í viðtali við Fréttablaðið fyrir tæpum tveimur árum sagðist hann vilja skrifa allt öðruvísi bók en sænski glæpasagnaskólinn er þekktastur fyrir með rithöfunda á borð við Mankell, Stieg Larsson og Marklund í kennarahlutverkinu. „Ég er sannfærður um að ef maður tæki allar þessar bækur og legði þær hver ofan á aðra myndirðu fá út eina og sömu bókina," sagði Lapidus, sem er lögfræðingur í Stokkhólmi og hefur varið marga af alræmdustu misindismönnum Svíþjóðar.

Snabba Cash hefur slegið í gegn á Norðurlöndunum og samkvæmt fréttum frá Vesturheimi er Hollywood áhugasamt. Því hefur jafnframt verið haldið fram að sykursæta High Shcool Musical-stjarnan Zac Effron hafi mikinn áhuga á að fá hlutverk í endurgerðinni. Sem yrði dágott hliðarspor frá hans ferli. - fgg



**HÖFUNDURINN** Lapidus, höfundur Snabba Cash, er sjálfur lögfræðingur og hefur varið marga af alræmdustu misindismönnum Svíþjóðar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Dustin Hoffman leikstýrir fyrir BBC

Dustin Hoffman hefur samþykkt að leikstýra nýrri gamanmynd fyrir breska ríkissjónvarpið, BBC. Myndin fjallar um tvo roskna óperusöngvara sem lentu í miklum deilum á sínum yngri árum en ákveða að grafa stríðsöxina fyrir tónleika eftir fund á elliheimili. Um er að ræða sannkallaðan ellismell því Hoffman sjálfur er 72 ára og aðalleikararnir í myndinni eru heldur engin unglömb; Maggie Smith verður 76 á þessu ári, Albert Finney er tveimur árum yngri en hún og sir Tom Courtenay er 73 ára.



DUSTIN HOFFMAN

Þetta verður í fyrsta skipti sem Hoffman sest í leikstjórastólinn, opinberlega. Hann kom reyndar að leikstjórn kvikmyndarinnar Straight Time frá árinu 1978 en fékk það starf sitt ekki skráð. Hoffman situr ekki auðum höndum því hann hyggst endurtaka hlutverk föður Gaylord Focker í þriðju myndinni í þessari tragikómisku fjölskyldusögu.

# Sannur meistari sumarsmellanna

**Nafn Jerry Bruckheimer er nátengt hugtakinu „sumarsmellur" enda virðist Hr. Hollywood hafa næmt auga og tilfinningu fyrir því hvað fjöldinn vill sjá.**

Nýjasta kvikmyndin frá Bruckheimer er Prince of Persia en allnokkrar fréttir hafa verið skrifaðar um þá kvikmynd sem skartar meðal annars Gísla Erni Garðarssyni í litlu hlutverki. Gísli fær að spreyta sig gegn mörgum af helstu stjörnum Hollywood, svo sem Jake Gyllenhaal, sem er frægastur fyrir leik sinn í Brokeback Mountain, Gemmu Arterton en hún er fyrrum Bond-pía og svo Ben Kingsley og Alfred Molina.

### Kettir og gígalóar

Bruckheimer er af þýskum gyðingaættum. Hann fæddist í Detroit og kláraði próf í sálfræði við Mumford-háskólann í Arizona. Hann sýndi sjónræna sviðinu mikinn áhuga og hafði myndavél meðferðis hvert sem hann fór. Bruckheimer sneri sér að auglýsingagerð strax eftir nám; fyrst í Detroit, svo í New York. Auglýsingarnar vöktu strax mikla athygli, sópuðu að sér verðlaunum og opnuðu dyr Bruckheimer inn í Hollywood.

En það var ekki fyrr en Bruckheimer komst í kynni við Paul Schrader að hjólin fóru að snúast fyrir alvöru. Kvikmyndirnar American Gigalo og Cat People urðu til þess að stóru fiskarnir veittu framleiðandanum athygli.



**BRUCKHEIMER OG FRÚ** Kvikmyndir Bruckheimers hafa þénað yfir þúsund milljarða í miðasölu.

### Stjörnulíf með Simpson

Bruckheimer komst í kynni við annan framleiðanda að nafni Don Simpson. Þeir tveir voru jafn ólíkir og dagur og nótt; Bruckheimer er jarðbundinn að eðlisfari á meðan Simpson lifði glamúrlífinu með tilheyrandi vímuefnaneyslu Afraksturinn var hins vegar ekkert slor; dansmyndin Flashdance skilaði þeim félögum 95 milljónum dollara í miðasölu að ekki sé minnst á Beverly Hills Cop-myndirnar sem gerðu Eddie Murphy að stórstjörnu og Top Gun. Líferni Simpson dró hann til dauða árið 1996 en síðasta myndin þeirra var The Rock.

### Stórlaxinn

Bruckheimer missti örlítið taktinn eftir andlát Simpson. Armageddon, Gone in Sixty Seconds og hin arfaslaka Coyote Ugly voru ekki alveg í samræmi við væntingarnar sem Brukheimer/Simpson-samstarfið hafði alið áhorfendur á. Raunar var það ekki fyrr en með hinni frábæru stríðsmynd Ridley Scott, Black Hawk Down, að Bruckheimer náði sér almennilega á strik aftur.

Kvikmyndagagnrýnendur hafa ekki alltaf verið hrifnir af kvikmyndum úr smiðju framleiðandans og þær fá seint þann stimpil að teljast listrænt augnakonfekt. En þegar Bruckheimer er upp á sitt besta skila myndirnar því sem til þeirra er ætlast. Einfaldasta útskýringin á Bruckheimer-myndum væri að þetta sé kvikmyndagerð fyrir fólk sem vill fá sér stóran poka af poppi, risakók og sjá tvo tíma af hreinu fjöri. Og framleiðandi sem hefur gert stórstjörnur úr leikurum á borð við Richard Gere, Tom Cruise, Nicolas Cage og Eddie Murphy og halað inn þrettán milljörðum dollara, tæplega tveim þúsund milljörðum íslenskra í miðasölu, hefur, burtséð frá öllu tali um list, skilið eftir sig spor í kvikmyndasögu Bandaríkjanna. freyrgigja@frettabladid.is

MÁ BJÓÐA ÞÉR ... LYGI?




Bræður sitja á glæsilegu veitingahúsi ásamt eiginkonum sínum. Á yfirborðinu virðist allt slétt og fellt en fimmtán ára synir þeirra hafa framið skelfilegt ódæðisverk. Hvað skyldu þau ganga langt til að verja börnin sín?

*Kvöldverðurinn* var valin bók ársins í Hollandi árið 2009.

Jóna Dóra Óskarsdóttir þýddi.

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is



**SAMAN Á NÝ** Jamie Foxx og Colin Farrell léku Richardo og Sonny í Miami Vice eftir Michael Mann. Nú reyna þeir fyrir sér í gamanleik.

# Jamie Foxx er Cocksucker

Þetta átti ekki að vera dónaleg fyrirsögn heldur er þetta nafnið á persónu sem Óskarsverðlaunahafinn Jamie Foxx hefur tekið að sér að leika í gamanmyndinni Horrible Bosses. Myndinni er leikstýrt af Seth Gordon og segir sögu þriggja vina sem ákveða að taka höndum saman og drepa skelfilega vonda yfirmenn sína. Foxx mun leika svikahrapp sem býðst til að aðstoða þá með skrautlegum afleiðingum eins og nafn persónunnar gefur til kynna.

Framleiðendurnir hafa augljóslega mikla trú á handritinu því þeir hafa leitað til helstu gamanleikara Bandaríkjanna og stjörnur á borð við Owen Wilson, Vince Vaughn og Ashton Kutcher hafa verið orðaðir við hlutverkin. Þar að auki hafa leikstjórarnir Frank Oz og David Dobkin íhugað að setjast í leikstjórastólinn.

Gordon getur vart kvartað undan leikarahópnum því forsprakki vinahópsins verður leikinn af hinum ágæta Jason Bateman, stjörnunni úr Arrested Development og Juno. Honum til halds og traust verður Charlie Day úr gamanþáttunum It's Always Sunny in… sem vakið hafa mikla athygli. Yfirmennirnir eru heldur ekki í lakari kantinum; fyrrum ólátabelgurinn frá Írlandi, Colin Farrell, mun leika einn og Jennifer Aniston annan. Ekki hefur hins vegar verið tilkynnt hver verður þriðji feigi yfirmaðurinn.

ellingsen.is

# Grillveisla
## með Ellingsen

**ÞÚ FÆRÐ GASGRILLIÐ SAMSETT OG SENT HEIM!**
Heimsending er fyrir höfuðborgarsvæðið, og Akureyri virka daga kl. 8–18.



**GRILLUNUM FYLGIR:**
- 5 kg smellugashylki
- kippa af 2 lítra Coca-Cola
- Lays-flögur

**ELLINGSEN 2**
Tveir steypujárnsbrennarar, 24.000 BTU. Hitamælir, efri grind (hitagrind), grillgrind úr steypujárni og neista-kveikja.
Grillflötur 450 x 467 mm.
**Verð 79.900 kr.**



**13.317 kr.** í 6 mán. á vaxtalausum léttgreiðslum.

**ELLINGSEN 3**
Þrír steypujárnsbrennarar, 36.000 BTU, 1 innrauður bakbrennari, 12.000 BTU. Hliðarbrennari með loki 12.000 BTU. Hitamælir, efri grind (hitagrind), grillgrind úr steypujárni og neistakveikja
Grillflötur 633 x 467 mm.
**Verð 109.500 kr.**



**18.250 kr.** í 6 mán. á vaxtalausum léttgreiðslum.

**ELLINGSEN 4**
Fjórir steypujárnsbrennarar, 48.000 BTU. 1 innrauður bakbrennari, 12.000 BTU. Hliðarbrennari með loki, 12.000 BTU. Hitamælir, efri grind (hitagrind), grillgrind út steypujárni og neistakveikja.
Grillflötur 780 x 467 mm.
**Verð 129.900 kr.**



**21.650 kr.** í 6 mán. á vaxtalausum léttgreiðslum.



**COLEMAN-FERÐAGASGRILL**
Grillflötur 630x380 mm.
2 brennarar úr ryðfríu stáli, 7 kW.
Lok með postulíns-emeleringu, hitamælir og 2 fellanleg hliðarborð.
**Verð 49.900 kr.**

**8.317 kr.** í 6 mán. á vaxtalausum léttgreiðslum.



**CAMIPNGAZ RBS CI GRAND**
Grillflötur 2000 cm2
Keramik brennarar á hliðum.
Lok með glugga, efri grind (hitagrind), hitamælir, neistakveikja og sterk hlíf að framan með hillu.
**Verð 69.900 kr.**

**11.690 kr.** í 6 mán. á vaxtalausum léttgreiðslum.



Grillin eru afgreidd með Smellugasi sem er nýtt og einfaldara kerfi við gasnotkun. Þrýstijafnarann þarf ekki lengur að skrúfa á stútinn – honum er einfaldlega smellt á. Nánari upplýsingar á **smellugas.is**

Smellugas

**REYKJAVÍK**
**Fiskislóð 1 • Sími 580 8500**
**mánud.–föstud. 10–18 • Laugard. 10–16**

**AKUREYRI**
**Tryggvabraut 1–3 • Sími 460 3630**
**mánud.–föstud. 8–18 • Laugard. 10–16**

**Ellingsen**
*– fullt hús ævintýra*

## > FRÁBÆR MAMMA

Vinir og kunningjar leikkonunnar Söndru Bullock segja að hún sé hreinlega fædd í móðurhlutverkið. Sandra ættleiddi soninn Louis Bardo fyrir skemmstu og eftir því er tekið hvað hún nýtur þess að vera mamma. Einn vinur leikkonunnar sagði að móðurhlutverkið væri frábær meðferð til að takast á við skilnaðinn við hinn ótrygga Jesse James.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Tiger Woods ekki gleymdur

Rapparinn Jay-Z, Drake og Nicki Minaj leiða tilnefningarlista BET-Awards sem eru árleg verðlaun afrísk-ameríska listamanna í Bandaríkjunum. Tilnefningarnar voru kunngjörðar á veitingastað í New York í hádeginu í gær. Þetta er í tíunda skipti sem þessi verðlaunahátíð er haldin en verðlaunin verða afhent þann 26. júní í Los Angeles. Þá var jafnframt tilkynnt að Queen Latifah yrði kynnir hátíðarinnar.

Jay-Z er tilnefndur til þrennra verðlauna fyrir samstarf sitt og Aliciu Keys í laginu Empire State of Mind. Þar að auki er hann tilnefndur sem besti hip-hop-listamaðurinn og fyrir lagið sitt Run This Town sem er einnig tilnefnt í flokknum „myndband ársins“. Unnusta Jay-Z er að sjálfsögðu einnig tilnefnd, að þessu sinni fyrir lagið Video phone sem hún gerði ásamt furðufuglinum Lady Gaga. Þær eru einnig tilnefndar sem samstarfmenn ársins.

Það sem rændi þó senunni af þessum ofurstjörnum í bandarískum tónlistariðnaði var sú ákvörðun að tilnefna Tiger Woods sem íþróttamann ársins. Tiger hefur aldrei áður verið í þessum hópi og keppir við ekki ómerkari menn en Usian Bolt, Kobe Bryant og Lebron James.



**FYRIRSÉÐ OG ÓVÆNT** Jay-Z og Tiger Woods eru á meðal þeirra sem tilnefndir eru til BET-Awards þetta árið.


## Klipphúsið ehf.

**Bíldshöfða 18, 110 Reykjavík**

er **25 ára í dag** og af því tilefni veitum við 25% afslátt af dömu, herra og barnaklippingum í dag 20. Maí og á morgun 21. Maí. Einnig veitum við 25% afslátt af vörulínum frá **CREW**, **MILK SHAKE** og **AVEDA**.

Engar tímapantanir í klippingar.

Opnunartímar:
Mánudaga - Fimmtudaga 8.00 - 17.00
Föstudaga 9.00 - 18.00

Verið velkomin

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki




# BERGUR EBBI FAGNAR ENDALOKUM HNYTTNINNAR

**Uppistandarinn og fyrrverandi dægurlagasöngvarinn Bergur Ebbi Benediktsson fagnaði útgáfu Tími hnyttninnar er liðinn, sem er fyrsta ljóðabók hans, í Eymundsson á þriðjudag. Margir góðir gestir létu sjá sig og fögnuðu vel þegar ljóð voru lesin upp úr bókinni.**



Bergur Ebbi hatar ekki að tala í hljóðnema. Í bakgrunni sjást burðarásar nýrrar kynslóðar í íslensku gríni: Uppistandararnir Ari Eldjárn og Dóri DNA ásamt Ágústi Bent og Steinda Jr. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Á meðal gesta var Georg Kári Hilmarsson, en hann var áður félagi Bergs í Sprengjuhöllinni, áður en Bergur byrjaði að einbeita sér að ljóðum og gríni.



Dóri DNA fylgist agndofa með ljóðalestrinum, en Bent gefur ljósmyndara Fréttablaðsins séns.



Bergur Ebbi vílaði ekki fyrir sér að árita bækur fyrir aðdáendur sína.


Hugsjónalausar hetjur?



Er hægt að vera öfgamaður þegar ekkert er þess virði að drepa eða deyja fyrir?




Skáldsagan *Píslarvottar án hæfileika* eftir Kára Tulinius fjallar um ungmenni í Reykjavík. Öll vilja þau láta til sín taka og setja mark sitt á samfélagið en hvernig fær maður dofið samfélag til þess að hlusta … og breytast?

FRUMÚTGÁFA Í KILJU

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is




**SKILNAÐUR Í UPPSIGLINGU?** Star Magazine vill meina að Courteney Cox eigi í ástarsambandi við mótleikara sinn úr þáttunum Cougar Town. NORDICPHOTOS/GETTY

# Cox eyðir tíma með mótleikara sínum

Tímaritið Star Magazine heldur því fram að leikkonan Courteney Cox eigi í ástarsambandi við mótleikara sinn úr sjónvarpsþáttunum Cougar Town, Brian Van Holt. Cox hefur verið gift leikaranum David Arquette í tíu ár og eiga þau saman eina dóttur, hina fimm ára gömlu Coco. Sjónarvottar vilja meina að Cox og Van Holt hafi látið vel að hvort öðru á meðan þau snæddu saman á veitingastað í Malibu auk þess sem þau hafa eytt miklum tíma saman undanfarnar fjórar vikur þrátt fyrir að tökum á sjónvarpsþættinum hafi lokið í apríl.

„Courteney og Brian drukku bjór og deildu smárétti saman úti á veröndinni. Þau virtust haldast í hendur á einum tímapunkti. Eftir matinn kvöddust þau með faðmlagi og kossi,“ var haft eftir sjónarvotti.



**BRIAN VAN HOLT** Orðaður við Courteney Cox.

# Hugh Grant er bestur



NÁIN Elizabeth Hurley segir Hugh Grant vera sinn besta vin. NORDICPHOTOS/GETTY

Fyrirsætan Elizabeth Hurley sagði í nýlegu viðtali að unnusti hennar, fyrrverandi, leikarinn Hugh Grant, væri hennar besti vinur.

„Ég á nokkra góða vini. Eiginmaður minn er minn besti vinur dags daglega, systir mín er minn traustasti vinur en Hugh er besti vinur minn. Hann skilur ýmislegt sem enginn annar skilur og hann verður alltaf í fyrsta sæti. Við höfum verið bestu vinir í aldarfjórðung og það hlýtur að vera einhvers virði,“ sagði fyrirsætan, en jafnframt því að vera góður fjölskylduvinur er Grant guðfaðir sonar hennar.

# Hrædd við sýkla

Leikkonan fagra, Megan Fox, hefur látið ýmislegt misgáfulegt flakka í viðtölum undanfarin ár og hélt því áfram í nýlegu viðtali við tímaritið Allure. Innt eftir því hvort hún hafi gaman af matseld sagðist hún heldur vilja svelta en að elda ofan í sig sjálf. „Ég held ég svelti frekar til dauða. Ég held ég kæmist af án matar í að minnsta kosti viku.“ Í viðtalinu ræddi hún einnig um hversu sýklafælin hún er og segir það erfiðan sjúkdóm að lifa með. „Ég nota ekki hnífapörin á veitingastöðum. Ég get ekki hugsað mér að munnurinn á mér snerti það sama og þúsund aðrir munnar hafa áður snert. Getur þú ímyndað þér allar bakteríurnar sem þú gætir náð þér í? Oj!“



SÝKLAHRÆDD Megan Fox notar ekki hnífapör veitingastaða vegna sýklafælni. NORDICPHOTOS/GETTY



ANNAÐ BARN Kendra Wilkinson telur að annað barn geti bjargað hjónabandi hennar. NORDICPHOTOS/GETTY

# Kendra vill annað barn

**Raunveruleikastjarnan og fyrrum Playboykanínan Kendra Wilkinson vill eignast annað barn með eiginmanni sínum þrátt fyrir að hafa eignast sitt fyrsta barn fyrir aðeins sex mánuðum.**

**Stutt er síðan kynlífsmyndband með Kendru var gert opinbert og hefur það skapað erfiðleika innan hjónabandsins. „Þau vilja annað barn og Kendra vonar að það gerist fyrr en síðar. Hún veit að Hank er miður sín vegna myndbandsins og hún telur að annað barn geti bjargað hjónabandinu,“ var haft eftir innanbúðarmanni.**



FÍNAR GJAFIR Shiloh Jolie Pitt fær margar fínar gjafir þegar hún heldur upp á fjögurra ára afmæli sitt. NORDICPHOTOS/GETTY

# Shiloh Jolie Pitt á afmæli

**Shiloh Jolie Pitt, dóttir Angelinu Jolie og Brads Pitt, verður fjögurra ára í lok mánaðarins og hefur stúlkan þegar hafið að skipuleggja veisluna.**

**„Maddox var með hermannaþema í einu afmæli sínu og Shiloh vill það sama. Hún fær að öllum líkindum ný stígvél, leikfangabyssur og nýtt rúm sem er í laginu eins og geimskutla í gjöf,“ var haft eftir fjölskylduvini. „Hún vill helst aðeins leika sér með leikföng ætluðum strákum, hún er mikil strákastelpa. Brad keypti einnig handa henni lítinn jeppa sem hún getur ekið um á á lóðinni heima hjá sér.“**



# Farrell vatnshræddur og fer ekki í bað

**Leikarinn Colin Farrell hefur viðurkennt að vera bæði lélegur sundmaður og vatnshræddur. „Ég fer ekki einu sinni í bað. Ég kann að synda en mér líður ekki vel í vatni. Öll mín fjölskylda er góð í sundi en ég hef aldrei getað synt,“ sagði Farrell. Nýjasta mynd hans nefnist Ondine og var sýnd á Græna ljósinu. Hún fjallar um sjómann sem kemst í kynni við hafmeyju. Farrell segir að það hafi verið gaman að leika aðalpersónuna Syracuse. „Persónan var bæði einlæg og laus við tilgerð og það fannst mér heillandi við hana.“**



**COLIN FARRELL** Farrell hefur viðurkennt að vera lélegur sundmaður.



**SAMAN Á NASA** Auður Gunnarsdóttir, Snæfríður Jónsdóttir og Hildur Ösp Reynisdóttir voru á meðal gesta.



**SARA OG GYÐA** Sara Antonía Daníelsdóttir og Gyða Jónsdóttir mættu á Nasa.



**FANNAR OG EYÞÓR** Fannar Guðni Guðmundsson og Eyþór Trausti Jóhannsson létu sig ekki vanta.

# DIKTA ÞAKKAÐI FYRIR SIG

**Hljómsveitin Dikta hélt ókeypis tónleika á Nasa á miðvikudagskvöld fyrir alla aldurshópa. Með tónleikunum vildu strákarnir þakka fyrir sig, enda hefur nýjasta plata þeirra, Get It Togheter, náð gullsölu.**

Dikta hefur átt miklum vinsældum að fagna síðan platan kom út í nóvember í fyrra og hafa lögin From Now On og Thank You bókstaflega eignað sér fyrsta sæti Lagalistans. Get it Together hefur sömuleiðis setið á toppi Tónlistans yfir mest seldu plöturnar stærstan part þessa árs.



**ÞRJÁR HRESSAR** Eyrún Ævarsdóttir, Lena Rós Þórarinsdóttir og Hanna Rós Sigurðardóttir voru ánægðar með Diktu.



**HLUSTUÐU Á DIKTU** Andrea Björnsdóttir og Sigurbjörg Sigurðardóttir hlustuðu á Diktu.



**THANK YOU** Haukur Heiðar Hauksson, söngvari Diktu, söng öll bestu lög sveitarinnar á tónleikunum, þar á meðal Thank You. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**HVANNDALSBRÆÐUR** Nýjasta plata Hvanndalsbræðra er komin í búðir.

# Nýtt frá bræðrum

Nýjasta plata Hvanndalsbræðra kemur út í dag. Þar er að finna tólf lög, þar á meðal eru LA LA lagið, Fjóla, Vinkona, og Eurovision-lagið Gleði og glens. Lagið Vinsæll eftir Dr. Gunna í flutningi Hvanndalsbræðra er núna komið í mikla spilun á öllum helstu útvarpsstöðvum landsins. Á meðal annarra laga er Plötulagið eftir Einar Bárðarson og ska-útgáfa af lagi Skriðjökla, Mikki refur. Síðasta plata Hvanndalsbræðra, Knúsumst um stund, kom út fyrir tveimur árum og seldist í tæpum þrjú þúsund eintökum.

Bræðurnir halda ferna útgáfutónleika á næstunni. Þann 27. og 28. maí spilar þeir á Græna hattinum á Akureyri, 3.júní á Nasa í Reykjavík og 4.júní í Salthúsinu í Grindavík. Þetta eru ekki einu tónleikar Hvanndalsbræðra í sumar því að þeir eru bókaðir á yfir þrjátíu stöðum um allt land og eru ekki hættir að bóka.







# Valdi fjölskylduna

Leikarinn Chris O‘Donnell segist hafa snúið baki við glæstum ferli sínum í Hollywood til að geta gengið í hjónaband og eignast börn. O‘Donnell var sem kunnugt er upprennandi stjarna um miðjan tíunda áratug síðustu aldar eftir að hafa leikið í Batman Forever. Hann segist hafa hafnað stórum hlutverkum í kjölfarið af því hann vildi ekki verða of frægur.

Nú eru 13 ár síðan Chris gekk að eiga konu sína og þau eiga fimm börn saman. Það elsta er tíu ára og yngsta er tveggja ára. „Ég ákvað að stíga á bremsuna og sé ekki eftir því,“ segir O‘Donnell.



**ÁNÆGÐUR** Chris O‘Donnell með eiginkonunni Caroline. NORDICPHOTOS/GETTY

# Berjast um forræði

Leikkonan Halle Berry og sambýlismaður hennar, fyrirsætan Gabriel Aubry, slitu sambandi sínu fyrir nokkrum mánuðum. Í fyrstu virtist parið hafa skilið í góðu en nú eru blikur á lofti því bæði vilja þau forræði yfir dóttur þeirra. „Gabriel hefur lítið fengið að sjá Nöhlu undanfarnar vikur. Hann er orðinn mjög þreyttur á aðstæðum og hefur velt fyrir sér möguleikanum að fá fullt forræði yfir Nöhlu. Hann vill hitta hana reglulega og neitar að taka nokkuð annað í mál,“ var haft eftir heimildarmanni sem vill meina að bæði Aubry og Berry hafi leitað ráða hjá lögfræðingi vegna málsins. „Halle flytur til Afríku innan skamms vegna vinnu sinnar og mun dvelja þar í nokkra mánuði. Hún hyggst taka Nöhlu með sér og er Gabriel mjög ósáttur við það.“

**FORRÆÐISDEILA** Gabriel Aubry vill ekki að Halle Berry fari með dóttur þeirra til Afríku.



NORDICPHOTOS/GETTY



**JENNIFER ANISTON** Vonast til að hitta rétta manninn og stofna með honum fjölskyldu.

# Vill stofna fjölskyldu

**Leikkonan Jennifer Aniston er bjartsýn á að hún muni hitta rétta manninn og stofna með honum fjölskyldu. „Ég hef upplifað margt yndislegt um árin og ég hef lært virkilega mikið um sjálfa mig,“ sagði hin 41 árs Aniston sem skildi við hjartaknúsarann Brad Pitt árið 2005. „Ég er tilbúin til að njóta þess að vera með frábærum náunga og eignast með honum fjölskyldu. Það hefur alltaf verið minn draumur,“ sagði Aniston. Hún hefur átt erfitt uppdráttar í ástalífinu eftir að hún skildi við Pitt en vonast nú til að gæfan verði henni nú hliðholl.**

# Hættir við Evróputúr

**Karen Elson, eiginkona rokkarans Jacks White, hefur aflýst fyrirhugaðri tónleikaferð sinni um Evrópu. Elson, sem starfaði sem fyrirsæta áður en hún skellti sér út í tónlistina, gekk að eiga rokkarann White árið 2005. Þau hafa unnið saman að tónlist hennar og White er upptökustjóri plötunnar The Ghost That Walks.**

**Ráðgert hafði verið að Elson léki á fyrstu tónleikunum í Berlín í næstu viku og síðan áttu nokkrir tónleikar að fylgja í kjölfarið. Talsmaður söngkonunnar segir að öllum tónleikum Elson hafi verið aflýst. Ekki fæst uppgefið hver ástæðan er.**



**HÆTT VIÐ** Karen Elson hefur aflýst tónleikaferðalagi sínu.



# John Travolta afhjúpaði yndislegt leyndarmál

**Leikarinn John Travolta og eiginkona hans, Kelly Preston, eiga von á barni. Á ýmsu hefur gengið í lífi þeirra upp á síðkastið og hljóta þessi tíðindi því að vera afar kærkomin fyrir þau.**



**BARN Á LEIÐINNI** John Travolta og eiginkona hans, Kelly Preston, eiga von á barni, samkvæmt yfirlýsingu á heimasíðu þeirra. NORDICPHOTOS/GETTY

„Það er vonlaust að þegja yfir leyndarmáli... sérstaklega þegar það er eins yndislegt og þetta,“ skrifaði Travolta á heimasíðu sína. „Við viljum vera fyrst til að deila með ykkur þessum frábæru fréttum um að við eigum von á nýjum meðlimi í fjölskylduna.“

Travolta, sem er 56 ára, og Preston, sem er 47 ára, eiga fyrir hina tíu ára dóttur, Ellu. Sonur þeirra, Jett, lést á Bahama-eyjum á síðasta ári, aðeins sextán ára, eftir að hafa fengið flog og gekk fjölskyldan í gegnum mikið sorgarferli í framhaldinu. Einu máli tengdu dauða Jetts er enn ekki lokið því þessa dagana fara fram réttarhöld yfir tveimur manneskjum sem eru sökuð um að hafa reynt að kúga fé út úr Travolta eftir dauða hans.

Það er skammt stórra högga á milli hjá Travolta-fjölskyldunni því stutt er síðan ekið var á tvo hunda hennar á flugvelli í Maine. Atvikið átti sér stað á meðan verið var að dæla bensíni á þotu Travolta, sem leikarinn er þekktur fyrir að fljúga sjálfur hvert á land sem er. „Einhver, sem er ekki í fjölskyldu þeirra, fór í göngutúr með tvo litla hunda í ólum. Þjónustubíll flugvallarins nálgaðist flugvélina og sá ekki hundana. Því miður var ekið á þá og þeir létust,“ sagði talsmaður flugvallarins, miður sín yfir atvikinu.

Travolta er enn í góðum gír í leiklistinni. Framhaldsmyndin Wild Hogs 2: Bachelor Ride er væntanleg í bíó á næsta ári en sú fyrra hlaut góða aðsókn. Þar fer hann á nýjan leik með hlutverk Woody Stevens og sem fyrr verða þeir Martin Lawrence, Tim Allen og William H. Macy einnig í stórum hlutverkum.

# Skjótfenginn gróði

Kvikmyndir ★★★

**Snabba Cash**

Leikstjóri: Daniel Espinosa

**Aðalhlutverk:** Joel Kinnaman, Matias Padin Varela, Dragomir Mrsic, Lisa Henni



**SNABBA CASH** Vel gerð og áhugaverð glæpamynd frá Svíþjóð.

Norrænar glæpasögur eru funheitar þessi misserin og þar eru Svíar heldur betur frekir til fjörsins. Henning Mankell er búinn að vera á fleygiferð lengi, vinsældir Stiegs heitins Larsson og Millenium-þríleiks hans eru yfirgengilegar og lögfræðingurinn Jens Lapidus er að koma sterkur inn og glæpasaga hans Snabba Cash (Fundið fé) sló í gegn í heimalandinu og rétt eins og með verk Larssons er búið að snara henni á hvíta tjaldið og hróður hennar hefur borist til Hollywood þar sem farið er að huga að endurgerð myndarinnar.

Snabba Cash er hörkufínn krimmi sem siglir nú í íslensk kvikmyndahús á vinsældabylgju Millenium-bíómyndanna og rennir stoðum undir þá staðreynd að Svíar eru að verða stórveldi í glæpamyndagerð.

Saga Lapidusar er margslungin og nokkuð flókin og hefur eðlilega verið einfölduð töluvert í kvikmyndahandritinu. Þrátt fyrir það er myndin nokkuð löng og snúin enda segir hér af býsna mörgum persónum sem lýstur saman í undirheimum Stokkhólms þar sem allir hlutaðeigendur deila sameiginlegum draumi um skjótfenginn gróða. Og svífast einskis til þess að ná markmiðum sínum.

Johan Westlund er fátækur dreifbýlisstrákur sem stundar nám í viðskiptafræði í Stokkhólmi. Hann er ansi klár og hangir með auðstrákum og reynir að falla í hópinn með því að klæða sig smart og spila sig kúl. Hann vinnur fyrir sér sem leigubílstjóri hjá vafasömum gaurum og er skyndilega kominn á kaf í eiturlyfjaviðskipti þeirra þar sem þekking hans á viðskiptum nýtist öllum vel. Hann kynnist strokufanganum Jorge í gegnum glæpaklíkuna og með þeim tekst nokkuð náinn vinskapur sem síðar á eftir að reyna mikið á þegar serbneskir krimmar fara í stríð við leigubílabófana um risastóra dópsendingu.

JW áttar sig smám saman á því að í þessum leik er enginn annars bróðir þegar hinn öflugi serbneski handrukkari Mrado bendir honum á að félagar hans eigi eftir að svíkja hann. JW stendur því taugaveiklaður á milli tveggja elda og fer eðlilega að efast um það hvort glæpir borgi sig yfirleitt.

Þrátt fyrir hressilegar ofbeldisgusur og spennu sem magnast jafnt og þétt finnur maður óneitanlega aðeins fyrir lengd myndarinnar en á móti kemur að tíminn er notaður ágætlega til þess að kynna helstu persónur þannig að manni er einhvern veginn ekki sama um neina þeirra þótt allt séu þetta bölvuð úrþvætti og skepnur. En í það heila er Snabba Cash virkilega vel gerð og áhugaverð glæpamynd.

Þórarinn Þórarinsson

**Niðurstaða:** Virkilega smart krimmi þar sem kynt er hægt og rólega undir áhugaverðum persónum þangað til allt sýður upp úr.


NÝTT Í BÍÓ
LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

ÚTLAGI, STRÍÐSMAÐUR, HETJA
POWERSÝNING KL. 10
ROBIN HOOD
VINSÆLASTA MYNDIN Á ÍSLANDI Í DAG

LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| ROBIN HOOD | 4, 7 og 10 (POWER) | 12 |
| IRON MAN 2 | 5, 7.30 og 10 | 12 |
| SHE'S OUT OF MY LEAGUE | 8 og 10.10 | 12 |
| NANNY MCPHEE & THE BIG BANG | 5.40 | L |

SAMBÍÓIN
BIÐIN ER Á ENDA HEIMSFRUMSÝND Á ÍSLANDI VIKU Á UNDAN USA
Frá framleiðanda Pirates of the Caribbean þríleiksins Jerry Bruckheimer kemur ein stærsta bíóupplifun ársins
PRINCE OF PERSIA THE SANDS OF TIME
Gísli Örn Garðarsson er mættur í sinni fyrstu Hollywood mynd

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| PRINCE OF PERSIA | kl. 5:30D -8D - 8:30 - 10:30D - 11 | 10 |
| PRINCE OF PERSIA | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | VIP |
| ROBIN HOOD | kl. 8 - 10:50 | 12 |
| IRON MAN 2 | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | 12 |
| COPS OUT | kl. 10:30 | 14 |
| OFURSTRÁKURINN M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | L |
| KICK ASS | kl. 5:50 - 8 | 14 |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| PRINCE OF PERSIA | 5:30D - 8D - 9 - 10:30D - 11:30 | 10 |
| IRON MAN 2 | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| TEMJA DREKANN SINN 3D ísl. Tali Sýnd Fimmt. | kl. 6(3D) | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| PRINCE OF PERSIA | kl 5:30 - 8 - 10:30 | 10 |
| COPS OUT | kl 5:30 - 8 | 14 |

SAMBÍÓIN SELFOSSI

| | | |
|---|---|---|
| PRINCE OF PERSIA : SANDS OF TIME | kl. 8 - 10:30 | 10 |
| ROBIN HOOD | kl. 8 - 10:50 | 12 |
| IRON MAN 2 | kl. 10:30 | 12 |

já -er svarið
NÚ GETUR ÞÚ FENGIÐ SÝNINGARTÍMA OG UPPLÝSINGAR UM MYNDIR Í BÍÓ HJÁ JÁ - 118

NÝTT Í BÍÓ!
BYGGÐ Á METSÖLUBÓK JENS LAPIDUS
SNABBA CASH FUNDIÐ FÉ
MAGNAÐUR SÆNSKUR SPENNUTRYLLIR Í ANDA STIEG LARSSON
★★★★ Ómar Eyþórsson X-ið 977
★★★★ Heiðar Austmann FM 957
★★★½ Þ.Þ. Fréttablaðið
★★★½ T.V. - Kvikmyndir.is
★★★½ B.I. kvikmyndir.com
★★★½ Heimir Karlsson, Bylgjan
LÚXUS 16

ÚTLAGI, STRÍÐSMAÐUR, HETJA
RIDLEY SCOTT GLADIATOR
RUSSELL CROWE CATE BLANCHETT
ROBIN HOOD
SAGAN Á BAK VIÐ GOÐSÖGNINA

JENNIFER LOPEZ
The Backup Plan

IRON MAN 2
Fullt af stórleikurum í fyrstu STÓRMYND SUMARSINS!

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| SNABBA CASH | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| SNABBA CASH LÚXUS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| ROBIN HOOD | kl. 8 - 11 | 12 |
| THE BACKUP PLAN | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | L |
| IRON MAN 2 | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| THE SPY NEXT DOOR | kl. 3.40 | L |
| NANNY MCPHEE | kl. 3.40 | L |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | | |
|---|---|---|
| DATE NIGHT | kl. 6 - 8 - 10 | 10 |
| IMAGINARIUM OF DR. P.... | kl. 9 íslenskur texti | 12 |
| UN PROPHÉTE | kl. 6 enskur texti | 16 |
| LOFTKASTALINN SEM HRUNDI | kl. 6 - 9 | 14 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| ROBIN HOOD | kl. 6 - 9 | 12 |
| THE SPY NEXT DOOR | kl. 6 | L |
| THE BACKUP PLAN | kl. 8 - 10 | L |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| SNABBA CASH | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| ROBIN HOOD | kl. 6 - 9 | 12 |
| CRAZY HEART | kl. 5.30 - 8 | L |
| THE BACKUP PLAN | kl. 5.40 - 10.20 | L |
| I LOVE YOU PHILLIP MORRIS | kl. 10.30 | 12 |
| ROMEO + JULIET | kl. 8 | 14 |

# Sallafín sumarfroða

Kvikmyndir ★★★★

**Prince of Persia: The Sands of Time**

Leikstjóri: Mike Newell

**Aðalhlutverk:** Jake Gyllenhaal, Gemma Arterton, Ben Kingsley, Alfred Molina

Bitur reynslan hefur kennt okkur að það kann sjaldan góðri lukku að stýra að byggja bíómyndir á tölvuleikjum. Stundum gengur þetta þó upp og í þessu tilfelli rennur tölvuleikurinn um hinn vopnfima Persíuprins áreynslulaust og skemmtilega á hvíta tjaldið. Söguþráðurinn er auðvitað óttaleg þvæla, svona eins og gengur og gerist í risastórum sumarmyndum frá Bandaríkjunum, en í myndum af þessu tagi kemur það ekki endilega að sök. Prince of Persia er ekki gerð til þess að fá dynjandi lófaklapp á Sundance-hátíðinni og enda á Íslandi á vegum Græna ljóssins.

Þetta er þvottekta sumarsmellur sem er aðeins ætlað að fá fólk til þess að gleyma sér í ævintýraheimi í tvær og hálfa klukkustund og að sjálfsögðu að græða helling



**OKKAR MAÐUR** Gísli Örn Garðarsson leikur illmenni í myndinni.

af peningum í leiðinni. Að þessu leyti stendur Prince of Persia fullkomlega fyrir sínu. Hún er ekki að þykjast vera neitt annað en hún er; tölvugerð flugeldasýning sem byggir á innihaldslausum hasar og fjöri.

Myndin er meira að segja betri en gengur og gerist með myndir í þessum geira og munar þar ekki síst um hversu vel mönnuð hún er. Jake Gyllenhaal er skemmtilegur og góður leikari sem gerir prinsinn Dastan ósköp heillandi. Ben Kingsley er svo auðvitað mikill meistari og Gemma Arterton voða flott og kúl gella. Þau fá svo dyggan stuðning frá prýðilegum aukaleikurum þar sem hinn óborganlegi Alfred Molina fer á kostum í dæmigerðu hlutverki trúðsins sem sér um að halda gríninu uppi á milli slagsmála.

Söguþráður myndarinnar er sóttur mjög markvisst í tölvuleikinn um Prinsinn af Persíu og sand tímans og greinir frá kapphlaupi Dastans og illra afla um rýting nokkurn sem getur stöðvað tímann og snúið honum til baka.

Myndin er veisla fyrir augað, brellurnar flottar og prinsinn hleypur upp veggi og stekkur á milli húsþaka alveg eins og í tölvuleiknum án þess þó að það verði hallærislegt. Allt til fyrirmyndar sem sagt, innan þess ramma sem Jerry Bruckheimer setur froðunni sem hann framleiðir.

Eins og alþjóð hefur ekki komist hjá að frétta fer Gísli Örn Garðarsson með hlutverk illmennis í myndinni. Íslenskir fjölmiðlar hafa eins og við var að búast gert hlutverk Gísla í myndinni miklu stærra en



**PRINCE OF PERSIA** Ben Kingsley, Jake Gyllenhaal og Richard Coyle í hlutverkum sínum.

það í raun og veru er. Það er þó engin ástæða til þess að gera lítið úr þætti Gísla í myndinni. Hann er fyrirtaks illmenni sem hefur ekkert of mikið að segja en lætur verkin tala. Hlutverkið reynir ekki mikið á óumdeilda leikhæfileika Gísla sem er synd þótt þetta sé vissulega enn ein rós í hnappagat hans.

Þórarinn Þórarinsson

**Niðurstaða:** Fagmannlega unnin, vel leikin, skemmtileg og innihaldslaus sumarfroða sem stendur fullkomlega fyrir sínu.

# Páll syngur óð til Reykjavíkur

Söngvarinn Páll Rósinkrans syngur nýtt Reykjavíkurlag á væntanlegri plötu umhverfisfrömuðarins Steins Kárasonar. Lagið nefnist Ég heilsa þér Reykjavík og er undir áhrifum frá tónlist sjöunda áratugarins. „Þetta er óður til konunnar sem maðurinn elskar og óður til borgarinnar sem er Reykjavík," segir Steinn, sem er ánægður með framlag Páls. „Þetta er alveg frábært. Hann gerir þetta listavel."

Steinn segir plötuna mjög persónulega. „Þeir textar sem ég geri koma djúpt úr mínu sálarlífi. Á köflum gæti maður sagt að þetta væri eins og að skrifta hjá kaþólskum presti."

Upptökur á plötunni hafa staðið yfir undanfarna mánuði. Steinn hefur áður sent frá sér lögin Kominn aftur og Helga himneska stjarna en þetta er fyrsta platan hans. „Þetta hefur alltaf blundað í mér en rétta stundin kom ekki fyrr en núna. Í haust stóð ég uppi atvinnulaus og í staðinn fyrir að leggja árar í bát fór ég í þetta."

Platan er mjög fjölbreytt því



**STEINN KÁRASON** Fyrsta plata umhverfisfrömuðarins Steins Kára er væntanleg í búðir á næstu misserum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**PÁLL RÓSINKRANS** Páll syngur óð til Reykjavíkur á plötunni.

á henni hljómar popp, rokk, þungarokk, ballöður og daður við djass og klassík. Auk Páls Rósinkrans syngja á plötunni Haukur Hauksson, Íris Guðmundsdóttir, Hreindís Ylva, Guðmundur Benediktsson og Steinn sjálfur.

- fb


EINSTAKT TÆKIFÆRI!

Í DAG OG Á MORGUN EIGA ÞESSAR ÞRJÁR SÍÐUSTU INNRÉTTINGAR AÐ SELJAST

HTH Hágæða innréttingar!




INNRÉTTING NR. 1
Straight · Svört háglans / Hvíttuð eik

· Neðri skápar: 240 cm, 2 skúffueiningar, 1 skápur
· Rými fyrir uppþvottavél
· Efri skápar: 240 cm, 4 skápar úr hvíttaðri eik
· Eyja: 210 x 90 cm, 3 skúffueiningar
· Vantar ofnskáp en gert ráð fyrir kæliskáp í innréttingu á vegg.

Upphaflegt verð: Kr. 1.200.000,-
~~TILBOÐSVERÐ: Kr. 430.000,-~~
án borðplötu, stálvasks og blöndunartækja NÚ: 330.000,-

· Borðplata (Resopal), stálvaskur og blöndunartæki á umsemjanlegu verði til kaupanda.
· Aukaskápar með 35% afslætti

INNRÉTTING NR. 2
Scandinavian Classic · Hvít sprautulökkuð

· Veggeining: Hæð: 143 / Lengd: 280 cm
· Rými fyrir 1 innbyggðan kæliskáp, 2 ofnskápar, Alls 5 skápar
· Eyja: 202 x 93 cm, Matarborð (hvíttuð eik): 125 x 93 cm, 1 skúffueining, 4 skápar, Gat fyrir helluborð, Rými fyrir uppþvottavél, Vaskur fylgir

Upphaflegt verð: Kr. 1.350.000,-
~~TILBOÐSVERÐ: Kr. 590.000,-~~
með borðplötu. NÚ: 490.000,-

· Aukaskápar með 35% afslætti

INNRÉTTING NR. 3
Plain Black · Sprautulökkuð svört / rauð

· L–laga innrétting: 340 x 290 cm
· Neðri skápar: 7 svartar skúffueiningar
· Vandaður hornskápur
· Efri skápar: 4 glerskápar, 3 rauðlakkaðir skápar
· Veggpanell fylgir
· Vantar ofnskáp og ekki gert ráð fyrir kæliskáp og helluborði í innréttingu.

Upphaflegt verð: Kr. 2.300.000,-
~~TILBOÐSVERÐ: Kr. 790.000,-~~
án borðplötu. NÚ: 640.000,-

· Borðplata (Himax) – verð umsemjanlegt
· Aukaskápar með 35% afslætti

Fyrstur kemur –fyrstur fær!

ORMSSON

Allar nánari upplýsingar veita sölumenn okkar.
LÁGMÚLA 8 · Símar 530–2819 og 530–2821



LAUSNIR FYRIR LÁNTAKENDUR

ÞEKKTU RÉTT ÞINN

Lækkuð greiðslubyrði • Afskriftir lána
Réttarstaða lántakenda



Borgarafundur á Hilton Reykjavík Nordica fimmtudaginn 20 maí klukkan 20:30-22:00



• Árni Páll Árnason, félags- og tryggingamálaráðherra, fer yfir skuldastöðu heimila, fjallar um bætta réttarstöðu skuldara og bendir á lausnir sem henta mismunandi hópum (30 mín)
• Spurt og svarað (60 mín)

Fundarstjóri er Halldór Grönvold aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ

Heitt á könnunni - Allir velkomnir

Lausnir á skuldavanda heimilanna
Borgarafundir í maí

Fundurinn í kvöld er sá áttundi í röð borgarafunda sem félagsmálaráðherra hefur staðið fyrir víðs vegar um landið nú í maí.

Athygli er vakin á því að fundurinn verður bæði rittúlkaður og táknmálstúlkaður.

Lögfræðingur og ráðgjafi frá Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna verða til viðtals á öllum borgarafundunum.

RÁÐGJAFARSTOFA UM FJÁRMÁL HEIMILANNA

FÉLAGS- OG TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

## 22 DAGAR Í HM

**Englendingar** hafa tapað öllum þremur vítaspyrnukeppnunum sem landslið þjóðarinnar hefur lent í í úrslitakeppni HM. Enska landsliðið tapaði 1-3 á móti Portúgölum í vítakeppni í átta liða úrslitum á HM 2006, tapaði 3-4 á móti Argentínu í vítakeppni í 16 liða úrslitum á HM 1998 og tapaði 3-4 á móti Vestur-Þýskalandi í undanúrslitum á HM 1990. Enskir leikmenn hafa aðeins nýtt 7 af 14 vítum sínum í vítakeppni á HM.



# sport

sport@frettabladid.is

HREGGVIÐUR MAGNÚSSON: ÍHUGAR Í FYRSTA SINN AÐ FARA FRÁ ÍR OG HEFUR VERIÐ ORÐAÐUR VIÐ KR

## *Er í viðræðum við nokkur lið og kannar möguleikana*



Körfuboltamaðurinn Hreggviður Magnússon hefur ekki ákveðið hvar hann muni spila á næsta tímabili en mörg félög hafa áhuga á að fá þennan öfluga framherja til sín. Hreggviður hefur leikið með ÍR-ingum alla tíð fyrir utan þann tíma sem hann var í skóla í Bandaríkjunum. Hreggviður glímdi við meiðsli á þessu tímabili og náði af þeim sökum ekki að fylgja á eftir tveimur frábærum tímabilum þar á undan þar sem hann skoraði yfir 18 stig að meðaltali í leik.

„Ég er staddur í Bandaríkjunum og maður er í smá fríi í nokkra daga í viðbót. Ég get vottað það að ég er í viðræðum við nokkur lið og er að kanna mína möguleika. Vonandi skýrist þetta á næstu dögum,“ segir Hreggviður sem verður erlendis í eina og hálfa viku til viðbótar. Hreggviður vill þó ekki gefa það út að hann spili ekki með ÍR-ingum.

„Ég get ekkert gefið út hundrað prósent um það en það skýrist bara vonandi á allra næstu dögum hvar ég verð. Það er ekkert í hendi fyrr en það er skrifað undir. Það er óhætt að segja að þetta sé allt á viðkvæmu stigi,“ segir Hreggviður.

Hreggviður hefur verið orðaður við KR en vill sjálfur ekkert gefa upp um hvaða lið eru í viðræðum við hann.

„Ég hef gefið það út áður að ég er sennilega í fyrsta skiptið á mínum ferli að íhuga það hvort ég eigi að færa mig um set. Ég er að spjalla við nokkur lið og á bara eftir að taka þessa ákvörðun miðað við mína möguleika og mínar forsendur hvernig hlutirnir þróast. Það er í þessu ferli,“ sagði Hreggviður sem var með 14,9 stig og 5,1 frákast að meðaltali í leik í Iceland Express-deildinni í vetur. ÍR-ingar hafa verið að framlengja samninga við sína menn að undanförnu og þar á meðal er Sveinbjörn Claessen sem skoraði á Hreggvið að spila áfram sem aðalmaðurinn í ÍR í staðinn fyrir að verða „hlutverka-leikmaður“ í öðru liði.

Hermann Hreiðarsson:

## Boðinn nýr samningur

**FÓTBOLTI** Portsmouth tilkynnti í gær á heimasíðu sinni að það hefði boðið íslenska landsliðsmanninum, Hermanni Hreiðarssyni, nýjan samning.

Núverandi samningur Hermanns við félagið rennur út í sumar. Hann verður frá vegna meiðsla eitthvað fram á næsta vetur eftir að hafa slitið hásin. Félagið vill samt ekki missa hann og hefur því boðið honum nýjan samning.

Tíu leikmenn félagsins fengu nýtt samningstilboð í gær og á meðal þeirra voru David James, Nwankwo Kanu og Ricardo Rocha.Nokkrir af efnilegustu leikmönnum félagsins fengu einnig samning í hendurnar í gær.

Portsmouth féll úr ensku úrvalsdeildinni í vetur. - hbg

SANYL
ÞAKRENNUR



• RYÐGA EKKI
• PASSA Í GÖMLU RENNUJÁRNIN
• STANDAST ÍSLENSKT VEÐURFAR
• AUÐVELDAR Í UPPSETNINGU
• ÓDÝR OG GÓÐUR KOSTUR

ÁLFABORG
Skútuvogi 6 • Sími 568 6755

# Búin að henda þeim neikvæðu út

**Ármenningar ætla að passa upp á það að þær Ásdís Hjálmsdóttir og Helga Margrét Þorsteinsdóttir fái allt til alls til að ná sem bestum árangri á Ólympíuleikunum í London eftir tvö ár. Stefán Jóhannsson, þjálfari stelpnanna, hefur lagt gríðarlega vinnu í verkefnið enda með mikil efni í höndunum.**

**FRJÁLSAR** Ármenningar standa vel á bak við afrekskonur sínar, Helgu Margréti Þorsteinsdóttur og Ásdísi Hjálmsdóttur, og hafa fyrir nokkru stofnað Ólympíuhóp frjálsíþróttadeildar Ármanns sem er ætlað að sjá til þess að þær stöllur hafi allt til alls til að ná sem bestum árangri á Ólympíuleikunum í London árið 2012.

Þær eru báðar í fremstu röð í heiminum. Ásdís endaði í fyrra í 22. sæti heimslistans í spjótkasti fyrir árið 2009 og Helga Margrét var í 1. sæti heimslista unglinga í sjöþraut í fyrra og 50. sæti yfir bestan árangur fullorðinna.

Stefán Jóhannsson er þjálfari stelpnanna og einn þeirra sem hefur unnið hörðum höndum við að bæta þær og aðstæður þeirra innan sem utan vallar.

„Við fengum nýjan formann í deildina fyrir tveimur árum síðan. Ég fór að ræða um það við hann að það væri gaman að gera það sem þyrfti fyrir þessar stelpur þar sem við værum með svona mikil efni í höndunum. Ég sagði við hann að það væri leiðinlegt að vera búinn að þjálfa í öll þessi ár og búinn að vera með marga frábæra íþróttamenn sem ekki var allt gert fyrir til þess að ná árangri,“ segir Stefán. „Við vorum sammála um það að sumir þeirra íþróttamanna hefðu alveg getað þess vegna náð á pall á stórmótum ef allt hefði verið gert fyrir þá sem þurfti. Hann fór af stað, er feikiduglegur og við unnum þetta upp,“ segir Stefán.

Í síðustu viku undirrituðu stelpurnar styrktarsamning við aðalstyrktaraðila verkefnisins sem er Valitor, VISA á Íslandi. Höfuðmarkmið samningsins er að gera stelpunum kleift að æfa við bestu mögulegu aðstæður fram að leikunum en Stefán segir að þó að fjármögnun verkefnisins eigi aðeins eftir í land. Stefán leggur mikla áherslu á jákvæðnina. „Við erum eiginlega bara með jákvætt fólk í kringum okkur og við erum búin að henda þeim neikvæðu út,“ segir Stefán.




**SAMINGURINN Í HÖFN** Kristján Þór Harðarson, fulltrúi Valitor á Íslandi, tekur í höndina á Ásdísi Hjálmsdóttur við góðar undirtektir þeirra Helgu Margrétar Þorsteinsdóttur og Freys Ólafssonar, formanns frjálsíþróttadeildar Ármanns. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hann sér mun á stelpunum og hann nefnir til að hluti af verkefninu hafi verið að setja saman ráðgjafarráð en í því eru Einar Vilhjálmsson, Guðrún Arnardóttir, Kristján Harðarson, Ólafur Stefánsson og Sigurður Einarsson.

Allt eru þetta Ólympíufarar með mikla reynslu en auk þess hafa stelpurnar aðgengi að sálfræðingi, sjúkraþjálfara, kírópraktor en allir þessir leggja sína sérþekkingu til þannig að hægt sé að ná eins miklu út úr þessum miklu afrekskonun og hægt er fram að leikunum í London eftir tvö ár.

Stefán er bjartsýnn á frammistöðu stelpnanna í sumar og sér fram á bætingar hjá þeim báðum.

„Ásdís er í mjög góðu formi og það er engin ástæða til annars en að hún bæti sig vel í sumar. Evrópumeistaramótið er stærsta mótið hjá henni í sumar og hugsanagangurinn er að komast í úrslit. Ég veit að hún getur það og ég er alveg bjartsýnn á að hún geri það,“ segir Stefán.

„Ég er mjög bjartsýnn á Helgu því hún er alveg í hörkuformi,“ segir Stefán en leggur áherslu á að Helga sé aðeins 18 ára gömul og að hann sé enn að byggja upp rétta tækni hjá henni í nokkrum greinum. Helga tekur samt ekki þátt í heimsfræga tugþrautarmótinu í Götzis. „Helga er það góð að þeir munu heimta að fá hana eftir tvö til þrjú ár,“ segir Stefán.

Stefán leggur áherslu á að þó að það sé verið að hugsa til framtíðar þá verði stelpurnar að einbeita sér að nútímanun. Hann sér þó fleiri Ólympíuleika í spilunum.

„Við byggjum verkefnið á því að stefna á Ólympíuleikana í London en báðar þessar stelpur eru mjög ákveðnar í því að halda áfram og vera líka með á þarnæstu Ólympíuleikum. Báðar vita það að þær verða ekki á toppi ferils síns á næstu Ólympíuleikum og þá sérstaklega Helga sem er bara 18 ára og verður 21 árs á næstu Ólympíuleikum,“ segir Stefán að lokum.

ooj@frettabladid.is

pepsi deildin

Fimmtudaginn 20.maí

| | |
|---|---|
| Valur – Breiðablik<br>Vodafonevöllurinn | kl. 19:15 |
| Selfoss – Haukar<br>Selfossvöllur | kl. 19:15 |
| Fram – Grindavík<br>Laugardalsvöllur | kl. 19:15 |
| FH – ÍBV<br>Kaplakrikavöllur | kl. 19:15 |
| Keflavík – Fylkir<br>Njarðtaksvöllurinn | kl. 19:15 |
| Stjarnan – KR<br>Stjörnuvöllur | kl. 20:00 |



UTAN VALLAR
**Henry Birgir Gunnarsson**
segir sína skoðun

## *Er Eiður Smári virkilega ekki í nógu góðu formi?*

Það vakti eðlilega athygli í gær að Ólafur Jóhannesson landsliðsþjálfari skyldi ekki velja Eið Smára Guðjohnsen í landsliðið fyrir vináttulandsleikinn gegn Andorra. Það sem vekur kannski enn meiri athygli er ástæðan sem Ólafur gefur fyrir fjarveru Eiðs. Hann segir að Eiður sé ekki í formi.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Eiður missir af vináttulandsleik. Hingað til hefur ástæðan verið meiðsli eða Ólafur hefur einfaldlega gefið honum frí sem er munaður sem aðrir leikmenn búa ekki við.

Síðast nýtti Eiður fríið sitt meðal annars til þess að koma til Íslands þar sem hann lyfti sér upp.

Ég verð að segja fyrir minn smekk að mér finnst þessi ástæða sem Ólafur gefur fyrir fjarveru Eiðs vera afar veik. Eiður er ekki meiddur og æfir með einu besta knattspyrnuliði Englands. Ég veit ekki betur en að menn sem hafa það að atvinnu að æfa með slíku toppliði séu í góðu formi.

Eiður var þess utan að æfa viku lengur en þrír leikmenn hópsins sem koma úr ensku 1. deildinni. Ef eitthvað er þá ættu þeir að vera í lélegra formi en hann þar sem þeir fóru fyrr í frí. Það er eitthvað bogið við þetta. Þessi afsökun gengur ekki upp því Ólafur hefur áður valið Eið í landsliðshóp þó svo hann hafi ekki verið í toppformi.

Svo er Arnór Smárason í hópnum en hann er tiltölulega nýstiginn upp úr erfiðum meiðslum og hefur lítið sem ekkert spilað í allan vetur. Er hann í betra formi en Eiður? Ég stórefa það.

Það sem ég er að segja er að ég kaupi ekki þessa afsökun Ólafs sem er afar ódýr. Hún er reyndar meira en ódýr, hún er léleg. Ég skrifaði pistil um daginn þar sem ég hélt því fram að Eiður hefði landsliðsþjálfarann í vasanum. Ég get ekki séð að það hafi neitt breyst.

Ólafur refsar honum ekki fyrir að hafa farið frjálslega með síðasta frí. Hann velur Eið síðan ekki núna og er því raun að gefa honum frí. Það frá landsleik sem ég gef mér að Eiður hafi ekki verið allt of spenntur fyrir að spila ef við tökum mið af því hversu mörgum vináttuleikjum hann hefur misst af. Eiður er því eflaust himinlifandi með að fá gott sumarfrí.

Leikmaðurinn hefur enn yfirhöndina gagnvart þjálfaranum sem mér finnst vera áhyggjuefni þar sem þjálfarinn á að ráða. Landsliðsþjálfarinn er á hrakhólum með málstað sinn sem versnar með hverri afsökun. Þessi er sú lélegasta.




Fangaðu heiminn með Canon IXUS
DIGITAL IXUS
Frábær saga
er sögð með stíl.
IXUS sameinar fágað útlit og frumkvöðla ljósmyndatækni. Að taka frábærar myndir við allar aðstæður hefur aldrei verið auðveldara þar sem Scene Detection tækni velur á milli hentugustu tökustillingana eftir því hverjar aðstæður eru.
Allt að 14.1 megapixlar, val um 24 - 28 mm gleiðlinsa, snertiskjá og HD vídeó.
Taktu meira en myndir.
Taktu sögur.
Nánari upplýsingar á www.canon.nyherji.is
Vertu aðdáandi Canon á Íslandi á Facebook
Canon
Viðurkenndir Canon söluaðilar um land allt
ELKO Flugstöð Leifs Eiríkssonar / Reykjavík Sense Center, Kringlunni - Verslun Nýherja, Borgartúni 37 - ELKO Lindum & Skeifunni - Beco, Langholtsvegi 84 - Myndval, Mjódd - Fotoval, Skipholti 50b / Akureyri Pedromyndir - A4 / Húsavík Bókaverslun Þórarins / Ísafjörður Bókahornið - Penninn / Sauðárkrókur Tengill - Kaupfélag Skagfirðinga / Blönduós Kjalfell / Hvammstangi Ráðbarður / Grundarfjörður Hrannarbúðin / Stykkishólmur Skipavík / Borgarnes Omnis / Akranes Omnis / Reykjanesbær Omnis / Selfoss TRS / Höfn í Hornafirði Martölvan / Neskaupstaður Tónspil / Egilsstaðir Myndsmiðjan / Vestmannaeyjar Foto - Tölvun / Netverslun Nýherja, www.netverslun.is



**STEFÁN LOGI** Ekki í náðinni hjá landsliðsþjálfaranum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ólafur um Stefán Loga:

## Ummæli höfðu ekki áhrif á val

**FÓTBOLTI** Þau ummæli sem Stefán Logi Magnússon hefur látið hafa eftir sér í Noregi höfðu engin áhrif á val Ólafs Jóhannessonar á markvörðum landsliðsins.

„Ég er með tvo bestu markverðina í hópnum,“ sagði Ólafur en hann valdi þá Gunnleif Gunnleifsson og Árna Gaut Arason. „Þar sem ég vel bara tvo markverði er ekki pláss fyrir fleiri. Ég veit að Stefán Logi hefur verið að standa sig mjög vel í Noregi og er það bara gott mál.“

Nú fyrir stuttu lét Stefán Logi hafa eftir sér að hann ætti meiri möguleika á að komast í landsliðið sem miðvörður en markvörður.

„Ég hlusta ekki á þetta,“ sagði hann spurður um þessi ummæli. „Svona lagað hefur heldur engin áhrif á mitt val. Ég vel bara þá tvo bestu markverði sem ég á hverju sinni.“ - esá



**NÍGERÍUMENN** Erfitt að eiga við þá segir landsliðsþjálfarinn. NORDIC PHOTOS/GETTY

Vildi einn landsleik til:

## Okkar ekki beðið í röðum

**FÓTBOLTI** Ísland spilar aðeins tvo landsleiki í sumar, gegn Andorra og Liechtenstein. Eftir þá taka við þrír erfiðir leikir í undankeppni EM 2012.

„Auðvitað var það mín ósk að fá að spila „alvöru“ landsleik gegn sterkri þjóð,“ sagði Ólafur Jóhannesson landsliðsþjálfari. „En þessar þjóðir eru ekki í biðröðum eftir því að fá að spila við okkur. Við erum bara ekki hærra skrifaðir en það.“

KSÍ var þó nálægt því að fá landsleik gegn Nígeríu sem spilar á HM í sumar. „Það voru góðar líkur á því en eins og margir vita er oft erfitt að eiga við Nígeríumenn. Það gekk því miður ekki upp,“ sagði Ólafur. - esá

Ólafur Jóhannesson valdi Gylfa Þór Sigurðsson, leikmann Reading, í fyrsta sinn í A-landslið karla:

# Gagnrýnin vegna Gylfa var út í hött

**FÓTBOLTI** Ólafur Jóhannesson landsliðsþjálfari valdi Gylfa Þór Sigurðsson, leikmann Reading, í landsliðshópinn sem mætir Andorra um aðra helgi. Er það í fyrsta sinn sem Gylfi er valinn í A-landsliðið en Ólafur hefur verið gagnrýndur fyrir að velja hann ekki fyrr, til að mynda þegar Ísland mætti Kýpur í mars síðastliðnum.

„Þessi gagnrýni var út í hött. Ég hef aldrei átt kost á því að velja Gylfa í landsliðið. Fyrsti möguleikinn til þess var á móti Kýpur en þá var mikilvægur leikur hjá U-21 landsliðinu á sama tíma,“ sagði Ólafur. „Ég hef ekki valið þá í A-landsliðið þegar þeir eru að spila sjálfir með U-21 liðinu – ekki nema ég viti að ég ætli að nota þá sjálfur. Mér finnst ósanngjarnt gagnvart þeim að vera varamenn og taka jafnvel ekkert þátt í leiknum ef það þýðir að þeir missa af leik með U-21 landsliðinu í staðinn. Þess vegna var Gylfi ekki valinn í það skiptið.“

Ólafur segir að fram að þeim tíma hafi hann átt möguleika á að velja hann. „Hann fór ekki í gang fyrr en eftir áramót en þá komst hann í stuð. Fram að þeim tíma var liðið hans meira að segja í fallbaráttu í Englandi.“

Gylfi er einn margra ungra leikmanna sem voru valdir í landsliðið að þessu sinni. Þeirra á meðal eru Birkir Bjarnason sem hefur farið á kostum með Viking í Noregi að undanförnu sem og Kolbeinn Sigþórsson sem heillaði Ólaf mikið í hans fyrstu landsleikjum.



**GYLFI ÞÓR** Nýliði í íslenska landsliðinu. NORDIC PHOTOS/GETTY

„Ég valdi Kolbein fyrst fyrir leikina gegn Færeyjum og Mexíkó og sannaði fyrir mér í þessum tveimur leikjum að hann er tilbúinn að spila fyrir landsliðið. Ég var afar ánægður með hann í þessum leikjum og hann er framtíðarleikmaður landsliðsins.“ - esá

# Eiður Smári brást ekki trausti mínu

**Ólafur Jóhannesson landsliðsþjálfari valdi ekki Eið Smára Guðjohnsen í íslenska landsliðshópinn sem mætir Andorra um aðra helgi. Hann þvertekur fyrir að það sé vegna trúnaðarbrests á milli hans og Eiðs Smára.**

**FÓTBOLTI** Ólafur Jóhannesson tilkynnti í gær val sitt á landsliðshópi karla sem mætir Andorra í vináttulandsleik um aðra helgi. Helst vakti athygli að Eiður Smári Guðjohnsen var ekki valinn í hópinn að þessu sinni enda er hann hvorki meiddur né upptekinn með sínu félagsliði, Tottenham.

„Hann er ekki í formi til að spila þennan leik. Leikmenn á Englandi eru flestir farnir í frí og tók ég stöðuna á þeim. Ég mat það þannig að meðal annarra væri Eiður ekki í formi til að spila þennan landsleik,“ segir Ólafur sem þó valdi þrjá leikmenn í hópinn sem spila í ensku B-deildinni en tímabilinu þar lauk viku fyrr en í ensku úrvalsdeildinni.

Eiður Smári var síðast valinn í landsliðið fyrir vináttulandsleik gegn Kýpur í byrjun mars. Hann fékk frí í þeim leik vegna anna hjá félagsliði sínu, Tottenham. Eins og Fréttablaðið greindi frá á sínum tíma kom Eiður hingað til lands sama dag og landsliðið var á Kýpur. Hann flaug svo aftur til Englands degi síðar og fór á æfingu hjá Tottenham.

Ólafur lét þá hafa eftir sér í fjölmiðlum að hann vissi af þessu og ætlaði að skoða þetta mál nánar.

### Áttum gott spjall

„Við áttum gott spjall eins og maðurinn sagði,“ sagði Ólafur. „Það var ekkert í því sem kom mér á óvart.“

Spurður hvort Eiður hafi brugðist trausti hans svaraði Ólafur einfaldlega neitandi. „Það er vegna þess að hann fékk frí á þeim forsendum að hann væri að fara að æfa með Tottenham. Hann mætti á allar æfingar þar. Annað var ekki hluti af samkomulagi okkar.“

Ólafur sagði einnig að Eiður væri í sínum framtíðaráætlunum með landsliðið. „Eiður Smári gefur áfram kost á sér í landsliðið. Eiður Smári er besti fótboltamaður sem við eigum. Hann verður [aftur] valinn í landsliðið hjá mér – pottþétt,“ sagði Ólafur.

Spurður hvort besti fótboltamaður landsins eigi ekki að spila alla landsleiki sagði Ólafur að svo þyrfti ekki að vera. „Ef hann er ekki leikhæfur þá nota ég hann ekki.“

### Framtíðarlandsliðsmenn

Ólafur velur nú yngra og óreyndara landslið en oft áður. Meðalaldur leikmanna hefur nú lækkað um tæp fjögur ár frá þeim hópi sem var valinn fyrir leikinn gegn Kýpur og meðalfjöldi þeirra leikja sem leikmenn eiga að baki hefur næstum helmingast – úr 30,2 leikjum í 16,5.

„Þetta er spennandi og ungur hópur. Við eigum mikið af efnilegum strákum sem hafa verið að spjara sig vel með sínum liðum. Það er því ekkert óeðlilegt að áætla að það verði ákveðin kynslóðaskipti í liðinu,” sagði Ólafur.

„En að sjálfsögðu mun það ekki breytast að ég vel alltaf besta landsliðið hverju sinni. En hluti af því að gera þessa leikmenn tilbúna fyrir framtíðina er að þeir fái að spila svona leiki og öðlist þar með reynslu af því að spila með A-landsliðinu. Ég tel að þessir ungu strákar séu okkar framtíðarlandsliðsmenn, hvort sem ég verð áfram landsliðsþjálfari eða ekki.“

Leikur Íslands og Andorra fer fram á Laugardalsvelli laugardaginn 29. maí. eirikur@frettabladid.is



**LANDSLIÐSÞJÁLFARINN** Ólafur Jóhannesson á blaðamannafundi KSÍ í gær þar sem hann kynnti landsliðshópinn sinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> Eiður Smári gefur áfram kost á sér í landsliðið. Eiður Smári er besti fótboltamaður sem við eigum. Hann verður valinn í landsliðið hjá mér.
>
> **ÓLAFUR JÓHANNESSON**
> ÞJÁLFARI A-LANDSLIÐS KARLA

### Ný kynslóð í landsliðinu?

Ólafur Jóhannesson landsliðsþjálfari hefur valið ungt og óreynt landslið fyrir leikinn gegn Andorra annan laugardag. Hér er landsliðshópurinn skoðaður út frá mögulegum kynslóðaskiptum sem eru nú að eiga sér stað. Einnig eru nöfn þeirra sem ekki hlutu náð fyrir augum Ólafs að þessu sinni en hafa helst verið viðloðandi landsliðið undanfarin ár.

**„Ný“ kynslóð:**

| | |
|---|---|
| Ólafur Ingi Skúlason | 27 ára/11 leikir |
| Sölvi Geir Ottesen | 26/10 |
| Steinþór Freyr Þorsteinsson | 25/3 |
| Arnór Sveinn Aðalsteinsson | 24/4 |
| Skúli Jón Friðgeirsson | 22/2 |
| Rúrik Gíslason | 22/5 |
| Eggert Gunnþór Jónsson | 22/4 |
| Birkir Bjarnason | 22/0 |
| Arnór Smárason | 22/7 |
| Jón Guðni Fjóluson | 21/2 |
| Aron Einar Gunnarsson | 21/17 |
| Gylfi Þór Sigurðsson | 21/0 |
| Jóhann Berg Guðmundsson | 20/5 |
| Kolbeinn Sigþórsson | 20/1 |
| **Meðalaldur/meðalfj. leikja:** | **22,5/5,1** |

**Reyndir leikmenn:**

| | |
|---|---|
| Árni Gautur Arason | 35 ára/70 leikir |
| Gunnleifur Gunnleifsson | 35/16 |
| Heiðar Helguson | 33/47 |
| Veigar Páll Gunnarsson | 30/29 |
| Kristján Örn Sigurðsson | 30/44 |
| Indriði Sigurðsson | 29/52 |
| **Meðalaldur/meðalfjöldi leikja** | **32/43** |

**Leikmenn „í kuldanum“:**

| | |
|---|---|
| Brynjar Björn Gunnarsson | 35 ára |
| Eiður Smári Guðjohnsen | 32 |
| Bjarni Guðjónsson | 31 |
| Garðar Jóhannsson | 30 |
| Stefán Gíslason | 30 |
| Helgi Valur Daníelsson | 29 |
| Bjarni Ólafur Eiríksson | 28 |
| Kári Árnason | 28 |
| Pálmi Rafn Pálmason | 26 |
| Birkir Már Sævarsson | 26 |
| Ragnar Sigurðsson | 24 |

**Meiddir leikmenn**: Hermann Hreiðarsson, Grétar Rafn Steinsson, Emil Hallfreðsson og Bjarni Þór Viðarsson.



Panasonic
ideas for life



# FRUMSÝNING Á ÍSLANDI

## HÁSKERPUSJÓNVARP Í ÞRÍVÍDD

Sérfræðingur frá Panasonic, Rikard Fornback, verður á staðnum í dag milli kl. 14-18 og kynnir Panasonic þrívíddarsjónvarpið.

NeoPDP VIERA






Nýju 600 riða 3D NeoPDP plasma sjónvörpin framkalla framúrskarandi liti, alvöru svartan grunn og ómótstæðilega skýra mynd. Þökk sé milljónum upplýstra punkta og hröðum svartíma þá sérðu öll smáatriðin.



EVERYTHING MATTERS

Alltaf gæði og góð kaup!
STOFNAÐ 1971

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

## > Javier Bardem

„Ég bý á Spáni. Óskarsverðlaunaafhendingin er sýnd í sjónvarpi mjög seint á sunnudagskvöldi. Það horfir enginn á hana. Fólk les bara daginn eftir nöfn þeirra sem unnu.“

Javier Bardem fer með hlutverk í kvikmyndinni No Country For Old Men sem sýnd er á Stöð 2 Bíó kl. 22.10.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON HORFÐI Á UPPHITUNARÞÁTT FYRIR HM

# *Messi og Maradona sóluðu upp allan völlinn*

Fyrsti þátturinn af fjórum þar sem Þorsteinn J. hitar upp fyrir HM í fótbolta í Suður-Afríku var sýndur í Sjónvarpinu á þriðjudagskvöld. Þorsteinn er margreyndur í fótboltaþáttum sem þessum og hélt hann feykivel um stjórnartaumana eins og svo oft áður. Hann fór hratt og örugglega yfir sögu í tveimur riðlum með hjálp sérfræðinga sinna. Miðað við allar þær upplýsingar og þau innslög sem Þorsteinn kom á framfæri hefði þátturinn reyndar mátt vera aðeins lengri því stundum virtist hraðferðin vera einum of mikil.

Skemmtilegt var að fylgjast með umræðunum um Messi og Maradona og samanburðinum á þessum tveimur argentínsku snillingum. Hápunktur þáttarins var tvímælalaust þegar tvö svipuð myndskeið af þeim voru sýnd á sama tíma þar sem þeir sóluðu upp allan völlinn og skoruðu. Tvö eftirminnileg mörk sem munu lifa í minningu fótboltaáhugamanna um ókomna tíð.

Vonandi nær Messi að feta í fótspor lærifóður síns Maradona og sýna mögnuð tilþrif á HM í sumar og hver veit nema hann hampi styttunni eftirsóttu. Hann mætti þó sleppa því að ganga alla leið og nota „hönd guðs“, enda má Maradona alveg eiga einkaréttinn á henni.





**ÞORSTEINN J.** Þorsteinn J. hitar upp fyrir heimsmeistarakeppnina í fótbolta í Sjónvarpinu.

## FIMMTUDAGUR



▶ **19.45** How I Met Your Mother
STÖÐ 2



▶ **20.15** Gilmore Girls
STÖÐ 2 EXTRA



▶ **21.00** Royal Pains
SKJÁREINN



▶ **21.20** Aðþrengdar eiginkonur
SJÓNVARPIÐ



▶ **22.10** No Country For Old Men
STÖÐ 2 BÍÓ

## SJÓNVARPIÐ

**16.35 Stiklur - Í litadýrð steinaríkisins**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Hvaða Samantha?** (28:35) (Samantha Who?)
**17.55 Stundin okkar** (e)
**18.25 Loftslagsvinir** (9:10) (Klima nørd) Dönsk þáttaröð. Hvað er að gerast í loftslagsmálum? Og hvað getum við gert? Léttgeggjaði prófessorinn Max Temp og sonur hans velta fyrir sér ástandi jarðarinnar.
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.15 Castle** (5:10) (Castle) Bandarísk þáttaröð. Höfundur sakamálasagna er fenginn til að hjálpa lögreglunni þegar morðingi hermir eftir atburðum í bókum hans.
**21.00 Hrúturinn Hreinn** (Shaun the Sheep)
▶**21.10 Aðþrengdar eiginkonur** (130:134) (Desperate Housewives) Bandarísk þáttaröð um nágrannakonur í úthverfi sem eru ekki allar þar sem þær eru séðar.
**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
**22.15 Herstöðvarlíf** (Army Wives) Bandarísk þáttaröð um eiginkonur hermanna sem búa saman í herstöð og leyndarmál þeirra.
**23.00 Berlínaraspirnar** (1:8) (Berliner-poplene)
**23.50 Kastljós**
**00.25 Fréttir**
**00.35 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**06.15 Man in the Iron Mask**
**08.25 Buena Vista Social Club**
**10.10 Love Wrecked**
**12.00 Pokemon**
**14.00 Buena Vista Social Club** Einhver rómaðasta tónlistarmynd sögunnar.
**16.00 Love Wrecked**
**18.00 Pokemon**
**20.00 Man in the Iron Mask**
▶**22.10 No Country for Old Men**
**00.10 The Hoax**
**02.05 Privat Moments**
**04.00 No Country for Old Men**
**06.00 The Last Time**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.10 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Sjálfstætt fólk**
**10.55 Logi í beinni**
**11.50 Amazing Race** (6:11)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 NCIS** (16:19)
**13.45 La Fea Más Bella** (170:300)
**14.30 La Fea Más Bella** (171:300)
**15.15 The O.C.** (9:27)
**16.00 Barnatími Stöðvar 2:** Háheimar, Stuðboltastelpurnar, Scooby-Doo og félagar
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 The Simpsons** (17:22)
**18.23 Veður** Markaðurinn
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Two and a Half Men** (3:24)
▶**19.45 How I Met Your Mother** (20:20)
**20.10 Matarást með Rikku** (3:8) Friðrika Hjördís Geirsdóttir sækir heim þjóðþekkta Íslendinga, sem eiga það sameiginlegt að eiga í misjafnlega löngu en í öllum tilfellum alveg eldheitu ástarsambandi við matargerð.
**20.40 NCIS** (20:25) Spennuþáttaröð sem fjallar um sérsveit lögreglumanna sem starfar í Washington og rannsakar glæpi tengda hernum.
**21.25 Southland** (7:7) Hörkuspennandi lögregluþáttur sem fjalla um líf og störf lögreglumanna í Los Angeles. Söguhetjan er nýgræðingurinn Ben Sherman sem leyfir okkur að kynnast ísköldum raunveruleikanum.
**22.10 The Fixer** (5:6)
**23.00 Steindinn okkar**
**23.30 Twenty Four** (16:24)
**00.15 Cold Case** (19:22)
**01.00 The Mentalist** (18:23)
**01.45 Supernatural** (11:16)
**02.25 On A Clear Day**
**04.00 Vlad**
**05.40 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**15.50 NBA körfuboltinn: LA Lakers - Phoenix**
**17.50 Ensku bikarmörkin 2010** Farið yfir allar viðureignir umferðarinnar í ensku bikarkeppninni í knattspyrnu.
**18.20 Bestu leikirnir: ÍBV - Keflavík 21.09.97**
**18.50 Spænsku mörkin 2009-2010** Allir leikir umferðarinnar í spænska boltanum skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrifin á einum stað.
**19.45 Stjarnan - KR** Bein útsending frá leik Stjörnunnar og KR í Pepsi-deild karla í knattspyrnu.
**22.00 Pepsimörkin 2010** Sýnt frá öllum leikjum Pepsi-deildar karla og sérfræðingar Stöðvar 2 Sport, þeir Tómas Ingi og Maggi Gylfa, verða að sjálfsögðu á sínum stað. Allir leikirnir, öll mörkin og allt það helsta krufið til mergjar.
**23.00 Valero Texas Open** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi. Öll mót ársins á PGA mótaröðinni krufin til mergjar.
**00.00 Stjarnan - KR** Utsending fra leik Stjörnunnar og KR i Pepsi-deild karla i knattspyrnu.
**01.50 Pepsímörkin 2010**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**17.20 West Ham - Burnley** Útsending frá leik West Ham og Burnley í ensku úrvalsdeildinni.
**19.05 Season Highlights** Allar leiktíðir Úrvalsdeildarinnar gerðar upp í hröðum og skemmtilegum þætti.
**20.00 Premier League World** Flottur þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum og skemmtilegum hliðum.
**20.30 Coca Cola mörkin** Sýnt frá öllum leikjunum í Coca-Cola deildinni. Öll flottustu mörkin og tilþrifin á einum stað.
**21.00 Luis Enrique** Magnaðir þættir um marga af bestu knattspyrnumönnum sögunnar en í þessum þætti verður fjallað um Luis Enrique, fyrrum leikmann Barcelona a Spani.
**21.30 Premier League Review** Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni og allt það helsta úr leikjunum skoðað gaumgæfilega.
**22.25 Everton - Tottenham** Útsending frá leik Everton og Tottenham í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**17.20 Dr. Phil**
**18.05 America's Next Top Model** (4:12) (e)
**18.50 H2O** (2:26) Skemmtileg unglingaþáttaröð um þrjár sextán ára stelpur sem hugsa um fátt annað en föt, ströndina og stráka. En dag einn festast þær í dularfullum helli og líf þeirra breytist að eilífu.
**19.15 Game Tíví** (17:17)
**19.45 King of Queens** (15:24)
**20.10 Family Guy** (1:14) Teiknimyndasería með kolsvörtum húmor og drepfyndnum atriðum.
**20.35 Parks & Recreation** (3:13) Bandarísk gamansería með Amy Poehler í aðalhlutverki. Leslie á sæti í dómnefnd sem velur Ungfrú Pawnee en lendir í útistöðum við aðra dómara sem hafa ekki alveg sömu skoðun og hún á kvenlegri fegurð.
▶**21.00 Royal Pains** (5:13) Ný og skemmtileg þáttaröð um ungan lækni sem slær í gegn sem einkalæknir ríka fólksins í Hamptons. Hank og Divya eru send á einn flottasta veitingastaðinn í Hamptons til að taka berklapróf hjá öllu starfsliðinu.
**21.50 Law & Order** (4:22) Bandarískur sakamálaþáttur um störf rannsóknarlögreglumanna og saksóknara í New York. Maður er myrtur fyrir utan spítala þar sem hann var að fara að taka eiginkonu sína úr öndunarvél.
**22.40 Heroes** (17:19)
**23.25 Jay Leno**
**00.10 The Good Wife** (19:23) (e)
**01.00 King of Queens** (15:24) (e)
**01.25 Pepsi MAX tónlist**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Ingvi Hrafn heldur áfram að skoða stöðu viðskiptalífsins.
**21.00 Eitt fjall á viku** Í dag verður farin morgunganga á Úlfarsfell.
**21.30 Eldhús meistaranna** Magnús Ingi Magnússon mætir í eldhúsið á Veisluþjónustunni Soho.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 20.10**

### Matarást með Rikku



Friðrika Hjördís Geirsdóttir sækir heim þjóðþekkta Íslendinga, sem eiga það sameiginlegt að eiga í misjafnlega löngu en í öllum tilfellum alveg eldheitu ástarsambandi við matargerð. Rikka mun fylgjast með þessum sælkerum undirbúa eitt af sínum margrómuðu matarboðum.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**Parks and Recreation**

### Skjáreinn kl. 20.35



Bandarískir gamanþættir frá sömu framleiðendum og The Office. Í þáttunum er gert grín að því hvernig opinberir starfsmenn geta gert einfalda hluti mjög flókna. Amy Poehler leikur konu sem vinnur á bæjarskrifstofunni í Pawnee í Indiana. Almenningsgarðar og leiksvæði barna eru hennar sérsvið og hún tekur starfið mjög alvarlega. Samstarfsfólk hennar er frekar skrautlegt en það hafa ekki allir sama áhugann á starfinu og Leslie.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt- að morgni dags.
**07.30** Fréttayfirlit
**08.05** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Litla flugan
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Hádegisútvarpið
**12.20** Hádegisfréttir
**13.00** Stjórnmálin og hrunið
**14.03** Allir í leik
**15.03** Útvarpssagan: Mammon í gættinni
**15.25** Mánafjöll
**16.05** Víðsjá
**17.00** Fréttir
**18.16** Spegillinn
**18.50** Veðurfregnir
**19.00** Úr gullkistunni
**19.27** Listahátíð í Reykjavík 2010
**22.10** Orð kvöldsins
**22.15** Útvarpsperlur: Hann er gersemi
**23.25** Bláar nótur í bland
**00.05** Næturtónar

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 91,9** Kaninn
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

## EXTRA

**19.30 The Doctors**

▶**20.15 Gilmore Girls** (19:22) Lorelai Gilmore er einstæð móðir sem býr í góðu yfirlæti í smábænum Stars Hollow ásamt dóttur sinni Rory. Þar rekur hún gistiheimili og hugsar vel um vini og vandamenn.

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

**21.50 Grey's Anatomy** (22:24) Sjötta sería þessa vinsæla dramaþáttar sem gerist á skurðstofu á Grace-spítalanum í Seattle-borg þar sem starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar. Flókið einkalíf ungu læknanna á það til að gera starfið ennþá erfiðara.

**22.35 Ghost Whisperer** (15:23) Magnaður spennuþáttur með Jennifer Love Hewitt í hlutverki sjáandans Melindu Gordon sem rekur antikbúð í smábænum Grandview. Hún á þó erfitt með að lifa venjulegu lífi þar sem hún þarf stöðugt að takast á við drauga sem birtast henni öllum stundum.

**23.20 Goldplated** (6:8) Bresk þáttaröð í anda Footballer's Wives og Mile High. Hér er sagt frá skrautlegu lífi ungra glæsikvenna sem hafa þau einu framtíðaráform að gifta sig til fjár. En það sem verra er að þær kæra sig kollóttar um hvaðan auður nýju herranna kemur.

**00.10 The Doctors** The Doctors eru glænýir spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir framúrskarandi læknar – sérfræðingar á fjórum ólíkum sviðum – veita afar aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur.

**00.55 Gilmore Girls** (19:22)

**01.40 Sjáðu**

**02.10 Fréttir Stöðvar 2**

**03.00 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.15** The Black Adder **12.50** My Hero **13.20** My Hero **13.50** The Green Green Grass **14.20** The Green Green Grass **14.50** The Black Adder **15.25** The Inspector Lynley Mysteries **16.15** EastEnders **16.45** The Weakest Link **17.30** The Green Green Grass **18.00** The Visit **18.30** The Inspector Lynley Mysteries **19.15** Dalziel and Pascoe **20.05** The Visit **20.35** Strictly Come Dancing **21.50** Strictly Come Dancing **22.40** Robin Hood

## DR 1

**10.35** Aftenshowet **11.00** Aftenshowet 2. del **11.30** Seinfeld **12.00** Hvad er det værd? **12.30** Spise med Price **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **14.05** Family Guy **14.30** Disney's Substitutterne **14.55** Minisekterne **15.00** Magnus og Myggen **15.15** Benjamin Bjørn **15.30** Fandango **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Rabatten **18.00** Jamie Olivers Amerika **19.00** TV Avisen **19.25** Jersild Live **19.50** SportNyt **20.00** Danny the Dog **21.35** Kroniken **22.35** Boogie Mix

## NRK 1

**10.40** Dallas **11.25** Urix **11.45** Norge rundt **12.10** Par i hjerter **13.00** NRK nyheter **13.10** Dallas **14.00** Derrick **15.00** NRK nyheter **15.10** Harry - seks år og kokkelærling **15.40** Oddasat **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Førkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.45** Schrödingers katt **18.15** Fiskere med slips **18.45** Glimt av Norge **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Debatten **20.30** Nurse Jackie **21.00** Kveldsnytt **21.15** Heksedansen **22.00** Mesternes mester **23.00** Solgt!

## SVT 1

**10.35** Flyttlasset går **11.05** Fråga doktorn **12.30** Eurovision countdown 2010 **13.00** Inför Eurovision Song Contest 2010 **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Så ska det låta **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Mitt i naturen **18.30** Landgång **19.00** Plus **19.30** Nära djuren **20.00** Historiens smartaste svindlare **20.50** Ouppklarat **21.20** Livvakterna **22.20** Uppdrag Granskning **23.20** True Blood


PIPAR\TBWA • SA

# Meistaradagur verkfræðinga og tölvunarfræðinga 2010

**fimmtudaginn 20. maí kl. 12.00–18.00 í VR-II**



**VERKFRÆÐI- OG NÁTTÚRUVÍSINDASVIÐ**

**Dagskrá: Sameiginlegur fundur í stofu V-158**

**12.00 Setning:** Ólafur Pétur Pálsson, forseti IVT deildar HÍ

**12.05–13.00 Öskugos og flugsamgöngur**

*Stjórnun flugumferðar í öskugosi:* Reynir Sigurðsson, framkvæmdastjóri flugleiðsögu- og flugvallasviðs Flugmálastjórnar
*Áhrif gosösku á þotuhreyfla:* Jens Bjarnason, framkvæmdastjóri ITS
*Áhrif eldgosa á flugrekstur og flugumferð:* Matthías Sveinbjörnsson, deildarstjóri rekstrarstýringar Icelandair

**13.15–16.45 Meistaravarnir og kynningar (V-158)**

13.15 Ólína Kristín Sigurgeirsdóttir – Byggingaverkfræði
Stagbrú yfir Ölfusá (Meistarakynning)

Jón Guðni Guðmundsson – Byggingaverkfræði
Jarðskjálftagreining á samverkandi stálbitabrú (Meistarakynning)

14.15 Mario Alejandro Rodas Talbott – Umhverfisverkfræði
Preliminary environmental impact assessment for the Chachimbiro geothermal field, Ecuador, a case comparison with Icelandic experience (Meistarakynning)

15.15 Guðbjörg Esther G. Vollertsen – Umhverfisverkfræði
Removal of heavy metals in a wet detention pond in Reykjavik (Meistaravörn)

16.15 Óskar Gísli Sveinsson – Byggingaverkfræði
Implementation of the earned value and earned schedule methods for project cost and schedule control in the Icelandic construction industry (Meistarakynning)

**Meistaravarnir og kynningar (V-157)**

Hinrik Ingi Hinriksson – Rafmagns- og tölvuverkfræði
Bestun MIMO PID stýringa (Meistarakynning)

Erna Sigurgeirsdóttir – Véla- og iðnaðarverkfræði
Analysis of claim frequency and claim size using the Bayesian approach (Meistaravörn)

Einar Máni Friðriksson – Tölvunarfræði
Interactive exploration and analysis of Icelandic health care data using OLAP (Meistaravörn)

Marta Rós Karlsdóttir og Snjólaug Ólafsdóttir – Vélaverkfræði og umhverfisverkfræði
World Geothermal Congress 2010 Bali
Samantekt

**16.45–18.00 Léttar veitingar og spjall**

Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.

HÁSKÓLI ÍSLANDS
VERKFRÆÐISTOFNUN

## MORGUNMATURINN



*„Það eru Kellogs kornflögur. Auðvelt og fljótt. Gott þegar maður er að drífa sig.“*

Linda Ósk Guðmundsdóttir hönnuður.

# Prumpa meira eftir prótínþamb

Harka er hlaupin í íslenska prótíndrykkjamarkaðinn eins og Fréttablaðið greindi frá í gær. Íslensku prótíndrykkirnir Hámark og Hleðsla eru með yfirburðastöðu á markaðnum samkvæmt tölum frá Capacent og eru báðir auglýstir sem vinsælasti prótíndrykkur landsins. Prótínmarkaðurinn stækkaði um 433 prósent með tilkomu íslensku drykkjanna.

Fréttablaðið hafði samband við Einar Oddsson lækni sem staðfesti að neysla á prótíndrykkjum sé mjög algeng orsök vindgangs. Þegar tekið er tillit til gríðarlegrar söluaukningar á slíkum drykkjum má slá því föstu að vindgangur er vandamál í gríðarlegri sókn á Íslandi. En er prótíndrykkjaneysla algeng greining á vandamálum fólks?

„Það fer eftir sjúklingahópnum sem þú ert að fást við,“ segir Einar. „Það er algengt að yngra fólk sé að drekka prótíndrykki – í sambandi við æfingaprógramm og þess háttar. Það er slatti af fólki sem notar talsvert mikið af þessu, í vaxtarrækt og lyftingum og þess háttar. Þetta er mishollt fyrir fólk.“

Og má búast við að þetta fólk reki meira við en meðalmaðurinn?

„Já (hlær). En við höfum svo sem ekki mælingar á því.“

- afb



**LEYSUM VIND** Rithöfundurinn Egill Gillzenegger, fótboltakonan Katrín Jónsdóttir og útvarpsmaðurinn Ívar Guðmundsson hafa öll auglýst prótíndrykki. Sagan segir að vöðvatröllið Gaz Man hafi fengið viðurnefni sitt eftir mikla neyslu prótíns.



**LÁRÉTT**
**2.** Listastefna, **6.** frá, **8.** tugur, **9.** fljótfærni, **11.** númer, **12.** urga, **14.** jarðríkis, **16.** hvað, **17.** form, **18.** ennþá, **20.** tveir eins, **21.** uppspretta.

**LÓÐRÉTT**
**1.** kvenklæðnaður, **3.** bardagi, **4.** rafall, **5.** for, **7.** fuglategund, **10.** gerast, **13.** pili, **15.** dreifa, **16.** gyðja, **19.** ónefndur.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** dada, **6.** af, **8.** tíu, **9.** ras, **11.** nr, **12.** ískra, **14.** heims, **16.** ha, **17.** mót, **18.** enn, **20.** rr, **21.** lind.

**LÓÐRÉTT: 1.** sarí, **3.** at, **4.** dínamór, **5.** aur, **7.** fasháni, **10.** ske, **13.** rim, **15.** strá, **16.** hel, **19.** nn.

## VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á síðu 8

1. Ólöf Nordal sækist eftir varaformannsembættinu.
2. Framsóknarmenn vilja að grunnskólabörnum verði gefinn hafragrautur og lýsi.
3. Ásgeir Börkur Ásgeirsson Fylki er leikmaður annarrar umferðar.

ENDURNÝJUN OG VIÐHALD
Löggiltur rafverktaki
Sími:
553 5600
rafsol@rafsol.is
RAFSÓL
Skúlagata 30 • 101 Reykjavík
Sími 553 5600 • rafsol@rafsol.is

IMAGE FUDGE
Þú kemst fljótt að!
...en þú getur líka pantað tíma
FUDGE IMAGE
Rakarastofan Klapparstíg
S: 551 3010

RAGNAR BRAGASON: SKRIFAR HANDRIT AÐ ÞREMUR KVIKMYNDUM

# Kannar hugarheim kvenna í væntanlegum þríleik

„Ég er bara að reyna að tengjast konunni í sjálfum mér,“ segir Ragnar Bragason leikstjóri.

Ragnar er um þessar mundir að ganga frá handriti að fyrsta hluta í því sem hann kallar kvennaþríleik. Vinnutitill fyrstu myndarinnar er Járnhaus og fjallar um stúlku á sveitabæ úti á landi á níunda áratugnum, sem dreymir um að verða þungarokkstjarna. Ragnar segir kvikmyndaheiminn karllægan þar sem flestir sem gera kvikmyndir og skrifa handrit séu karlmenn.

„Ef karlmaður skrifar handrit, þá skrifar hann það oftast út frá sinni eigin reynslu eða hugarheimi,“ segir Ragnar. „Stærstur hluti kvikmynda er byggður á reynsluheimi karla. Okkur vantar allar hinar sögurnar. Það eru óteljandi sögur af konum.“

Síðustu verkefni hefur Ragnar unnið að miklu leyti í hópi karla. Vaktaserían og kvikmyndin Bjarnfreðarson eru skrifaðar af Ragnari ásamt fjórum karlmönnum og fjalla um karlmenn. En réðst Ragnar í gerð kvennaþríleiks vegna utanaðkomandi þrýstings?

„Meinarðu frá femínistum?“ spyr Ragnar.

Tja, eða konum almennt?

„Nei, alls ekki. Fyrsta myndin sem ég gerði var með kvenpersónur í aðalhlutverkum,“ segir hann og vísar í kvikmyndina Fíaskó frá árinu 2000. „Maður er alltaf forvitinn um það sem maður þekkir ekki – það sem maður er ekki sjálfur. Konur þykja mér oft forvitnilegri en karlmenn.“

Ragnar segist eiga erfitt með að hugsa um eina mynd í einu. Það endurspeglast í verkefnum hans. Kvikmyndin Foreldrar fylgdi á eftir Börnum og Vaktaserían varð þríleikur og kvikmynd. „Ég fékk þrjár hugmyndir með skömmu millibili sem hafa verið að þróast og fjalla um konur. Hvort sem þær verði á endanum tengdar eða ekki,“ segir hann.

Ragnar stefnir á að hefja tökur á næsta ári, en það veltur, eins og svo margt annað, á fjármögnun. „Það er allt í biðstöðu í þessum bransa út frá óvissunni sem við stöndum fyrir; úr hvaða fé er að spila,“ segir hann. „Við urðum fyrir gríðarlegum niðurskurði á síðasta ári og það hefur verið bent rækilega á síðustu mánuði hvað er efnahagslega rangt að skera kvikmyndagerð svona niður. Ef stjórnvöld sjá að sér og sjá ljósið þá verður þessi mynd vonandi gerð á næsta ári.“

atlifannar@frettabladid.is



**STÓRT VERKEFNI Í BÍGERÐ** Ragnar er að leggja lokahönd á handrit kvikmyndar sem verður sú fyrsta í þríleik um konur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Eurovision-hópurinn með Heru Björk í broddi fylkingar hefur í nægu að snúast úti í Noregi. Í gær heimsótti hópurinn grunnskóla en þar höfðu krakkarnir fræðst um Ísland og fluttu fyrirlestur um landið fyrir hópinn. Hera tók svo að sjálfsögðu lagið fyrir krakkana og flutti Krummi svaf í Klettagjá og að sjálfsögðu Je Ne Sais Quoi á meðan bakraddasöngvarinn **Pétur Örn** lék undir á gítar…



Pétur þykir afar fyndinn maður og er hann búinn að halda uppi stemningunni í hópnum í Noregi. Eftir heimsóknina í grunnskólann tók við æfing í söngskóla **Siggu Beinteins** og því næst lá leiðin til Örnu Grétarsdóttur, prests Íslendinga í Noregi. Nóg er um veisluhöld en á þriðjudag var hópnum boðið í grill hjá Íslendingafélaginu í Ósló. Í gærkvöldi lét hópurinn svo sjá sig í serbneska sendiráðsbústaðnum, en þar hitti Hera keppinaut sinn úr fyrri undanriðlinum.



Æfingar eru hafnar á leikverkinu Enron í Borgarleikhúsinu. Þar á bæ ættu menn að vera orðnir vanir efnahagslegum hörmungum eftir að hafa eytt nokkrum sólarhringum í lestur rannsóknarskýrslunnar. Þeir sem hafa litið inn á æfingar telja raunar að það sé jafnvel nánast enginn munur á innihaldi skýrslunnar frægu og leikritsins um Enron sem **Stefán Jónsson** leikstýrir.

Töluverð tónlist er í verkinu en það eru trommufélagarnir Helgi Svavar Helgason úr Flís og **Sigtryggur Baldursson** sem sjá um hana. Sigtryggur er auðvitað orðinn nokkuð nátengdur fjármálahruninu því hann stóð fyrir baráttutónleikum fyrir nímenningana frægu á laugardaginn en tengdasonur trymbilsins er einmitt einn þeirra sem er kærður fyrir árásina á Alþingi.



- afb, fgg

# Laurie Anderson treður upp í Stykkishólmi

„Þetta er í raun stórviðburður að Laurie Anderson sé að koma hingað,“ segir Ragnheiður Óladóttir, forstöðumaður Vatnasafnsins og Amtbókasafnsins í Stykkishólmi.

Bandaríski listamaðurinn Laurie Anderson ætlar að flytja gjörning og spila tónlist í Vatnasafninu í Stykkishólmi á laugardaginn og verður þetta í fyrsta sinn sem hún kemur hingað til lands. Anderson sló í gegn í listheiminum á níunda áratugnum og er einnig þekkt fyrir að vera eiginkona tónlistarmannsins Lou Reed. „Hún er ein af þeim fyrstu sem notuðu margmiðlun í list sinni. Hún er mikil gjörningamanneskja og fjöllistakona. Hún er líka mjög skemmtileg og fyndin,“ segir Ragnheiður. „Hún er mjög þekkt á meðal listamanna og um leið og það fréttist af þessum viðburði varð strax uppselt.“

Aðeins um eitt hundrað manns sjá gjörninginn, enda fer hann fram í sérstöku rými Vatnasafnsins þar sem aðeins fjörutíu sæti eru í boði. „Vatnasafnið er listaverk sem var komið fyrir í gamla bókasafninu í Stykkishólmi,“ segir Ragnheiður. „Hún verður þarna innan um glersúlur sem eru fylltar með jöklavatni úr íslenskum jöklum og mun flytja þar þennan gjörning.“

- fb




**LAURIE OG LOU** Laurie Anderson ásamt eiginmanni sínum, tónlistarmanninum heimsfræga, Lou Reed. Laurie flytur gjörning í Vatnasafninu á laugardaginn. NORDICPHOTOS/GETTY

ESJA

**HEIMURINN HEFUR BREYST !** VIÐ BREYTUMST LÍKA OG HÖFUM HANNAÐ GLÆSILEGAN ÚTIVISTARFATNAÐ SEM PASSAR MARGBREYTILEGUM HEIMI. FATNAÐURINN ER NOTADRJÚGUR OG FALLEGUR EINS OG ESJA, BORGARFJALL REYKJAVÍKUR SEM HANN ER NEFNDUR EFTIR. SÍÐAST EN EKKI SÍST ER VERÐIÐ SANNGJARNT.

**KYNNINGARTILBOÐ!** 15% AFSLÁTTUR BARA ÞESSA HELGI.



## VARMI

Kvenjakki úr teygjanlegu míkróflísefni. Hægt að nota sem topp eða til að halda hita undir yfirhöfn. Litir: Rautt, Steingrátt og Perluhvítt.

~~Verð 6.990,-~~

Nuna **5.942,-**

♀♂



♀♂

## TINDUR

Stuttur, hlýfóðraður kvenjakki sem smellpassar íslensku veðurfari. Vatns- og vindheldur. Litir: Rautt, Svart og Perluhvítt.

~~Verð 19.990,-~~

Nuna **16.990,-**



♀♂

## SKJÖLDUR

Mjög léttur sumarjakki með sérstaka veðurvörn. Öndunarefni með 100% vatns- og vindvörn. Góður yfir flís- og ullarfatnað.
Litir: Svart og Steingrátt

~~Verð 14.990,-~~

Nuna **12.749,-**

SKOÐIÐ ÚRVALIÐ:

GULA HÚSIÐ
FAXAFENI 8

WWW.MT-ESJA.IS

nj@ranga.dk

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VISIR.IS

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Pósthúsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



vísir.is
„...ég sá það á vísi"


## FRÉTTIR AF FÓLKI



### 12 stig frá Þjóðverjum

Á meðan **Hera Björk** og félagar í Eurovision-hópnum undirbúa sig af kappi í Noregi stendur yfir kosning á stærstu Eurovision-vefsíðu heims, ESCToday.com. Þar skila allar Evrópuþjóðirnar inn atkvæðum eins og í aðalkeppninni, en keppnin hefur staðið yfir síðustu vikur. Þjóðverjar kunna að meta íslenska lagið, gefa því 12 stig, en frændur okkar í Svíþjóð gáfu laginu sjö. Eins og staðan er í dag er Ísland í 5. sæti með 130 stig, en Danmörk er með góða forsystu í fyrsta sæti með 220 stig.

### Ráðherra á þönum

**Gylfi Magnússon,** efnahags- og viðskiptaráðherra, er á miklum þeytingi þessa dagana. Hann fór utan til Noregs á mánudag og kom heim um miðnæturbil í gær. Í dag byrjar ráðherrann daginn á morgunverðarfundi Samkeppniseftirlitsins um yfirtöku banka og atvinnufyrirtækja klukkan hálf níu. Sem betur fer fyrir Gylfa er hann fyrsti frummælandi á fundinum því tæpum tveimur tímum síðar verður hann að vera kominn upp í viðskiptaráðuneyti við Sölvhólsgötu til að kynna niðurstöður úttektar svissneska háskólans IMD á samkeppnishæfni þjóð. **- afb, jab**



### Mest lesið vísir.is

1. „Ég vil að allir sjái mynd af þessu tæki"
2. Piltur kærir nauðgun
3. Rannsaka andlát tveggja barna á spænsku hóteli
4. Fjölskyldufólk í áfalli eftir hópslagsmál í Kórahverfinu
5. Franklin Stiner dæmdur í fangelsi


Fréttablaðið er með 180% meiri lestur en Morgunblaðið.




Allt sem þú þarft...

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18–49 ára. Könnun Capacent í febrúar til apríl 2010.








nýtt kortatímabil VISA

B&S
KONUR

B&S Kringlunni 553 4141

20 til 30%
afsláttur af öllum vörum

BOSS HUGO BOSS
HUGO HUGO BOSS
RALPH LAUREN
SAND





30% afsláttur af öllum vörum frá hummel

20% afsláttur af öllum vörum frá bisgaard POLO RALPH LAUREN TICKET TO HEAVEN

ENGLABÖRNIN
Falleg föt á stelpur og stráka...
Kringlunni sími 552 2201